



FRÉTTABLAÐIÐ

21. júlí 2005 - 195. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Blöð, lekar, morð

Nú situr þekktur bandarískur blaðamaður í fangelsi fyrir að neita að rjúfa trúnað við heimildarmann, sem óskaði nafnleyndar.



Í DAG 18

FH úr leik í meistaradeildinni

Lið Neftchi frá Aserbaidsjan lagði í gær FH í Kaplakrika og komst þar með áfram í 2. umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu en FH-ingar sitja eftir með sárt ennið. Tapið er mikil vonbrigði fyrir íslenska knattspyrnu.



ÍPRÓTTIR 42


Vandlátur flotræfll

Magnús Friðrik Ólafsson er afar liðtækur í eldhúsinu og er hinn eini sanni Grill-Guðjón á sínu heimili. Hann er líka í matarklúbbi sem kallast Flotræfilsfélagið en það gengur út á að vikka sjóndeildarhringinn þegar kemur að matargerð. Allar sósar eru á bannlista hjá honum og líka kjötfars.



MATUR 36

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVIDRI EÐA HAFGOLA ÁFRAM.

Yfirleitt bjart á landinu og fremur hlýtt í veðri. Hætta á þokubökkum með ströndum.

VEÐUR 4

Pólskir verkamenn á Akranesi fá tæpar 300 krónur á tímann

Verkalýðsfélag Akraness leggur fram kæru á hendur Sputnikbátum í dag vegna starfa fimm Pólverja sem formaður félagsins segir að fái tæpar 300 krónur í laun á tímann. Ágreiningur er um hvort mennirnir stundi hefðbundna launavinnu eða starfi samkvæmt samningi um þjónustuviðskipti.



HÖFNIN Á AKRANESI Sputnikbátar notast við erlent vinnuafli og líta aðrir atvinnurekendum öfundaraugum til hennar enda greiðir hún sem nemur rúmum tveimur milljónum króna fyrir fimm verkamenn í þrjú mánuði.

verjar starfi 250 klukkustundir í hverjum mánuði. „Þessir menn hafa engin atvinnuleyfi og forráðamenn vísa í dóminn sem féll vegna erlendra starfsmanna GT verktaka við Kárahnjúka. Á meðan hafa aðrir atvinnurekendum komið að máli við mig og bíða spennir eftir niðurstöðu þess hvort þetta sé löglegt og eðlilegt því þá hyggjast þeir leika sama leik. Það sé eina leiðin til að vera samkeppnishæfir enda eru umræddir Pólverjar með rúmlega 70 þúsund krónur á mánuði. Það þýðir tæplega 300 krónur á tímann og ef komist verður að þeirri niðurstöðu að þetta sé löglegt og eðlilegt munu örlög fjölmargra íslenskra verkamanna verða ráðin.“ Vilhjálmur segir það aðför að íslensku samfélagi verði þetta látið viðgangast.

Verkalýðshreyfingin hefur sent Vinnuálastofnun erindi vegna þessa máls en Gissur Pétursson, forstjóri hennar, hafði ekki yfirfarið öll gögn málsins þegar í hann náðist. „Við leggjumst yfir gögnin núna og skoðum hvað þarna er á ferð. Í fljótu bragði virðist vera álitamál hvort þetta sé hefðbundin launavinna eða einhvers konar þjónustuviðskipti en þetta er keimlíkt öðrum málum sem valdið hafa ágreiningi.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Sputnikbáta segir allt með felldu við samning Pólverjanna. „Þarna er um hefðbundinn þjónustusamning að ræða sem er ekkert öðruvísi en aðrir slíkir“.

-a6e



SKÁTAR Á TRÖNUM Þeir Hákon og Brynjar í skátafélaginu Kópum litu niður frá vinnu sinni í gær en þeir voru í óða önn að byggja hlið fyrir félagssvæði sitt. Landsmót skáta stendur nú yfir við Úlfliótsvatn, þar eru þegar saman komnir um þrjú þúsund skátar. Næstu daga mun fjölga verulega í tjaldbúðum skátanna sem verður stærsta þorp á Suðurlandi þessa viku sem mótið stendur yfir. Sjá síðu 12

Kjarasamningur felldur: Ósáttir við starfsmatið

KJARASAMNINGAR Félagar í Starfsmannafélagi Kópavogs felldu kjarasamning við bæinn með 55 prósentum atkvæða í kosningu þar sem 20,8 prósent félagsmanna kusu.

„Þetta er sami samningur og önnur félög hafa verið að samþykkja,“ segir Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, formaður félagsins. „Það virðist vera sem félagar Starfsmannafélags Kópavogs miði sig við Reykjavík,“ segir Jófríður og telur að óánægja með starfsmat hafi orðið til þess að samningurinn var felldur. Starfsmatið færir bæjarstarfsmönnum í Kópavogi lakari kjör en borgarstarfsmönnum.

Jófríður ræddi við formann launanevndar sveitarfélaga í gær og segir líklegt að vegna fría gerist ekkert í málinu fyrr en eftir verslunarmannahelgi.

-bpg

Tveir fyrrum fangar segja 180 Afgana neita mat og drykk:

Hungurverkfall í Guantánamo

AFGANISTAN, AP Um 180 afganskir fangar í Guantánamo eru komnir í hungurverkfall til að mótmæla illri meðferð í fangelsinu og knýja á um lausn sína, segja tveir fangar sem var sleppt í gær.

„180 afganskir fangar borða hvorki né drekka,“ sagði Habir Russol, sem var fluttur frá Guantánamo á mánudag og sleppt í heimalandi sínu Afganistan í gær. „Sumir fanganna segjast hafa verið beittir harðræði í yfirheyrslum. Sumir segjast saklausir. Þeir mótmæla því að hafa verið í haldi í fjögur ár og vilja fá frelsi á ný,“ sagði hann.

Russol og Moheb Ullah Borekzai, sem var sleppt með honum, segja hungurverkfallið hafa hafist fyrir tveimur vikum.



BOREKZAI OG RUSSOL Mönnunum tveimur var sleppt í gær

Neil Koslowe, bandarískur verjandi tólf Kúveita sem er haldið í Guantánamo, segir fjölda fanga hafa skýrt sér frá

því þegar hann heimsótti Guantánamo fyrir nokkru að fjöldi manna hefði farið í hungurverkfall. ■

LANDIÐ ALLT

Lestur á fimmtudögum 20–40 ára*

70% Fréttablaðið

39% Mbl.

21% Blaðið

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á fimmtudögum.

16 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Allar nánari upplýsingar: www.hoteledda.is | Sími 444 4000



SPURNING DAGSINS

Hrafn, stafar krummanum ógn af minnknum?

Ég er viss um að í þessari samkeppni verður krumminn sér ekki til minnkunar.

Hrafn Gunnlaugsson lét aflífa nokkra minnka við heimili sitt í Laugarnesinu.

Rjúpnastofnin hefur ríflega þrefaldast á tveimur árum:

Veiðar á rjúpu hefjast á ný

RJÚPNAVEIÐAR Rjúpnaveiðar hefjast aftur í haust, Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra tilkynnti ákvörðun sína þess lútandi í gær. Enn liggur ekki fyrir hversu margar rjúpur verður heimilt að veiða en reglugerð um veiðarnar lítur dagsins ljós í lok næsta mánaðar eða byrjun september.

Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, er ánægður með tíðindin og segir skotveiðimenn hafa átt von á þessu þar sem niðurstöður rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands bendi til þess að

rjúpnastofninn hafi meira en þrefaldast á síðustu tveimur árum. Hann er einnig ánægður með þær breytingar sem liggja fyrir varðandi stjórn á veiðum.

„Það liggur fyrir að sala á rjúpu verði óheimil og því fögnum við skotveiðimenn en við teljum nauðsynlegt að reyna að stemma stigum við magnveiðum, því sem stundum er kallað græðgisveiðar því við leggjum áherslu á að skotveiði er frístundariðja öðru fremur,“ segir Sigmar.

Hann segist eiga von á því að flestir séu sáttir við þessa ákvörðun ráðherrans.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



RJÚPA Rjúpnaveiðar hefjast á ný 15. október.

Landbúnaðarstofnun:

Jón Gíslason ráðinn forstjóri

LANDBÚNAÐUR Guðni Ágústsson hefur skipað Jón Gíslason forstjóra Landbúnaðarstofnunar til fimm ára frá 1. ágúst næstkomandi. Alls sóttu 23 um starfið. Jón er næringarlífisfræðingur og hefur síðustu ár starfað hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel.

Landbúnaðarstofnun er ný stofnun sem mun hafa með höndum störf yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlitsins, kjötmatsmanns, plöntueftirlitsins og ýmis stjórnisráðgjafna sem Bændasamtök Íslands hafa farið með til þessa. ■

Ógnað í yfirheyrslum

Arna Ösp Magnúsdóttir Palestínufari, er komin til Lundúna en hún var þrjátíu klukkustundir í haldi ísraelskra yfirvalda eftir komu sína til Tel Aviv á mánudag. Mátti Arna sæta tíu klukkustunda yfirheyrslu áður en henni var vísað úr landi.

MIDAUSTURLÖND „Ég var óörugg um mína stöðu enda fékk ég aldrei upplýsingar um hvað gerðist næst,“ segir Arna Ösp Magnúsdóttir, tvítugur Palestínufari. Arna er komin til Lundúna eftir að ísraelsk yfirvöld handtóku hana á flugvelli í Tel Aviv í Ísrael á mánudag.

Örnu var haldið af lögreglu í þrjátíu klukkustundir áður en henni var vísað úr landi. „Vegabréfið og töskurnar mínar voru teknar af mér þegar ég kom á flugvöllinn og ég færð til yfirheyrslu,“ segir Arna Ösp. „Þar var mér haldið í tíu klukkustundir, með einu stuttu hléi þegar ég fékk samloku að borða.“

Að sögn Örnu var henni gefið að sök að hafa veitt hryðjuverkamönnum aðstoð. „Mest af yfirheyrslunni snerist um að fá nöfn og upplýsingar um annað fólk, en minnst um hvað ég væri að gera eða ætlaði að gera.“ Arna segist hafa upplifað yfirheyrsluna sem yfirþyrmandi og ógnandi. Þá hafi henni verið hótad. „Einn þeirra sem yfirheyrðu mig sagðist hafa fengið leyfi yf-

irmanns síns til þess að gera við mig hvað sem hann vildi ef ég væri ekki samvinnuþýð.“

Arna segir bönir hennar um að fá að hafa samband við ræðismann Íslands og fjölskyldu sína ekki hafa verið virtar. „Mér var ýtt inn í klefa og það var hlegið að mér þegar ég minnst á réttindi mín,“ segir Arna. „Svo var öskrað að ég hefði

engin réttindi og ætti ekki rétt á neinu.“

Ástæður handtökunnar telur Arna hafa verið starf hennar í Palestínu, en þar var hún í þrjá mánuði síðastliðið sumar og starfaði með alþjóðlegu samtökunum International Solidarity Movement.

„Þetta var greinilega í tengslum við að ég hef verið að vinna með Palestínumönnum,“ segir Arna. „Þeir vilja koma í veg fyrir að fólk fari til Palestínu og verði vitni að því sem þar er að gerast.“

Arna hefur gætt dvelja um tíma í Lundúnum og reyna að leita réttarsins. „Ég mun að minnsta kosti hafa samband við utanríkisráðuneytið og sjá síðan til.“

helgat@frettabladid.is

ARNA ÖSP MAGNÚSAR-DÓTTIR Komin heil á húfi til Lundúna



FLUTTUR TIL FREKARI RANNSÓKNA Lestareignin sem var sprengdur nærri Edgware Road lestarstöðinni var fluttur af vettvangi í fyrri nótt.

Hryðjuverkin í London:

Maður tekinn í Pakistan

LONDON, AP Pakistanska lögreglan hefur mann í haldi sem hún segir hafa átt beinan þátt í sprengjuti-ræðunum í Lundúnum 7. júlí.

Lögreglurannsókn á árásunum á Lundúnir er í fullum gangi.

Lundúnablaðið Times greindi frá því í gær að heimildarmaður þess í lögreglunni hefði tjáð því að talið væri að meintur skipuleggjandi árásanna hefði verið í Leeds, heimabæ árásarmannanna, og Lundúnum í júlíbyrjun en yfirgefið landið nokkrum klukkustundum fyrir sprengingarnar.

Háttsettur pakistanskur embættismaður sagði í viðtali við AP-fréttastofuna í gær að yfirvöld hefðu mann í varðhaldi sem talinn er hafa átt í tilræðunum. ■

LÖGREGLUFRETTIR

RÉTTINDALAUS Á STOLNUM BÍL

Lögreglan í Keflavík stöðvaði för sextán ára þilts sem tekið hafði bifreið ófrjálsri hendi og ekið henni utan í kyrrstæðan bíl fyrir utan söluturn í bænum. Var hann réttindalaus en var látinn laus eftir yfirheyrslur.



ÍSRAELSKIR LÖGREGLUÞJÓFNAR Ísraelsk yfirvöld hafa bæði áhyggjur af fylgjendum Palestínumanna og einnig mótmælendum þess að landnemabyggðir Ísraels verði rýmdar.



HREINDÝR Í LÖNI Það sem af er veiðitímabilinu hafa þrjú dýr verið skotin vestan Hornafjarðar.

Hreindýraveiðar hafnar:

Sex dýr skotin

SKOTVEIÐI Hreindýraveiðar fara rólega af stað en veiðitímabilið hófst 15. júlí og var úthlutað 800 leyfum eins og í fyrra.

Fram til 1. ágúst má eingöngu skjóta tarfa og segir Jóhann G. Gunnarsson, starfsmaður Umhverfisstofnunar, að í gær hafi verið búið að skjóta sex dýr. „Það hafa fáir verið að veiðum enda þoka búin að vera á hreindýrslóðum að undanförunu. Betra veðurútlit er fram undan og þá á ég von á að fleiri haldi til veiða,“ segir Jóhann. ■

Ítalir og Frakkar:

Auka eftirlit á landamærum

SAMGÖNGUR Bæði Frakkar og Ítalir hafa í kjölfar hryðjuverka-árása í Lundúnum á dögunum ákveðið að taka upp landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen-svæðisins. Ferðamenn og aðrir geta því búið við því að þurfa að sæta vegabréfaeftirliti við komu og brottför frá þessum löndum.

Búið er við því að fleiri aðildarríki Schengen-samningsins fylgi í kjölfar þeirra á komandi vikum og auki landamæraeftirliti. ■

Sex íslensk ungmenni eru í Palestínu og ætla á alþjóðlega æskulýðsráðstefnu:

Freista þess að komast til Nablus

MIDAUSTURLÖND „Það er óvíst að við komumst til Nablus vegna ástandsins sem hér ríkir,“ segir Margrét Scheving Thorsteinsón, ein sex íslenskra ungmenna sem stödd eru í Palestínu. Vaxandi spennu hefur gætt í samskiptum Ísraels og Palestínumanna

Margrét var stödd í Jerúsalem þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær en til stendur að Íslendingarnir ferðist síðar í vikunni til borgarinnar Nablus á Vesturbakkanum þar sem þau ætla að taka þátt í alþjóðlegri æskulýðsráðstefnu. Arna Ösp Magnúsdóttir ætlaði að vera með í för, en henni var vísað úr landi eftir yfirheyrslur við komuna til Ísraels í fyrradag.

Fjögur ungmennanna ætluðu að leggja af stað til Nablus nú í bítið. Anna Tómasdóttir, ein fjörmennanna, var bjartsýn



ÁTÖK Í PALESTÍNU Óvíst er um ferð sjö íslenskra ungmenna til borgarinnar Nablus á Vesturbakkanum vegna mikillar spennu sem gættir í samskiptum Ísraels og Palestínumanna.

á að það tækist. „Við höfðum samband við einn skipuleggjenda ferðarinnar og skildist á

henni að hún væri nú þegar búin að sjá fyrir því að við kæmumst til borgarinnar.“ ■

Verslaðu við traustan aðila!

Pallhýsi

Tilbúin til afhendingar strax!



Nú er ekki eftir neinu að biða!
Eigum nokkur pallhýsi tilbúin til afhendingar strax.

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is



Tíðari ferðir og betri þjónusta!

Laugardaginn 23. júlí hefst akstur Strætó eftir hinu nýja leiðakerfi. Það er mun einfaldara en hið eldra. Meðal kosta þess eru tíðari ferðir á álagstímum og nýjar leiðir sem spara tíma.

Við bjóðum þér í strætó!

Um helgina bjóðum við þér og þínum í strætó í tilefni breytinganna. Upplagt að nota tækifærið og kynna sér málið. Góða ferð!



Farðu alla leið með Strætó!

Hringdu í gjaldfrjálst símanúmer 800 1199 eða farðu inn á stratoto.is og fáðu nákvæmar leiðbeiningar um bestu leiðina fyrir þig. Þar getur þú einnig pantað leiðabók.

STÓRA

ÆVINTÝRIÐ Á LITLA ÍSLANDI

Íslendingar hafa ávallt haft gaman af ævintýrum og hafa þau verið stór partur af menningu okkar í gegnum tíðina. En alltaf er verið að bíða eftir hinu eina sanna „STÓRA“ ævintýri sem allir geta tekið þátt í. Fróðir menn segja að þetta ævintýri gæti orðið að veruleika...

laugardaginn 23. júlí.





KJÖRKASSINN

Getur Samfylking boðið fram R-lista án hinna flokkanna?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	55,0%
Nei	45,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Viltu að Páll Magnússon verði útværstjóri Ríkisútværpsins?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Auglýsingar á blogg síðum barna:

Grímulausar áfengisauglýsingar

ÁFENGISAUGLÝSINGAR „Ég skil ekki hvað fólk gengur til með því að setja áfengisauglýsingar á blogg síður barna eins og gert er á [blogcentral.is](#),” segir Árni Guðmundsson æskulýðs- og tólmstundarfulltrúi í Hafnarfirði.

„Svo virðist vera sem lágkúran eigi sér engin takmörk því þessar auglýsingar virka eins og börnin séu að hýsa auglýsingarnar á síðum sínum og því er gengið skrefinu lengra í ósvífnni en annars er farið að gera í grímulausum áfengisauglýsingum,” bætir Árni við.

Hann segir marga foreldra



ÁRNI GUÐMUNDSSON ÆSKULÝÐS- OG TÓLMSTUNÐARFULLTRÚI Árni gagnrýnir harðlega áfengisauglýsingar á blogg síðum og spyr hvort þeir sem að þeim standi vilji virkilega að viðskiptahagsmunir eigi að vera hagsmunum barna og unglinga yfirstærkari.

hafa haft samband við sig vegna þessara auglýsinga og hann segir þær vinna gegn því samkomulagi sem ríki í þjóðfélaginu um að hlífa börnum og unglungum við áreiti sem þessu.

Þorsteinn Eyfjörð, forstöðumaður vefútgáfu 365, segir að umrædd auglýsing auglýsi leiki vegna þjóðhátíðar í Eyjum og hún sé í engu frábrugðin heilsíðuauglýsingum sem birst hafa í blöðum og mætti því birtast í netmiðli líka.

Hann segir að bloggsamfélagið í rauninni opið öllum eins og allir stórir miðlar í landinu.

-jse

Framsókn flýtir fundi:

Býr sig undir lok R-listans

FRAMSÓKNARFLOKKUR Gestur Gestsson, formaður Framsóknarfélags Reykjavíkurkjördæmis norður, segir framsóknarmenn ekki bíða endalaust eftir niðurstöðum um framhald samstarfsins innan R-listans. „Þess vegna flýtum við aðalfundi sem verður haldinn annað kvöld en ekki í haust,” segir Gestur. „Slitni upp úr verðum við að vera tilbúin í kosningabaráttu.”

Guðjón Ólafur Jónsson, félagi í Framsóknarfélaginu, segir líklegt að framhald verði á samstarfi innan R-listans fyrir borgarstjórnarkosningarnar á næsta ári. „Við klárum þessar viðræður,” segir Guðjón.

-jh

Týndur maður:

Skilaði sér heill á húfi

LEIT Maður á nírhálsaldri fannst heill á húfi skömmu fyrir hádegi í gær en hans hafði þá verið leitad frá því snemma í fyrrinótt. Maðurinn varð viðskila við fjölskyldu sína sem dvaldi á tjaldstæðinu við Ásólfstaði í Þjórsárdal um klukkan ellefu í fyrrakvöld.

Lögregla og björgunarsveitir voru fljótlega kallaðar út og leit-uðu mannsins þar til hann fannst við Sandá, skammt frá þeim stað sem síðast sást til hans. Maðurinn hafði verið á gangi alla nóttina og var rammvilltur.

-ht

LÖGREGLUFRETTIR

ELDUR Í SKÚR Ekki er talið að verulegar skemmdir hafi orðið þegar lítil skúr við Grettisgötu brann í fyrrinótt. Tilkynnt var um eldinn skömmu eftir miðnætti og gekk slökkvistarfar greiðlega.

REYKJANESBRAUT LOKUÐ Mikil umferð fór um íbúðarhverfi Hafnarfjarðar eftir að Reykjanesbraut var lokað vegna framkvæmda í gær. Umferð gekk þó að mestu vel að sögn lögreglunnar í Hafnarfirði. Einn öku-maður var stöðvaður grunaður um ölvun við akstur í bænum í fyrrinótt.

Páll hættur á Stöð 2 og vill verða útværpsstjóri RÚV

Páll Magnússon segist ósammála grundvallarstefnu fjölmiðlafyrirtækisins 365 og hefur látið af störfum hjá félaginu. Hann ætlar að sækja um stöðu útværpsstjóra í dag. Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur verið ráðinn fréttastjóri Stöðvar 2. Róbert Marshall stýrir nýju fréttasviði 365.

FJÖLMIÐLAR Breytingar urðu hjá fjölmiðlafyrirtækinu 365 í gær þegar Páll Magnússon lét af starfi sjónvarps- og fréttastjóra Stöðvar 2. Sigmundur Ernir Rúnarsson lét af störfum sem fréttaritstjóri Fréttablaðsins og tók í gær við stöðu Páls sem fréttastjóri Stöðvar 2 en mun einnig starfa sem ritstjóri nýrrar fréttastöðvar á vegum 365 sem hefur göngu sína í haust.

„Ástæðan er einföld. Ég var ósammála þeirri grundvallarstefnu sem fyrirtækinu hafði verið mörkuð,” segir Páll um ástæðu uppsagnar sinnar en vill ekki segja nánar til um í hverju sá ágreiningur fólst.

„Þessi ágreiningur er þess eðlis að ég vil ekki tjá mig um hann. Þó get ég sagt það að þetta er faglegur og heildarlegur ágreiningur en ekki persónulegur. Það eru engin illindi á milli einstaklinga og ég skil sáttur við fyrirtækið. Ég gerði eigendum og stjórnendum grein fyrir sjónarmiðum mínum þar að lút-



PÁLL MAGNÚSSON Lætur af störfum sem fréttastjóri Stöðvar 2 og sækir um útværpsstjórastöðu.

andi um og eftir síðustu helgi. Ég er þannig gerður að ég vil frekar stíga frá borði en að vera að sigla með skipi á stað sem mig langar ekki að fara á,” segir Páll.

Páll segist ætla að sækja um stöðu útværpsstjóra en frestur til að sækja um rennur út í dag. „Ég hef ekki sótt um en ætla að gera það,” segir hann.

„Ég vil engu bæta við útskýringar Páls um hvers vegna hann



SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON Tekur við sem fréttastjóri Stöðvar 2 og ritstjóri nýrrar fréttarásar 365.

sagði störfum sínum lausum,” segir Gunnar Smári Egilsson, framkvæmdastjóri 365.

Sigmundur Ernir segist kveðja Fréttablaðið með söknuði og hóf í gær störf sem fréttastjóri Stöðvar 2. „Ég hlakka mjög til þessa nýja verkefnis. Ég lít á það sem mikla áskorun að auka og bæta fréttablorustu 365-ljósavakamiðla,” sagði Sigmundur Ernir.

Róbert Marshall hefur verið



RÓBERT MARSHALL Verður forstöðumaður nýs fréttasviðs og stýrir undirbúningi að nýrri fréttastöð.

ráðinn framvæmdalegur forstöðumaður nýs fréttasviðs 365 og til að stýra undirbúningi að hinni nýju fréttastöð sem verður síðar undir hans stjórn. Róbert mun láta af störfum sem formaður Bládamannafélags Íslands í kjölfar hinna nýju starfa.

Fjölmiðlafyrirtækið 365 gefur meðal annars út Fréttablaðið.

[hjalmar@frettabladid.is](#)

SUMAR
útsalan
Í FULLUM GANGI

Sumar vörur á frábæru verði

ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100

Viðhald hvalstöðvar og hvalbáta:

Kostnaðurinn tugir milljóna á hverju ári

HVALVEIÐAR „Ég er ekki með tölur- ar í hausnum en þetta eru hundruð milljóna,” segir Kristján Loftsson, forstjóri Hvals, þegar hann er spurður um uppsafnaðan kostnað við Hvalstöðina í Hvalfirði og hvalbátana frá því hvalveiðar lögðust af. „Þetta eru hafnargjöld, tryggingar, laun, viðhald og kostnaður við eftirlit.“ Hvalur hf. á auk verksmiðjunnar og bragganna í Hvalfirði fjögur hvalveiðiskip sem ekki hafa verið notuð við veiðar frá árinu 1990.

Kristján segir að það hafi alltaf verið tveir möguleikar í boði; að

henda þessu öllu eða halda því við í von um að veiðar hæfust á ný. Hann vandar stjórnmaláttunum ekki kveðjurnar. „Það hefur verið gefið undir fótinn með að hvalveiðar verði leyfðar fljótlega hvert árið eftir annað og svo heykist þetta lið á hverju ári. Þeir eru svo lafhræddir við Ameríkanana að þeir þora sig hvergi að hreyfa.“

Að sögn Kristjáns hefur kostnaðurinn verið greiddur af Hval hf. þó hann hafi engar tekjur haft á móti.

-grs



HVALSTÖÐIN Í HVALFIRÐI Hvalur hf. hefur lagt í ærinn kostnað við Hvalstöðina og fleira þrátt fyrir algert veiðibann í fimmtán ár.

Breskir hermenn:

Ákærðir fyrir misþyrmingar

BRETLAND Ellefu breskir hermenn hafa verið ákærðir fyrir manndráp og misþyrmingar á fongum í Írak.

Þrjú hermennanna hafa verið ákærðir fyrir stríðsglæpi en þeir eru taldir hafa valdið dauða íraks manns í september 2003. Fjórir hermenn til viðbótar eru ákærðir fyrir grófa vanrækslu og enn aðrir fjórmenn eru taldir hafa borið ábyrgð á því að Íraki í þeirra haldi druknaði í skurði.

Mennirnir verða ekki dregnir fyrir stríðsglæpadómstólinn í Haag heldur breskan herrétt. Ættingjar hinna látnu eru ósáttir við að herinn skuli sjálfur dæma í málinu en auk þess gagnrýna þeir hversu langan tíma rannsókn mállanna hefur tekið. ■

NORÐUR-KÓREA

VIÐRÆÐUR TEKNAR UPP Á NÝ Stjórnvöld í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, hafa lýst því yfir að þau hyggist snúa aftur að samningaborði um kjarnorkumál 26. júlí næstkomandi. Þrettán mánuðir eru síðan slitnaði upp úr sex ríkja viðræðunum svonefndu og á meðan er talið að Norður-Kóreu-menn hafi náð að framleiða kjarnorkusprengru.

Nýjar TRUE vörur

mikið úrval á frábæru verði



true

Peysa
margir litir
st. S-XL

TILBOÐ
1.999kr
Verð áður 2.999

true

Peysa
margir litir
st. S-XL

TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.499

true

Bolur
margir litir
st. S-XL

999kr

true

Jakkapeysa
svört, blá
st. S-XL

TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.999

true

Peysa
margir litir
st. S-XL

TILBOÐ
2.499kr
Verð áður 2.999

ice

Buxur
margir litir
st. 10-20

2.999kr

true

Gallabuxur
stretch
st. 10-20

TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.999

true

Gallabuxur
bláar
st. 10-20

TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.999



Netaskór
margir litir, st. 36-41

899kr



Ballerínuskór
svartir, st. 36-42

2.999kr



Ballerínuskór
margir litir, st. 36-41

1.299kr



Kúrekastígvél
svört, brún, st. 36-39

5.999kr

Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Kodak EasyShare C300

- 3,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,5" skjár
- Tekur video
- Auðveld í notkun

• Verð: **9.900 kr**



1.980 kr.
á mánuði*

SUMARTILBOÐ

Kodak EasyShare LS755

- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tókustillingar

• Verð: **34.900 kr**

• Verð áður ~~39.900 kr~~



6.980 kr.
á mánuði*

Kodak EasyShare LS743

- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett

• Verð: **24.900 kr**



4.980 kr.
á mánuði*

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

Hrafn Gunnlaugsson ósáttur við sláttustefnu borgarinnar:

Leifar af minnimáttarkennd

UMHVERFI „Það er fallett að sjá þessi yndislegu ungmenni við vinnu úti í náttúrunni en maður vildi frekar sjá þau tína upp rusl heldur en að tæta upp þessar alíslensku jurtir sem vaxa þarna ótilneyddar innan borgarmarkanna,“ segir Hrafn Gunnlaugsson, leikstjóri og íbúi í Laugarnesi, en þar var slegið í góða veðrinu í fyrradag. „Sérstaklega hefði maður viljað að bæjarhóllinn gamli hefði verið látinn ósnertur.“

Hrafn segist finna að almenningur hafi gaman af því að labba þar um og skoða umhverfið, en jurtirnar sem þar vaxa segir hann hvergi ræktaðar í skrudgörðum



BÆJARHÓLLINN Í LAUGARNESI SLEGINN Hrafn segir að á honum vaxi meðal annars hvönn, draumsóley, mjaðjurt, kerfill, fífill, villtur rabarbari og njóli.

bæjarins. „Jónas Hallgrímsson orti um fífla og sóleyjar, en þær jurtir eru nú upprættar sem hvert annað illgresi. Á sama tíma er verið að rækta jurtir í skrudgörðum borgar-

innar sem alls ekki vilja vaxa í íslensku umhverfi,“ segir Hrafn. „Ég held að þetta séu leifar af minnimáttarkennd frá þeim tíma þegar við vorum dönsk nýlenda.“ - grs

Kristinn H. Gunnarsson segir KEA reyna að kaupa stjórnsýsluákvæðanir:

Aðdróttanir af grófasta tagi

UMMÆLI Benedikt Sigurðarson, formaður stjórnar Kaupfélags Eyfirðinga, segir Kristinn H. Gunnarsson þingmann á villigötum varðandi áform KEA um fjölgun starfa á Akureyri og eflingu byggðar á Norðurlandi en Kristinn ýjar að því í pistli á heimasíðu sinni að KEA ætli að kaupa stjórnsýsluákvæðanir tveggja ráðherra. „Sýnu verra er þó að Kristinn allt að því sakar okkur um að bera fé á ráðamenn. Það er aðdróttun af svo grófu tagi að stjórn KEA tekur ekki þátt í slíkri umræðu,“ segir Benedikt.

Stjórn KEA hefur lýst yfir vilja til að liðka til fyrir flutningi opinberra verkefna til Akureyrar með því að taka þátt í kostnaði við flutning. Jafnframt hefur stjórnin beitt sér fyrir bættum samgöngum í þágu Norðlendinga og finnur Kristinn báðum áformum KEA flest til foráttu. „Við höfum sem betur fer mætt velvilja og góðu viðmóti stjórnvalda en það er sorglegt þegar



BENEDIKT SIGURÐARSON „Það er hárrétt hjá Kristni að KEA á ekki að vera í pólitík enda er það ekki svo. Við höfum hins vegar markað félaginu þá stefnu að vera verkfæri í byggðapólitík,“ segir stjórnarformaður KEA.

menn sem segjast áhugasamir um byggðamál eru ekki tilbúnir að taka á móti okkar útspli og

vinna með okkur,“ segir Benedikt. -kk

Monsún-rigningarnar á Indlandi:

Hundruð hafa beðið bana



BRAHMAPUTRA Brahmaputra-fljótið er yfirfullt þessa dagana. Þeir sem búa í nánunda við það hafa nýtt tækifærið og þvegið fót sín og klæði.

LUCKNOW, AP Í það minnsta 239 manns hafa druknað í flóðum á Indlandi síðustu dægrin. Rigningartíminn stendur nú sem hæst í landinu.

Í gær fórust tíu manns í Uttar Pradesh-héraðinu þegar hús þeirra hrundi vegna flóðanna. Öðrum átta skolaði á brott í vatnsflaumnum.

Indversk stjórnvöld telja að Nepalari hafi aukid enn á vatnselginn með því að opna gáttir stífla til að grynka í fleytfullum uppistöðulómum.

Ástandið er verst í Gujarat-héraði, þar hefur 131 dáid, 55 eru látnir í Uttar Pradesh og 23 í Madhya Pradesh.

Húsaleigubætur:

Samdráttur í greiðslum

HÚSALEIGUBÆTUR Greiðslur húsaleigubóta lækka verulega á þessu ári miðað við fyrri ár að því er fram kemur í fréttabréfi jöfnunarsjóds sveitarfélaga um húsaleigubætur. Greiðslur lækkuðu um 5,14 prósent frá fjórða ársfjórðungi 2004 til fyrsta ársfjórðungs 2005 samanborið við 2,47 prósent árið áður.

Sveitarfélögin ofátæluðu greiðslur sínar til húsaleigubóta á fyrsta ársfjórðungi þessa árs verulega. Áætlanir gerðu ráð fyrir að 426,5 milljónum króna yrði varið í húsaleigubætur meðan greiddar bætur námu einungis 381,7 milljónum. -ht

Skólastjóraráðning við Landakotsskóla:

Ekkert samráð haft við kennara

LANDAKOTSSKÓLI „Umbjóðendur mínir segjast hafa fengið loforð um það á fundi 13. júní síðastliðinn að leitað yrði allra leiða til að finna skólastjóra sem allir gætu sætt sig við,“ segir Einar Hugi Bjarnason, lögmaður hóps ósáttara kennara í Landakotsskóla. „Síðan fréttu þeir það í fjölmiðlum að Fríða Regína Höskuldsdóttir hafi verið ráðin. Ekkert samráð var haft við kennarana um ráðninguna. Ég hefði búist við meira samráði við þá í ljósi deilnanna,“ segir Einar.

„Stjórn skólans ber að ráða skólastjóra og það liggur fyrir að kennararnir töldu engan umsækjanda hlutlausan. Ég tel að við höfum ráðið hæfasta umsækjandann,“ segir Björg Thorarensen, formaður stjórnar skólans, um ráðninguna. Hún



EINAR HUGI BJARNASON Lögfræðingur hóps ósáttara kennara í Landakotsskóla.

segist líta á Fríðu sem hlutlausan skólastjóra sem ekki hafi haft neina aðkomu að deilunum innan

skólans eða starfsemi skólans að öðru leyti.

- grs

HR-V

HONDA

The Power of Dreams

Sportlegt sumartilboð



* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

→ Ódýrasti borgarjeppinn enn ódýrari HR-V, Sport með sóllúgu, á sérstöku sumartilboði aðeins

2.149.000 kr.

22.441 kr. á mánuði*

honda.is



Fjörbíllinn fyrir vegi til allra átta

Hleyptu nýju lífi í sumargleðina. Stígðu upp í Honda HR-V, láttu nett ytra rýmið og fjörlega hönnunina koma þér í gott ferðaskap og uppgötvaðu alla möguleikana sem bíða þín. Hann er fjörbíllinn með léttu, fríska og sparneytna vél og innanrymi sem má aðlaga fyrir allar lífsins ferðir. Hvort sem leiðin liggur út úr bænum eða um hálar götur tryggir fjórhjóladrifið örugga rásfestu og allir þekkja að Honda vörumerkið tryggir Honda gæðin. Nú er enn ódýrara að gera lífið svolítið sportlegra – nýttu tækifærið.



Bændur veðja á ný lausagöngufjós í stað þess að stækka þau gömlu:

Tæp tuttugu ný fjós í byggingu

LANDBÚNAÐUR „Það eru sautján ný fjós í byggingu sem ég veit af,“ segir Lárus Pétursson, umsjónarmaður innréttinga hjá Landstólpa ehf. „Þá eru fimmtán bændur að breyta eldri fjósum og langoftast verið að stækka þau í leiðinni.“ Lárus segir þessi fjós oftast vera lausagöngufjós með 60-70 bása eða hátt í það. Bændurnir séu flestir að koma sér upp mjaltaróbótum og þá séu 60-70 mjólkandi kýr heppilegur fjöldi.

Lárus segir uppbyggingu í mjólkurframleiðslu ekki vera meiri en síðustu ár á undan, en mikil þróun hefur verið í grein-

inni síðustu ár. „Það er hins vegar merkjanleg breyting að menn byggja nú ný fjós frekar en að stækka þau gömlu.“ Lárus segir bændur hafa verið að svala upp-safnaðri endurnýjunar- og uppbyggingarþörf síðustu árin. „Það var stöðnun í greininni í tuttugu ár.“

Um átta hundruð mjólkurframleiðendur eru nú starfandi á landinu, og meðalkúabúið elur um þrjátíu kýr.

- grs

FJÓS Í BYGGINGU Verið er að byggja 75 bása lausagöngufjós í Kárnesi í Kjós.



Sumarlokanir stofnana:

Víða lokað vikum saman

SUMARFRÍ Nokkur brögð eru að því að ýmis samtök og opinberar stofnanir loki í nokkrar vikur yfir sumartímamann meðan starfsmenn fara í leyfi.

Þannig er til að mynda lokað hjá Samtökum iðnaðarins í þrjár vikur, Bændasamtökin loka í tvær, skrifstofur Háskóla Íslands eru lokaðar fram í ágúst, skrifstofur Nýsköpunarsjóðs eru lokaðar í tvær vikur og svo mætti lengi telja.

Ljóst er að sumarlokanir sem þessar geta komið sér illa og rétt að minna fólk á að athuga hvort skrifstofur séu almennt opnar til að fara ekki fýluferð. ■

Sjóðurinn ofurseldur aukinni áhættu

Íbúðalánasjóður verður að ávaxta milljarða uppgreiðslur lána með eins háum vöxtum og kostur er. Því fylgir aukin áhætta, segir Pétur Blöndal þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Félagsmálanefnd Alþingis fjallar um málefni sjóðsins í dag.

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Félagsmálanefnd Alþingis kemur saman fyrir hádegi í dag til að fjalla um lánasamninga Íbúðalánasjóðs við sparissjóði og banka. Álitamál hafa risið um lögmæti lánveitinganna og hvort þau samrýmist markmiðum sjóðsins.

Búist er við að á fundinum verði upplýst um efni samninganna og þá hvort Íbúðalánasjóður eða ríkið beri einhverja ábyrgð á hugsanlegu tapi sem af samningunum kann að hljóta.

„Það er ljóst að allt fé Íbúðalánasjóðs er með ríkisábyrgð. Allir peningar sem hann hefur til ráðstöfunar eru teknir að láni nema eigið fé sjóðsins,“ segir Pétur Blöndal þingmaður Sjálfstæðisflokksins, en hann á sæti í félagsmálanefnd. Hann segir að öll lán umfram eigin fé sjóðsins ábyrgist ríkið þar með. „Húsnæðislán sjóðsins voru fjármögnuð með lánunum sem sjóðurinn tók með ríkisábyrgð. Þegar fólk greiðir upp lán sín hjá sjóðnum er það að greiða upp fé sem aflað var með slíkri ábyrgð.“

Pétur bendir á að Íbúðalánasjóður sé nauðbeygður til að ávaxta milljarða uppgreiðslur lána á hærrí vöxtum en hann borgar sjálfur fyrir lánin. „Annars tapar sjóðurinn fé og þá getur reynt á ríkisábyrgðina ef eigið fé hrekkur ekki til. Menn gleyma því alltaf að á upplýstum markaði eru lágir vextir og áhættulausir eru jafnir háum vöxtum með meiri áhættu. Sjóð-



PÉTUR BLÖNDAL SITUR Í FÉLAGSMÁLANEFND. Pétur fékk ekki að sjá umdeildan samning Íbúðalánasjóðs við SPRON meðan hann var stjórnarformaður sjóðsins.

urinn eykur áhættu sína ef hann teygir sig eftir háum vöxtum á þetta uppgreiðslufé.“

Pétur gagnrýnir einnig Íbúðalánasjóð fyrir að víkja frá lögbundnum markmiðum sínum. „Bankarnir lána peninga frá Íbúðalánasjóði gegn veði en setja ekki kvaðir um kaup á húsnæði. Þannig getur fólk keypt til dæmis bíla eða hlutabréf fyrir lánsfé sem ættað er frá Íbúðalánasjóði. Ef þetta er raunin fer sjóðurinn gegn markmiðum lag-

anna. Við verðum að fá botn í þennan vanda.“

Pétur Blöndal var stjórnarformaður Sparissjóðs Reykjavíkur og nágrennis til síðustu áramóta og kveðst ekki hafa fengið að sjá umræddan samning sparissjóðsins við Íbúðalánasjóð þótt hann hefði beðið um það. „Ég bíð átektu og skoða dagsetningar og undirskriftir þegar og ef ég fæ að sjá samningana í dag,“ segir Pétur Blöndal.

johannh@frettabladid.is

Íslenskt hugvit nýtt við byggingu vatnsaflsvirkjunar á Grænlandi:

Eitt lengsta línuhaf í heimi

HUGVIT Íslensk fyrirtæki leggja nú Grænlandinum lið við að reisa 7,2 megavatta vatnsaflsvirkjun við Qorlortorsuaq, á slóðum hinnar gömlu Eystribyggðar. Nú er stærstur hluti grænlenkrar raforku framleiddur með olíu.

Leggja þarf háspennulínu um 70 kílómetra leið og yfir tvo firði. Þar sem línan liggur yfir Einarsfjörð eru 3,7 kílómetrar stranda á milli og verður línuhafíð eitt það lengsta í heimi.

Arni Björn Jónasson hjá Línuhönnun, sem sér um ráðgjöf við gerð línunnar, segir allnýstárlega verkfræðihönnun notaða til að þvera fjörðinn, hönnun sem megi líkja við hengibrýr. Til samamburðar er breiðasta hafíð á Golden-Gate brúnni í San Francisco 1.280 metrar og því um verkfræðilegt afrek að ræða.



ÞYRLA FLYTUR SPENNUMASTUR Erfitt er að flytja þyngstu hlutina milli vogskorinna og fjöllóttra fjarða Grænlands. Þyrlur eru notaðar til að koma fyrir háspennumóstrum.

Margir íslenskir verktakar koma að hönnun og byggingu línunnar og virkjunarinnar. Má þar nefna Ístak, Landsvirkjun, VST, Afl, Landark, Rafteikningu og

Línuhönnun. Verkið er unnið að beiðni grænlenksu heimastjórnarinnar og áætlaður verðkostnaður er hálfur þriðji milljarður.

- óá



RJÚKANDI RÚST Lítið var eftir af bíl tilræðismannanna. 66.000 manns hafa látist í átökum í Kasmír undanfarna áratugi.

Tilræði í Kasmír:

Sex fórust í sprengjuárás

SRINAGAR, AP Að minnsta kosti sex fórust í sprengjutilræði í Srinagar, sumarhöfuðborg Jammu-Kasmír héraðs, og 20 meiddust.

Tilræðið var framið í hverfi embættismanna en ekki er vitað hvernig staðið var að því. Yfirvöld segja að sjálfsmorðsprengjumáður hafi ekið bíl sínum á herjeppa. Talsmaður Hezb-ul-Mjuahedeen, íslamskra öfgasamtaka frá Pakistan sem lýst hafa yfir ábyrgð á tilræðinu, segir hins vegar að sprengjan hafi verið fjarstýrð.

Indverjar og Pakistanar hafa lengi deilt um Kasmír en á síðustu misserum hafa friðarhorfurnar aukist verulega. Tilræðinu virðist ætla að spilla þeim frið. ■

Mannskætt hryðjuverk:

Fjórtán biðu bana í árás

TSJETSJENÍA Fjórtán manns féllu í valinn eftir skotárás og sprengjutilræði tsjetsjenskra uppreisnarmanna í þorpinu Znamenskoje í Tsjetsjeníu. Tuttugu eru særðir.

Uppreisnarmennirnir skutu fyrst á bíl fullan af lögreglumönnum en þegar annar bíll kom aðvífandi var öflug sprengja sprengd. Tvö börn eru í hópi þeirra sem létust.

Að sögn Interfax-fréttastofunnar kennir Alu Alkhanov forseti uppreisnarleiðtoganum Shamil Basajev og mönnum hans um ódæðið en þeir eru meðal annars sagðir bera ábyrgð á fjöldamorðunum í Beslan í september í fyrra.

Þjóðarsorg var í Tsjetsjeníu í dag vegna tilræðisins. ■

BRETLAND

ÖHRESS MEÐ ÚTIVISTARBANN Hæstiréttur Bretlands úrskurðaði í gær að lögreglu væri ekki heimilt að reka unglinga heim til sín á kvöldin nema þau hefðu brotið eitthvað af sér. Lögregla hefur gripið til þessara ráða undanfarnin misseri til að sporna við andfélagslegri hegðun. Ungur Lundúnabúi vildi hins vegar ekki una því að vera sendur heim án þess að hafa nokkuð til saka unnið og fór því í mál.

NÝTT BRAGÐ

NÝTT BRAGÐ

ÞÁ RAÚÐI ER KOMINN.

Svalandi íerskur öðruvísi ÞÚ EINFALDLEGA VERÐUR AÐ SMAKKA

NÝTT BRAGÐ

HER & NO / SIA



Tilboðsverð á Ford Transit með athafnapakka. Gildir til 29. júlí.



Uppgripsdagar

Ford Transit Connect 220S
1,8 TDi 75 hestöfl dísil með framdrifi.

Rekstrarleiga með athafnapakka
kr. 25.950 án vsk*

Tilboðsverð með athafnapakka
kr. 1.293.000 án vsk*

Staðalbúnaður
í Transit Connect 220S m.a:

- Spólvörn
- Hliðarhurð hægra megin
- ABS með EBD hemlajöfnun
- Fjölstillanlegt ökumannssæti
- Rafstillanlegir og upphitanlegir útspeglar
- Samlæsing
- Öryggisþúði fyrir ökumann og farþega
- Rúmmál mest 3,7 m³
- Lengd hleðslurýmis mest 2467 mm
- Hæð hleðslurýmis 1193 mm
- Breidd hliðarhurða 609 mm
- Klæðning í gólfi hleðslurýmis

Nýttu þér notagildi athafnapakkans:

- Rennihurð einnig á vinstri hlið
- Fjarstýring á samlæsing
- Fellanlegt farþegasæti
- Hreifanlegt skilrúm

Verðmæti athafnapakka
kr. 80.320 án vsk.

25.950*

Nýttu þér betri tíð. Veldu Transit.

28.990*

Tilboðsverð á Ford Transit með athafnapakka. Gildir til 29. júlí.



Uppgripsdagar

Ford Transit Connect 220L
1,8 TDi 75 hestöfl dísil með framdrifi.

Rekstrarleiga með athafnapakka
kr. 28.990 án vsk*

Tilboðsverð með athafnapakka
kr. 1.445.000 án vsk*

Staðalbúnaður
í Transit Connect 220L m.a:

- Spólvörn
- Hliðarhurð hægra megin
- ABS með EBD hemlajöfnun
- Fjölstillanlegt ökumannssæti
- Rafstillanlegir og upphitanlegir útspeglar
- Samlæsing
- Öryggisþúði fyrir ökumann og farþega
- Rúmmál mest 4,4 m³
- Lengd hleðslurýmis mest 2714 mm
- Hæð hleðslurýmis 1364 mm
- Breidd hliðarhurða 819 mm
- Klæðning í gólfi hleðslurýmis

Nýttu þér notagildi athafnapakkans:

- Rennihurð einnig á vinstri hlið
- Fjarstýring á samlæsing
- Fellanlegt farþegasæti
- Hreifanlegt skilrúm


Verðmæti athafnapakka
kr. 80.320 án vsk.



Nýttu þér betri tíð og betra verð á Ford Transit. Komdu núna í Brimborg.

Við kaupum af þér gamla bílinn: Staðgreitt!

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - ræddu við söluráðgjafa Ford á Íslandi um hvernig Ford getur hjálpað þér í rekstrinum.



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



„ORÐRÉTT“

„En eins og öllum er kunnugt hefur enginn reynt að þagga niður í [Össuri] síðustu daga enda er það vonlaust.“

STEFÁN JÓN HAFSTEIN BORGARFULLTRÚI Í FRÉTTABLAÐINU.

„Þegar Villi er farinn að syngja, þá er þetta komið. Ég yrði mjög sáttur ef hann yrði í efsta sæti og tæki þetta.“

GUDLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON BORGARFULLTRÚI Í DV.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? ARNÞÓR HELGASON FRAMKVÆMDASTJÓRI ÖRYRKJABANDALAGSINS

Talar fyrir kínversku útvarpi

„Ég get sagt þér nokk af fréttum,“ segir Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins og formaður Kínversk-Íslenska menningarfélagsins. „Til dæmis hefur kínverska ríkisútvarpið áhuga á að senda út klukkustundarlanga dagskrá með frétt- og menningartengdu efni á ensku á Íslenskum útvarpsstöðvum og bjóða greiðslu fyrir. Ég hafði samband við Íslenska útvarpsfélagið í fyrra og vakti athygli á þessu en þar stóð á svörum. Útvarp Saga sýndi þessi áhuga en þegar því var fylgt eftir bárust engin svör. En tilboðið stendur enn,“ segir Arnþór sem telur það mikinn



feng fyrir hlustendur að heyrja önnur sjónarmið en gengur og gerist í vest-rænu útvarpi. Arnþór er annars nýkominn frá Hollandi þar sem hann sótti ráðstefnu um réttindi fatlaðra og Evrópusambandið. „Þar var meðal annars rætt um hvernig hægt er að nýta Evrópuráðið og lög Evrópusambandsins til að bæta stöðu fatlaðra í einstökum aðildarríkjum.“ Arnþór hefur ekki ráðstafað samarfríinu sérstaklega en nýtur samvista við fjölskylduna. „Sonur konu minnar og tengdadóttir voru að flytja í nýtt hús í Hafnarfirði og afi og amma hafa haft þá ánægju að gæta fimm mánaða gamals barnabarns. Það er í sjálfu sér mun meira virði en frí.“

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL BIRGÐASÖFNUN Á DISILOLÍU



JÓNATAN GARÐARSSON sjónvarpsmaður

Handvömm

Margir ökumenn disilknúinna bifreiða hömstruðu olíu áður en miklar verðhækkningar tóku gildi. Brunamálastjóri hefur áhyggjur af því að margir geymi birgðirnar við óviðunandi aðstæður.

„Ég skil mætavel að fólk vilji hamstra olíu því verðhækkunin er þvilk,“ segir Jónatan Garðarsson sjónvarpsmaður. „En að sú staða sé komin upp að fólk geymi hana í tönkum og tunnum við húsin sín finnst mér ekki gott mál, bæði vegna mengunar- og eldhættu.“ Jónatan telur að vel hefði mátt sporna við þessu ástandi með því að hækka verðið í áföngum. „Það er greinileg handvömm í lagasetningunni og menn hugsuðu málið augljóslega ekki alla leið.“ Jónatan ekur sjálfur dísilbíl en hamstraði þó ekki. „Mér datt það ekki einu sinni í hug. Uppgufun af dísilolíu er ansi eitruð og ég er umhverfisverndarsinni.“

Stærsta þorp á Suðurlandi

Landsmót skáta var sett í vikunni. Um þrjú þúsund skátar eru þegar mættir. Þeir voru glaðir og kátir í mótsbyrjun og önnur kafnir við að byggja upp búðir sínar í gærmorgun.

Um þrjú þúsund ylfingar, drótt-skátar og foringjar voru í óða önn við að setja upp tjaldbúðir sínar, reisa trönur og súrra þær saman í gærmorgun á fyrsta degi 25. Landsmóts skáta sem haldið er að Úlfhljótsvatni. Mótið var sett á þriðjudagskvöld og stendur í heila viku. Gestum fjölgar hægt og þétt í vikunni og allt eins líklegt að gestafjöldi slagi upp í tíu þúsund við aðalvarðeldinn á laugardagskvöld.

Á Úlfhljótsvatni er því nú eitt stærsta bæjarfélag landsins. Þar má finna flestar stofnanir sem fylgja sómasamlegu þorpi. Í ráðhúsi skáta má finna upplýsingamiðstöð, heilsugæslustöð, verslun, netkaffihús, pósthús og umferðarstjórnun. Fjölmiðlar eru einnig áberandi á mótinu en skátar gefa út sitt eigið dagblað og reka útvarpsstöð alla vikuna með fréttum og dægurefni.

Margt spennandi er á dagskrá alla vikuna. Það allra vinsælasta er án efa vatnsbardagi

sem fram fer daglega en þar er skotið á andstæðinginn með lituðu vatni úr vatnsbyssu.

Hápunktur mótsins er á laugardag. Þá verða ýmsar spennandi upptökur. Sniglarnir verða á staðnum með hjólin sín, Landssamband kúabænda heilgrillar naut fyrir gesti og gangandi, þylur sveima um loftin og stefnt er að því að setja heimsmet í fatalínu.

Á mótinu eru starfræktar sérstakar tjaldbúðir þar sem fjölskyldur skátanna og allir sem hafa áhuga á skátastarfi og útlífi geta sett niður tjöld sín eða annan útilegubúnað. Ekki þarf að tilkynna þátttöku í fjölskyldutjaldbúðunum og þar er hægt að dveljast eins lengi og gestir óska þess.

solveig@frettabladid.is



SÚRRAD Í upphafi mótsins eru skátar uppteknir við að setja upp trönur og súrra þær saman. Ýmsar útgáfur eru á trönubyggð félöganna.



Í SKÁTUNUM Í 50 ÁR Jóhannes Borgfjörð Birgisson, eða Boggi blaðamaður eins og hann kallar sig, hefur verið í skátunum frá ellefu ára aldri. Hann fór á sitt fyrsta Landsmót árið 1963 og hefur síðan farið á og unnið við öll Landsmót. Hann er félagi í Garðbúum og hefur safnað á húfu sína merkjum af mörgum að þeim mótum héraðs og erlendis sem hann hefur farið á í gegnum tíðina.



ORKA JARÐAR Pema Landsmótsins er orka jarðar. Af því tilefni hafa verið sett upp ýmis tæki sem knúin eru af orku mannsins. Til að mynda þetta flotta sturtuhjól.



VÍGREIFIR SKOTAR Um átta hundruð erlendir skátar frá 22 þjóðlöndum eru staddir á Landsmótinu. Þessir hressu skátar klæddu sig í skotapilsin fyrir myndatöku og blésu fagra hljóma í sekkjapípu. Hópurinn kemur frá 600 manna þorpi í Skotlandi sem heitir Glenferg. Drengirnir voru hressir og sögðu að sér líkaði vel á Íslandi enda væri þetta nánast eins og heima hjá þeim.



Í RÓLUNNI Þeir Sigurður Ymir og Alexander Enok sátu stoltir í rólunni sem þeir byggðu ásamt félögum sínum í Hraunbúum í Hafnarfirði.

vikar Aðeins 599 kr.

ný og fersk í hverri viku

Lífsreynslusaga • Heilsa • Tækja • Matur • Krossgátur

28. 01. 07. 09. 20. júlí 2005.

Sigrún Haraldsdóttir hefur flakkað um Evrópu í húsbíl í þrjú ár

Með sígaunann í blóðinu

Íslenskar og aðþrengdar Hverri vinkvennanna í Desperate Housewives líkast þær?

16 ára lömuð frá nefi og niður úr Er nú á göðum batavegi


Góður árangur með aukakílóin Stelpubiókvöld

Flott fyrir fætturna Sætir strákar við barinn

Pað sem þú vissir ekki... Linda Pétursdóttir

Náðu í eintak á næsta sölustað

HVAÐ ÞARF TIL AÐ **STOPPA** ÞIG?



INVTIA HÖSBÍÐ / SÍA

AKTU **ALDREI** UNDIR ÁHRIFUM!


UMFERÐARSTOFA

VÍN  BÚÐ

stórkostleg hel

gaman að fara

nýtt!



1.999

kr.kg.

Borgarnes innralærisvöðvi
í grískri marineringu



pú sparar
899 kr.kg.

1.999

kr.kg.

SS lambafille Grand Orange



159

kr.pk.

Mýlla hvítlauksbrauð fin og gróf



50%

afsl.

Goða Ostapylsur



ný

**humar-
sprengja**

**humar-
sprengja**

499

kr.pk.

Nýveiddur blandaður humar

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 21. til 24. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

gi framundan!

saman **Nettó**



SS *franska fyrir brögð*

999 kr.kg.
SS Grand Orange lambaleri



pú sparar **700** kr.kg.

1.299 kr.kg.

Gourmet pestó grísakötiletur



Vá!
skoðið verðið!

999 kr.kg.
Mediterranean grísakötiletur



30% afsláttur
pú sparar 1.148 kr.kg.

2.796 kr.kg.
Gourmet meyrnuð Tornadossteik




aldrei ódýrari!

499 kr.pk.
Nýveiddur blandaður humar

nettó

VERÐBÓLGA > BREYTING SAMRÆMDRAR NEYSLUVÍSITÖLU FRÁ JÚNÍ 2004 TIL JÚLÍ 2005



Heimild: HAGSTOFAN

neytendur

hagur heimilanna

VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐUR BANKA OG SPARISJÓÐA

Einfalt gert flókið

Íslenskir bankar og sparisjóðir hafa auglýst fátt meira síðustu daga og vikur en kosti þess að verða sér úti um viðbótarlífeyrissparnað.

Meðan satt og rétt er að slíkur sparnaður skipti máli þegar á aldur er komið er áriðandi að hægt sé að gera sér góða grein fyrir greiðslum þegar sextugsaldri er náð en ekki er hlaupið að því. Áhugasömum er bent á að reikna út hver sparnaðurinn yrði þegar komið er á eftirlaun miðað við mismunandi forsendur á vefsíðum fyrirtækjanna en Neytendasíðan hefur komist að því að ekki er allt sem sýnist og sammanburður allur erfiður. Það skýrist af mismunandi for-

sendum á reiknivélum fyrirtækjanna á netinu og þeirri staðreynd að afar erfitt, ef ekki vonlaust, er að reikna upp á hárlífeyrisgreiðslur 30 til 40 ár fram í tímann. Niðurstaða sumra er fyrir skatta meðan tölur annarra eru eftir skatta auk þess sem þjónustukostnaður fyrirtækja er mismunandi. Enginn ábyrgist heldur að sú ávöxtun sem notuð er við útreikninga verði raunverulega rétt þegar upp er staðið. Niðurstaðan er að heillavænst sé að áhugasamir fari milli fyrirtækjanna í eigin persónu og fái útreikning miðað við sínar forsendur en ekki viðkomandi banka eða sparisjóða.



ÆVIÁRIN Vænlegt er að skrá sig í viðbótarlífeyrissjóð til að eiga meira milli handanna þegar starfsævinni lýkur. Verra er þó að gera marktækan sammanburð milli tilboða banka og sparisjóða.

Sannleikurinn um erfðabreytt matvæli

KOSTIRNIR	GALLARNIR
Fyrir uppskeru <ul style="list-style-type: none"> Meira bragð og gæði Proskast fljótar Næringarríkara og þolnara Aukin vörn gegn pestum og skordýrum Nýjar tegundir 	Öryggi <ul style="list-style-type: none"> Hugsanleg áhrif á heilsu manna Ófyrirséð vixlæktun milli tegunda
Fyrir dýr <ul style="list-style-type: none"> Meiri framleiðsla Bætt heilsa 	Aðgengi og eignarréttur <ul style="list-style-type: none"> Matvælaframleiðsla í höndum fárra fyrirtækja Vanþróuð ríki enn háðari iðnríkjunum en nú er
Fyrir umhverfið <ul style="list-style-type: none"> Bættur og betri áburður Vernd jarðvegs, vatns og orku Bætt vinnsla úrgangs 	Síðferðilegir <ul style="list-style-type: none"> Inngrip í náttúrulegt ástand og tilurð plantna og dýra Dýragenum blandað við plöntugen og öfugt Álag á dýrin
Fyrir samfélagið <ul style="list-style-type: none"> Aukið matvælaöryggi 	Merkingar <ul style="list-style-type: none"> Mismunandi milli landa og sums staðar engar Blöndun erfðabreyttra matvæla við venjubundin vekur spurningar um merkingar
	Samfélagið <ul style="list-style-type: none"> Framfarir verða bundnar við iðnríkin



Bið eftir enska boltanum

Tæknimenn Símans hafa ekki undan að afgreiða umsóknir um áskrift að enska boltanum á Skjá einum og þurfa áhugasamir að biða í mánuð hið minnsta eftir ADSL-tengingu. Boltinn byrjar að rúlla eftir þrjár vikur.

NEYTENDUR Hafi menn hug á að gerast áskrifendur að enska boltanum hjá Skjá einum í vetur verða áhugasamir að gera sér að góðu að segja upp áskrift sinni hjá öðrum internetfyrirtækjum ellegar vona að tæknimenn Símans hafi tengt breiðband inn á heimilið. Ásóknin er engu að síður það mikil að tæknimenn gefa sér heilan mánuð til uppsetningar á ADSL sé það ekki fyrir á heimilinu og þar sem sparktíðin í Englandi hefst þann sjöunda ágúst næstkomandi með leiknum um Góðgerðarskjöldinn er hætt við að ýmsir missi af byrjuninni.

Ekki er nóg með að nýir áskrifendur verði að sætta sig við bið heldur hafa truflanir orðið vegna uppfærslu ADSL kerfis Símans og hafa allnokkrir viðskiptavinir fyrirtækisins fengið þær upplýsingar að þeir verði sambandslausir í

nokkra daga meðan það gengur yfir. Íhuga allnokkrir þeirra að skipta um þjónustuaðila.

Byrjunarkostnaður vegna ADSL-þjónustunnar er að lágmarki 8.485 krónur. Greiða þarf stofngjald að upphæð 3.995 kr., sem reyndar er frítt til 1. ágúst, greiða þarf að lágmarki 2.500 krónur fyrir tenginguna sjálfa í hverjum mánuði og að lokum tæpar 2.000 krónur fyrir áskrift að enska boltanum. Í þessu verði er ekki gert ráð fyrir internetaðgangi en það eykur kostnaðinn frekar. Ennfremur miðast áskriftin að enska boltanum við bindingu til tíu mánaða en taki menn aðeins einn mánuð í einu er það dýrara.

Margir þeir sem hafa ADSL-tengingar nú þegar frá öðrum fyrirtækjum en Símanum hafa agnúst út í nauðsyn þess að skipta um þjónustuaðila en margir eru

sammingslega bundnir til margra mánaða. Samkvæmt upplýsingum frá Og Vodafone er þó tiltölulega einfalt að skipta. Um tölvuvinnu er að ræða og þarf ekki að fá tæknimann aftur í heimsókn. Þó einföld sé tekur það fimm til sex virka daga að fá breytinguna í gegn. Þá er lína viðkomandi flutt yfir á Símann en öll önnur viðskipti fara áfram fram á sama stað og áður.

Auglýsingar Símans gefa til kynna að 90 prósent allra heimila geti tengst annaðhvort ADSL eða breiðbandinu. Sé smáa letrið skoðað er þó sá fyrirvari gerður að ekki sé hægt að ábyrgjast að allir geti tengst sjónvarpi með ADSL. Til þess verði vegalengdin frá símsstöð til viðskiptavinar að vera innan við þrjú kílómetrar að lengd.

albert@frettabladid.is

Þér er boðið!

- nýtt leiðakerfi tekið í notkun

Nýtt leiðakerfi Strætó bs. verður formlega tekið í notkun á Hlemmi laugardaginn 23. júlí kl. 13:00.

Stjórnarformaður Strætó bs., Björk Vilhelmsdóttir, býður gesti velkomna og flytur ávarp, Ásgeir Eiríksson framkvæmdastjóri kynnir nýtt leiðakerfi og Ármann Kr. Ólafsson stjórnarmaður fer yfir mikilvægi samræmds leiðakerfis fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Þá verður nýja leiðakerfið formlega tekið í notkun af borgarstjóra og bæjarstjórnum aðildarsveitarfélaga Strætó bs.

Skemmtun fyrir alla

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar, Strætókórinn syngur vel valin lög og Helgi Björnsson söngvari tekur lagið. Í framhaldi af formlegri dagskrá verður listaverkið „Klyfjasturinn“ eftir Sigurjón Ólafsson afhjúpað á nýju torgi Hlemms. Að því loknu verða ýmsar skemmtilegar uppákomur á Hlemmi. Spilabandið Runólfur slær á léttu strengi, götuleikhús lífgar upp á stemninguna, andlitsmálun verður í boði og börnin fá óvæntan glaðning.

Fritt verður í strætó helgina 23.-24. júlí. Notaðu tækifærið og kynntu þér málið. Sjá nánar á strætó.is.

Sjö sveitarfélög standa að Strætó bs.

Álfanes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.



Sumarútsölnar með rólegasta móti:

Of snemmt farið af stað

NEYTENDUR Þrátt fyrir að neytendur geti gert góð kaup víðast hvar á útsöllum sumarsins eru verslunareigendur og stjórnar sammála um að lítil stemning hafi myndast á útsöllumum þetta árið. Segja þeir tvennt koma til; annars vegar hefjist þær of snemma og hins vegar endist þær of lengi.

Í báðum verslunarmiðstöðvunum sem og víðar verða flestar verslanir með útsölur sínar út mánuðinn en fyrstu verslanirnar hófu útsölur sínar 29. júní síðastliðinn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sala almennt verið í meðallagi og undir væntingum en vafalítið er að þeir sem nýtt hafa sér útsölnar hafa fengið meiri og betri þjónustu en ef útsölutíminn væri styttri.

Á móti kemur að ýmsir neytendur telja að þær vörur sem mest er slegið af klárast fljótlega



JÁKVÆTT OG NEIKVÆTT Plússinn við langar útsölur er að flestir geta verslað í þökkalegu næði og fá þjónustu en mínusinn hins vegar sá að stemningin sem á að fylgja spennandi tilboðum er horfin.

og því er víða ekki hægt að gera eins hagstæð kaup nú og var í byrjun júlí. Þó eru ýmsar verslanir sem auka afslátt sinn þegar á

líður enda mörgum eigendum í mun að minnka lager sinn áður en haustvörurnar koma til landsins.

-aðe

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Erlendar fjárfestingar á Íslandi þurfa að aukast.

Varnarmúrar um sjávarútveg hverfi

Margir ráku upp stór augu þegar Seðlabankinn skýrði frá því fyrr í vikunni að fjárfestingar Íslendinga erlendis á síðasta ári hefðu numið 192 milljörðum króna sem er aukning upp á 581% frá árinu 2003. Í gær kom síðan fram á vef Verslunarráðsins að erlendar fjárfestingar Íslendinga á þessu ári næmu þegar 300 milljörðum króna, og er árið þó ekki nema hálfnað. Segir Verslunarráðið að ef fram haldi sem horfi kunnir fjárfestingar utan landsteinanna að nema um helmingi landsframleiðslunnar og sé það líklega heimsmet.

Sumir hafa áhyggjur af því að erlendir aðilar mundu „flytja arðinn úr sjávarútvegi úr landi“, eins og það er orðað. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er einn þeirra sem þetta hefur sagt. Þetta er bæði gamaldags og öfugsnúinn málflutningur. Ekki heyrir þetta viðhorf þegar sömu menn ræða um erlenda fjárfestingu í stóriðju hér á landi. Hver er munurinn? Og er ekki þegar um umtalsverðan fjármagnsflutning að ræða úr landi í formi vaxtagreiðslna af erlendum lánnum sjávarútvegsins sem eru umtalsverð?

Um leið og við Íslendingar hljótum að fagna sérhverju heimsmeti af þessu tagi er rétt að skoða hina hliðina á málinu. Verslunarráðið bendir á að erlendar fjárfestingar á Íslandi hafi lítt aukist á undanförunum árum. Séu það vonbrigði því hnattvæðingin verði að vera hraðbraut í báðar áttir – inn og út. Ólíkt nær öllum nágrannaþjóðum okkar hafi erlendir fjárfestar ekki sýnt landinu áhuga ef undan er skilin fjárfesting í stóriðju.

Verslunarráðið segir að Íslendingar þurfi að skoða hvað liggir hér á bak við; hvaða hindranir séu í vegi fyrir erlendum fjárfestingum hérlandis og hvernig megi örva þær. Bendir ráðið í þessu sambandi sérstaklega á hömlur þær sem ríkjandi eru í sjávarútvegi og orkubúskap. Ástæða er til að taka undir þetta. Sjávarútvegurinn var á sínum tíma í forystu á sviði útrásar á erlenda markaði og sjávarútvegsfyrirtækin voru eftirsóttustu bitarnir á hlutabréfamarkaðnum. Svo er ekki lengur. Nú er eins og einhver deyfð sé yfir þessari mikilvægu atvinnugrein. Hún hefur ekki notið þess kröftuga vaxtar sem einkennt hefur ýmsa aðra atvinnuvegi. Ein ástæðan er áreiðanlega sú að erlendum aðilum er bannað að fjárfesta með beinum hætti í útgerð og fiskvinnslu. Varnarmúrar um atvinnugreinar hafa aldrei gefist vel. Erlent fjármagn í sjávarútvegi væri hagkvæmt efnahagslega sem mótvægi við fjárfestingar utanlands, en ekki síður til að örva samkeppni og nýsköpun í atvinnugreininni innanlands.

Sumir hafa áhyggjur af því að erlendir aðilar mundu „flytja arðinn úr sjávarútvegi úr landi“, eins og það er orðað. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er einn þeirra sem þetta hefur sagt. Þetta er bæði gamaldags og öfugsnúinn málflutningur. Ekki heyrir þetta viðhorf þegar sömu menn ræða um erlenda fjárfestingu í stóriðju hér á landi. Hver er munurinn? Og er ekki þegar um umtalsverðan fjármagnsflutning að ræða úr landi í formi vaxtagreiðslna af erlendum lánnum sjávarútvegsins sem eru umtalsverð? Okkur þykir sjálfsagt að arður af íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum erlendis, t.d. Samherja í Evrópu, komi heim. Eðlilegt er að sama gildi um útlend fyrirtæki á Íslandi. Aftur á móti munu Íslendingar njóta slíks atvinnurekstrar á fjölmargan annan hátt, t.d. í formi atvinnu, skattgreiðslna og margföldunaráhrifa á öðrum atvinnusviðum. ■

Alltaf skynsamlegt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lifnar við

Mjög var yfir því kvartað í upphafi að Blaðið, sem þeir Sigurður G. Guðjónsson og Karl Garðarsson gefa út, væri dauflegur fjölmiðill, með lítt áhugaverðu efni og enga tengingu við fréttir liðandi stundar. Að undanförmu hefur mátt merkja breytingar á þessu og hefur blaðið tekið ágætis rispur. Þá birtir það stundum hressilegar og vekjandi skoðanir í leiðurum. Það hefur tekið upp hið gamla slagorð DV „frjálst og óháð“ og er þá kannski að vísa á bug lífseigum orðrómi um að ríkisfyrirtækið Síminn standi á bak við útgáuna.

Tölfræði

Þeir sem bera saman súluritin yfir lestur dagblaðanna sem birt eru á forsiðum Blaðsins og Fréttablaðsins um þessar

mundir fyrirgefst vonandi að verða hugsað til fleygra orða Mark Twain: „There are lies, damned lies and statistics.“ Á forsiðu Blaðsins er súlurit sem sem sýnir rúmlega 44% lestur þess. Munar litlu á því og Morgunblaðinu sem lesið er af tæplega 54% landsmanna. Á forsiðu Fréttablaðsins í gær kom hins vegar fram að aðeins 26% landsmanna læsu Blaðið og 35% Morgunblaðið. Fæstir rýna í smáaletrið til að athuga hvað stendur á bak við þessar tölur, en þegar það er gert kemur í ljós að verið er að nota ólíkar tölur. Blaðið miðar við „meðallestur á höfuðborgarsvæðinu“, en Fréttablaðið miðar við lesendahópinn 20-40 ára á öllu landinu.

Sveitó?

Tenglar á netsíðum geta stundum varpað áhugaverðu ljósi á þá sem að viðkom-

andi síðum standa. Eitt minnsta sveitarfélag landsins, Grenivík í Grýtbakkarhreppi heldur úti myndarlegri vefsíðu. Fremst er „ávarp sveitarstjóra“ Guðnýjar Sverrisdóttur því ekki mega höfðingjarnir gleymast, síðan kemur ýmis fróðleikur um sveitarfélagið og stofnanir þess. En það er tenglasafnið sem ýmsir hnjóta um. Hægt er að smella á sjö aðila innansveitar, stofnanir og fyrirtæki, og þrjá utan: Samband íslenskra sveitarfélaga, stjórnarráðið og Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra. Af hverju skyldi frú Valgerður vera eini einstaklingurinn sem sveitarfélagið bendir á? Getur verið að það stafi af því að þær eru systur sveitarstjórnir og ráðherra? Er þetta ekki svolítið sveitó?

gm@frettabladid.is



Blöð, lekar, morð

Það er víst ekki alltaf tekið út með sitjandi sældinni að vera blaðamaður. Undangengin tíu ára hafa 339 blaðamenn verið drepnir við iðju sína víðs vegar um heiminn, þar af voru 246 myrtir, aðrir týndu lífinu í styrjöldum, götuóeirðum og þess háttar. Af þeim 246 sem voru myrtir með köldu blóði, hafði 60 áður verið hótad lífláti, og 23 blaðamönnum var rænt og haldið í gíslingu, áður en þeim var stútað. Fórnarlömbin voru ýmist myrt til þess að refsfa þeim fyrir skrif, sem þegar höfðu birt, eða til að koma í veg fyrir frekari skrif af sama tagi. Skrif um hvað? Það segir sig sjálf, nema hvað: spillingu, mannréttindabrot og annað, sem ekki þolir dagsbirtu. Tölurnar að ofan eru teknar af vefsetri virtra samtaka blaðamanna í New York, *Committee to Protect Journalists* (www.cpj.org).

Blaðamannamorðin undangengin ár eru óvenjuleg meðal annars fyrir þá sök, að morðingjarnir komust yfirleitt undan. Af morðunum 246, sem minnst var á að framan, hafa aðeins 35 verið upplýst og morðingjarnir fengið dóm. Með öðrum orðum: 85% þessara víga eru enn óupplýst, enda þótt það blasi við að minnsta kosti í sumum tilfellum, hverjir sökudólgarnir eru. Ef blaðamaður X afhjúpar ólöglegt athæfi stjórnmálamanns Y eða viðskiptaförsu Z og er síðan skotinn til ólífis á útidyratröppunum heima hjá sér, þá þarf ekki mikla leikni í líkindastærðfræði til að leysa málið – eða hvað?

Hættulegasta landið fyrir blaðamenn er nú Írak: Þar hafa 36 blaðamenn verið drepnir síðan 1995, allir reyndar síðan Bandaríkjamenn og fleiri réðust inn í landið í marz 2003. Fram að innrásinni höfðu blöðin öll og aðrir fjölmiðlar dansað eftir pípu einræðisherrans, Saddams Hussein, engin óþægð þar, ekki

Í DAG

BLAÐAMENN OG
BLAÐAMENNSKA



ÞORVALDUR
GYLFASSON

Nú situr þekktur bandarískur blaðamaður í fangelsi fyrir að neita að rjúfa trúnað við heimildarmann, sem óskaði nafnleyndar.

fyrir en nýir fjölmiðlar kvöddu sér hljóðs eftir innrásina. Næsthættulegast er Alsír, þar sem ofsatrúarmenn eru að reyna að ná völdum af núverandi herstjórn. Þá kemur eiturlyfjabælið Kólumbía og þá Rússland, þar sem 29 blaðamenn hafa týnt lífi síðan 1995, margir að vísu í Tset-seníu, alræmdu öfriðarbæli, en samt ekki allir: ellefu blaðamenn hafa verið myrtir í Rússlandi, síðan Pútín komst til valda árið 2000. Öll þessi morð bera svip leigumorða. Ekkert þeirra hefur verið upplýst.

Blaðamenn í okkar heimshluta þurfa ekki að óttast um líf sitt. Og þó: Rússland er í okkar heimshluta. Íslenskir blaðamenn hafa verið óhultir, að minnsta kosti á friðartímum, allar götur síðan Jón Ólafsson ritstjóri (1850-1916) þurfti að flýja land í tvígang vegna ógætilegra skrifa um yfirvöld. En þá er einnig þess að gæta, að fram á síðustu ár hafa íslenskir fjölmiðlar margir hverjir verið frekar auðsveipir stjórndöldum og þá um leið ýmsum oddvitum viðskiptalífsins, enda voru þeir margir handgengnir stjórnmálaflokkun-

um og öfugt. Dagblöðin voru flest flokksblöð og þögðu um ýmis óþægileg mál. Fámenni landsins átti trúlega þátt í þessu háttalagi og á enn, því að til að mynda spilling er óþægilegri um að fást í návígi en úr fjarlægð. Mestan þátt í ósjálfstæði flestra íslenskra fjölmiðla fram á síðustu ár átti veldi stjórnmálaflokkanna langt umfram umsvif þeirra í nálægum löndum. Valdreiðing undangenginna ára hefur grafið undan veldi flokkanna og skapað skilyrði til aukinnar grósku í fjölmiðlaheiminum, og þá byrjaði að molna úr þagnarmúrnum. Nokkrir hugrakkir blaðamenn hafa gengið á undan með góðu fordæmi.

Nú situr þekktur bandarískur blaðamaður í fangelsi fyrir að neita að rjúfa trúnað við heimildarmann, sem óskaði nafnleyndar. Annar blaðamaður hafði birt nafn á starfsmanni leyniþjónustunnar CIA fyrir nokkru og borið fyrir sig hátt setta embættismenn í Hvíta húsinu. Það varðar við bandarísk lög að ljóstra upp nöfnum njósnara, svo að grunur vaknaði um lögbrot í innsta hring Bush forseta. Viðurlögin eru allt að 20 ára fangavist. Eftir mikla reki-stefnu var sérstökum saksóknara falið að rannsaka málið. Hann kallaði meðal annarra fyrir sig blaðamann *New York Times*, konu, sem hafði víðað að sér efni í grein um málið, en ekkert birt af því enn. Hún neitaði að segja til heimildarmanns síns og situr því inni. Annar blaðamaður leysti frá skjöldunni. Nú ganga ritstjórnir fram fyrir skjöldu og lýsa því, að þeir þurfi að neita lesendum um leknar upplýsingar, því að þeir eigi nú tveggja kosta vól: að ljóstra upp um þá, sem láku, yrði þess krafizt fyrir rétti, eða fara í fangelsi. Af tvennu illu þykir þeim flestum skárna að sitja á upplýsingunum en að sitja í fangelsi. ■

Staðalímyndir í auglýsingum

Á hvaða tímum lifum við?

Karlinn er heimskur og konan röflar

- ekki satt?

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Varanleg verðlækkun á öllum helstu neysluvörum!

Nóatún lækkar verð á öllum helstu neysluvörum heimilanna! Nú átt þú enn auðveldara með að klára öll innkaupin í Nóatúni þar sem besta kjötborð landsins er og vöruúrvalið er mun meira!

Komdu og kláraðu öll innkaupin á einum stað!

Verðdæmi:



MYLLU HEIMILISBRAUÐ

169 kr. pk

Verð áður 199 kr. 1l



MERRILD KAFFI 103

299 kr. 500 g

Verð áður 385 kr. 500 g



NEUTRAL ÞVOTTAEFNI

379 kr. 2 kg

Verð áður 449 kr. 2 kg



FRÓN MJÓLKURKEX

149 kr. 400 g

Verð áður 169 kr. 400 g



HUNT'S TÓMATSÓSA

149 kr. 907 g

Verð áður 189 kr. 907 g



BRAZZI EPLA OG APPELSÍNU

99 kr. 1l

Verð áður 139 kr. 1l



RITZ KEX

79 kr. pk

Verð áður 99 kr. pk



DORITOS COOL AMERICA

199 kr.

Verð áður 269 kr.



BARILLA SPAGHETTI

129 kr. 1 kg

Verð áður 149 kr. 1 kg



MARYLAND COCONUT

99 kr. pk

Verð áður 129 kr. pk



NÓATÚN

OPIÐ
TIL KL. **21** ALLA DAGA

Við þurfum að fá fleiri hvali á grillið

UMRÆÐAN

HVALVEIÐAR



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
ALÞINGISM. FRJÁLSYNDA FLOKKSINS

Dapurlegt var að lesa nýlega yfirlýsingu frá Hvalaskoðunarsamtökum Íslands þar sem samtökin fundu veiðum á hreinu í vísindaskyni allt til foráttu og töldu þær skaða ferðaþjónustuna. Að sama skapi er svo ánægjulegt að lesa fréttir um það að hreinkjötið fær afbragðs viðtökur neytenda. Íslendingar eru óðum að uppgötva að þetta er úrvals matur.

Fitusnautt kjöt af villibrád sem nærast á krabbáðrum og fiski í hreinu og ómenguðu hafi norðurslóða.

Það er slæmt að við skulum ekki nýta hvalastofna við landið meira en raun ber vitni. Hvalirnir skipta tugum þúsunda. Okkur ber að stunda veiðar á þessum dýrastofnum, rétt eins og við nýtum villta dýrastofna sem lifa á landi. Þrátt fyrir þetta er í gildi fáránlegt hvalveiðibann. Einungis er leyft að skjóta örfáar hreinfur á hverju sumri til vísindarannsókna. Í ár verða þær alls 39. Í fyrra voru þær 25 og 36 árið 2003. Þetta er í raun ekkert til að gera veður út af.

Síðustu áratugi hefur ferðaþjónustu vaxið fiskur um hrygg. Ekkert nema gott um það að segja. Gleym-

um þá ekki að við sem búum í þessu landi erum hluti af þeirri náttúru og menningu sem við seljum ferðalöngum. Hvalveiðar og ferðamennska (þar með talin hvalaskoðun) geta vel farið saman. Við eigum ekkert að skammast okkur fyrir það að nýta endurnýjanlegar náttúruauðindir eins og hvalastofnana. Íslenska eyþjóðin hefur frá landnámi aflað sér lífíbrotis af því sem náttúran gefur – það að sækja mat úr hafinu er hluti af menningu þeirra þjóða sem lifa við Norður-Atlantshaf. Viljum við vera öðruvísi en nágrannar okkar í Noregi, Færeyjum og Grænlandi þar sem hvalveiðar eru stundaðar án þess að sjá megi að ferðaþjónusta þar biði skaða af?

Þegar litid er til hvalveiða undan-

farin ár, er einmitt áhugavert að skoða reynslu nágrannalanda. Norðmenn hafa til dæmis um árabil veitt fleiri hundruð hreinfur árlega. Í sumar verða tæplega 800 dýr tekin á hafsvæðinu frá Norðursjó og norður að Svalbarða. Norðmenn láta ekki mótmæli hvalaverndunarsinna slá sig út af laginu. Enda engin ástæða til. Þeir stunda einnig öfluga markaðssetningu á afurðunum. Markaðssamtök fyrir hreinfur í Noregi (www.hvalbiff.no) auglýsa grimm og eru með góða heimasíðu sem ætti að vera okkur íslendingum til fyrirmyndar. Þar eru ótal uppskriftir og gömsætum kjótréttum, en líka fróðleikur. Til dæmis um veiðar, hvalategundir, rannsóknir og krækjur á heimasíður hvala-


fríðunarsinna og hvalveiðiskoðunarfyrirtækja.

Árangur Norðmanna vekur svo aftur upp spurningar um hvernig staðið er að þessum málum hér á landi. Ríkisstjórnin á litid lof skilið fyrir það hvernig hún hefur höndlað hvalveiðimálin. Vinnubrögðin einnast af kjarkleysi og hálfkákí. Sjávarútvegsráðuneytið eyddi rúmlega 100 milljónum króna í kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum á árunum 1998 til 2003. Það er ráðgáta í hvað og hvert þessir peningar hafa farið, því sorglega hægt hefur miðað í þessum málum alltof lengi. Einungis 39 hreinfur til boða á diska landsmanna sumarið 2005 segja meira en mörg orð um það. ■

Morgundagurinn

UMRÆÐAN

LANDNEMA-
BYGGÐIR Í ÍSRAEL



URI AVNERI

Jafnvel þó landtökumennirnir vildu stöðva lestina eins og vesalings lestarstjórnin, þá gætu þeir það ekki. Það er í eðli ofstækisfullra hreyfinga að ala af sér enn ofstækisfullari hreyfingar sem loks geta af sér hreyfingar sem eru jafnvel enn þá öfgafyllri.

Fyrir nokkrum vikum skók hræðilegt lestarslys Ísrael. Þungaflytningabíll var að fara yfir lestarteina þegar lest nálgadist á miklum hraða. Lestarstjórnin sá bilinn en gat ekki numið staðar í tæka tíð. Bílstjórnin sá lestina en gat ekki farið af teinunum í tíma. Afleiðingin var sú að margir fórust, margir særðust og eyðuleggingin var algjör.

Nú, þegar brottflutningurinn frá Gush Katif nálgast, vofir svipad slys yfir. Lest landtökumanna nálgast banvæn brautarmótin á fullum hraða. Aðeins kraftaverk getur fengið landtökumennina til að bremsa í tæka tíð. Aðeins

kraftaverk getur komið í veg fyrir banvænan árekstur.

Eins og mál horfa við núna, þá virðist líklegt að áreksturinn leiði af sér mestu breytingar í sögu Ísrael síðan í stríðinu 1967.

Landtökumennirnir geta ekki stoppað og vilja það ekki heldur. Þá hungur í orrustu. Þeir eru fullvissir um mátt sinn. Eftir margra ára leynilegt samstarf eru þeir sannfærðir um að ráðamenn í ríkisstjórninni, embættismenn hersins og opinberir starfsmenn standi með þeim. Þeir fyrirliða fólkid í hinum herbúðunum. Þeir hafa í raun svipaðan ímugust á lýðræðislegum meirihlutunum og fasisku einræðisherrarnir á þriðja áratugnum höfðu á „úrkyndu“ og „rotnuðu“ lýðveldunum.

Jafnvel þó landtökumennirnir vildu stöðva lestina eins og vesalings lestarstjórnin, þá gætu þeir það ekki. Það er í eðli ofstækisfullra hreyfinga að ala af sér enn ofstækisfullari hreyfingar sem loks geta af sér hreyfingar sem eru jafnvel enn þá öfgafyllri. Þær geta ekki haft taumhald á afkvæmum sínum og öflin á jaðrinum ráða ferðinni. Einhver hefur ofbeldið og hleypir af fyrsta skotinu. Þúsundur aðdáenda Yigals Amir, launmorðingja Yitzhaks Rabin, þyrstir í sinn skerf af dýrðinni.

Uri Avnery er rithöfundur, stjórn-málamaður og stofnandi ísraelsku fríðarsamtakanna Gush Shalom. Grein hans er birt í heild á skoðana-síðunni á netmiðlinum Vísi. ■

Bókstafstrú - hin leynda hætta

UMRÆÐAN

HRYÐJUVERK
OG BÓKSTAFSTRÚ



SÆRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON

Í kjölfar hryðjuverkanna í London hefur farið fram mikil umræða í fjölmiðlum um þá hugmyndafræði sem býr á bak við slíkra siðlausra árasa. Hvað er það eiginlega sem fær menn til þess að myrða saklaust fólk á þennan hátt, með því að sprengja sjálfan sig í loft upp innan um varnarlaus borgara?

Lengi hefur það verið haft fyrir satt að það sem knýr menn til að fremja vöðaverka af þessu tagi sé fátækt og vonleysi, örvænting, fáfræði og úrræðaleysi einstaklinga sem aldrei eru upp við ill kjör í fátækrahverfum þriðja heimsins. Hryðjuverkaárásir séu því í rauninni á ábyrgð Vesturlanda sem hafa farið illa með fyrrum nýlendur sínar. Nú hefur aftur á móti komið í ljós að þeir sem frömdu morðin í London voru breskir ríkisborgarar úr millistítt, menn sem á engan hátt liðu skort né þeirra fjölskyldur. Hið sama átti við morðingjana sem flugu fráþegabotunum á turnana í New York 11. september árið 2001 og þá sem stóðu á bak við árásirnar í Madrid fyrir skömmu. Þeir voru allir vel stæðir og vel menntaðir. Þannig að ekki var það vonleysi eða fátækt sem að baki bjó. Svo virðist sem drifkrafturinn hafi verið hugmyndafræði sem kennir er við íslamska bókstafstrú. Morðingjarnir töldu sig vera að þjóna einhverjum æðri trúarlegum málstað, heilögu stríði gætum við kallað það. En hvað er þessi bókstafstrú? Og hvað er það við bókstafstrú sem fær menn til að fremja slík vöðaverk?

Með hugtakinu bókstafstrú er

ekki aðeins átt við bókstaflega trú á merkingu einhvers trúarrits. „Bókstafstrú“ er þýðing á enska orðinu „Fundamentalism“. Merking orðsins er í raun „grundvallarhyggja“ eða trú á grundvallartriðin.

Hugtakið var fyrst notað um tólf bæklinga sem voru gefnir út af íhaldsömum kristnum guðfræðingum í Bandaríkjunum á árunum 1910-1915. Í þessum bæklingum færðu guðfræðingarnir rök fyrir því að veröldin væri á valdi hins illa en það eina sem gæti bjargað henni væri ef menn sneru sér aftur til hinna gömlu gilda, til grundvallarins. Síðan hefur þetta orð verið notað um ákveðna tegund öfgatruarhópa af öllum trúarbrögðum heimsins, hindúíska, búddíska, kristna, gyönglega og múslímska.

Samkvæmt fundamentalistum eða bókstafstrúarmönnum er heimurinn í dag á villigötum. Þannig kenna íslamskir fundamentalistar Veturlöndum um allt sem miður fer í hinum múslímska heimi því Vesturlönd standa fyrir nútímann með lýðræðishugjónum sínum og tján-ingarfrelsi. Þeirra verst eru Bandaríkin „hinn mikli Satan“ eins og Komeini erkiklerkur í Íran kallaði þau. Fundamentalistunum finnst nútíminn þrengja að sér og niðurlægja menningu sínu og trú. Þeir sjá aftur á móti ekki að rót vandans er ekki sist óstjórn, stöðnun, kúgun og einræði í hinum íslamska heimi. Þeir trúa því að áður fyrir hafi verið gullöld þegar trúin, þeirra trú, var leiðandi afl í samfélaginu. Eina leiðin til að bjarga nútímanum telja þeir vera að hafna heitimanum og snúa sér aftur til grundvallarins, til upphafsins. Upphafið er síðan að finna í Kóraninum.

En vel að merkja, það getur ekki hver sem er tilkalla trúarritin. Aðeins ákveðnir leiðtogar geta það. Þeirra túlkun ein er rétt. Og þar liggur hin leynda hætta funda-

mentalismans. Ekki í trúarritinum eða átrúnaðinum, heldur leiðtogunum. Því sumir leiðtogarnir segja sem svo að ekki sé nóg að hafna heiminum og leita á náðir trúarinnar. Nei, það verður að sprengja nútímann í loft upp, ráðast gegn honum með alvæpni, hrinda af stað heilögu stríði til að hann farist. Þetta á við alla fundamentalista, sama á hvað þeir trúa. Upp úr öfriðarbálinu ris síðan ný gullöld trúarinnar, nýtt Ísrael, nýtt heimsveldi Íslam, ný öld kristinnar, allt eftir því úr hvaða herbúðum er predikað. Og þá skiptir heldur engu þó öll þessi trúarbrögð séu á móti morðum og boði miskunn – ef leiðtogarnir segja annað. Þess vegna eru ungir menn, ungir vel menntaðir múslímar, tilbúnir að myrða og sprengja sig í loft upp. Þeir trúa því að þeir séu með því að fórna sjálfum sér að koma á nýrri og betri veröld. Sjálfir öðlist þeir fyrir laun á himnum.

Til að stöðva þá ógn sem frá fundamentalistum stafar þarf því að ráðast gegn forystumönnum slíkra hreyfinga. Og að sjálfsgöðu þeim aðstæðum sem hjálpa þeim að fá til sín nýliða. Í þeirri baráttu þurfa hófsamari trúarleiðtogar að leggja sitt að mörkum með stjórnvöldum ef árangur á að verða. Ekkert annað getur þegar til lengri tíma er litid komið í veg fyrir sjálfs-morðsárásir bókstafstrúaðra múslíma svo dæmi sé tekið. Það er ekki nóg að fordæma árásirnar sem slíkar. Það þarf að fordæma þá hugmyndafræði sem þær byggja á og þá leiðtoga og skóla sem á bak við standa. Það hafa trúarleiðtogar múslíma ekki gert. En á meðan flykkjast ungir menn undir merki öfgasinna eins og Komeinis sem sagði: „Þeir sem vita ekkert um íslam segja að það sé fríðartrúnaður. Þeir eru heimskir. Íslam segir þvert á móti; drepið alla óvini ykkar“. ■

DW

Fundaði með ráðherra um embætti útvarpsstjóra

Páll Magnússon hættur á Stöð 2 og sækir um embætti Útvarpsstjóra

Þeirir þegar aðrir þegja!

Nýja leiðakerfið er fyrir Seltirninga

UMRÆÐAN

NÝTT LEIÐ-
KERFI STRÆTÓ



INGA HERSTEINSDÓTTIR

Bílaeign Seltirninga sem og annarra landsmanna hefur farið hráðvaxandi á undanförunum árum. Víst erum við háð þessum arftaka þarfasta þjónsins en væri ekki í lagi að staldra við á þessum tímamótum og skoða aðra raunhæfa valkosti. Tímamótin felast í því að um næstu helgi verður í fyrsta sinn tekið upp nýtt og samræmt leiðakerfi Strætó fyrir allt höfuðborgarsvæðið, leiðakerfi sem er beinlínis hannað með þarfir íbúa höfuðborgarsvæðisins í huga.

Núverandi kerfi er arfleifð undanfarinna ára og áratuga þar sem sífellt hefur verið bætt við eldra kerfi. Nú hefur hins vegar verið farið í sérstaka vinnu til að skilgreina þarfir íbúa og markmið leiðakerfisins. Markmiðin eru einföld:

- Að veita núverandi notendum betri þjónustu
- Að fjölga farþegum
- Að efla almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Stofnleiðir verða sex og þær eiga að þjóna fjölmennustu leiðunum og með meiri tíðni en aðrar leiðir. Almennar leiðir verða einnig sex og hverfaleiðir sjö. Tvær almennar leiðir þjóna Seltjarnarnesi og stoppa á sömu stöðum og „þristurinn“ og „Grandavagninn“ gera nú þó svo framhald leiðanna verði ekki alveg það sama og áður.

Nesleiðin, sem verður nú númer 11, eður sama hring um Nesið eins „þristurinn“ gerir nú. Fyrir utan sjálfan Neshringinn fer hann að mestu leyti sömu leið fram og til baka um Nesveg, Lækjartorg, Hlemm, Háaleitisbraut, Bústaðaveg, Mjódd og loks um Dalveg í Smáránn og Smáralind. Þetta þýðir ekki endilega að fljótlegasta leiðin í Smáralind sé að sitja í sama vagni alla leið, en fyrir þá sem það vilja er það hægt. Grandavagninn fer hins vegar hring í vesturbænum og þaðan um Lækjartorg, Hlemm, Löngu-hlíð framhjá Perlunni og Kringlunni að Landsspítala í Fossvogi.


Nýtt leiðakerfi Strætó miðar að því að þjóna betur fjölmennustu vinnustöðunum á höfuðborgarsvæðinu, einnig fjölmennum íbúðahverfum og verslunarmiðstöðvum, skólum og sjúkrahöfnum svo eitthvað sé nefnt. Ferðatími styttest og skiptingar verða færri. Ferðir verða tíðari á álagstímum. Með þessu verður Strætó hagkvæmari, notendavænni og einfaldlega umhverfisvænni valkostur.

Það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja en vissulega má reyna að breyta venjunum smám saman til dæmis með því að venja sig á að geyma bílinn heima einn dag í viku til að byrja með. Kannski verða heimadagarnir þeir tveir eða þrjú áður en við vitum af. Þannig getum við stefnt að því að gera almenningsamgöngur að raunhæfum valkosti og í leiðinni sparað fyrir okkur sjálf og minnkað stressið með því að losna við umferðaöngþveitið.

Seltirningar, gefum nýja leiðakerfinu verðskuldað tækifæri! Tökum Strætó alla leið.

Höfundur er verkfræðingur og fulltrúi Seltjarnarness í stjórn Strætó. ■

Skemmtileg útilega þarf ekki að kosta mikið



Gelert Candiz rúmgott
6 manna tjald með tveim
svefnholum.

Ytra tjald: 190T polyester
með PU vörn

Botn: Úr vatnsheldu polyethylene

Innra tjald: 460x240x180 cm

Þyngd: 11 kg



Vandaðar útilegu vörur
á ótrúlegu verði

1.999 kr



Útivistarbókin

14.999 kr

Verð áður 19.999



Útilegustóll
m/glasahaldara

999 kr

Ferðagasgrill

3.999 kr

Verð áður 5.999



Útileguhægindastóll

Einfaldur og sterkur bekkur sem er settur
saman með einu handtaki. Niðsterkt og
vatnsvarið teflonhúðað nylon, stálgrind.

2.999 kr



499 kr

Útilegulampi



499 kr

Brauðrist
fyrir 4 brauðsneiðar



499 kr

Ferðakoddi
þægilegur, fyrirferðalitill og mjúkur



1.999 kr

Verð áður 2.699

Vindsæng tvöföld
195 x 140 x 20 cm



1.999 kr

Verð áður 2.999

Bakpoki 20 ltr.
polyester m/brúsa



1.499 kr

Verð áður 1.799

Bakpoki 18 ltr.
polyester

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN

www.hagkaup.is

grænt númer

800 6680

sími

568 2255

HAGKAUPA

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.209,80 +0,20%

Fjöldi viðskipta: 192
Velta: 2.60 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Og Vodafone +0,73%
Össur +0,64%
Landsbankinn +0,57%

MESTA LÆKKUN

↓ Atorka -3,23%
Icelandic Group -1,40%
Mosaic Fashions -0,74%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,10 +0,00% ... Bakkavör 38,60 +0,26%... Burðarás 16,40 +0,00%... FL Group 14,50 +0,00% ... Flaga 4,75 +0,00% ... HB Grandi 8,20 +0,00% ... Íslandsbanki 13,55 +0,00% ... Jarðboranir 21,60 +0,00% ... KB banki 549,00 +0,18% ... Kögun 58,80 +0,00% ... Landsbankinn 17,70 +0,57% ... Marel 58,40 +0,00% ... SÍF 4,82 +0,00 ... Straumur 12,25 -0,41% ... Össur 78,50 +0,64%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á visir.is](http://nánar.avisir.is)

Peningaskápurinn...

Færri Moggar

Mogginn seldist í 2.322 færri eintökum að meðaltali á dag á fyrstu sex mánuðunum í ár miðað við sama tímabil árið 2004. Að jafnaði selst blaðið í tæpum 51.000 eintökum á dag. En hver gæti tekjumissir blaðsins verið? Mánaðaráskrift að Mogganum kostar 2.400 krónur á mánuði og eintakið út úr búð á virkum degi um 220 krónur þannig að gera má ráð fyrir að útgáfufélagið Árvakur verði að minnsta kosti af um fimm milljónum króna á mánuði vegna samdráttar í áskrift og lausasölu. Á ári gerir þetta um 60 milljónir króna. Erfitt er að áætla hvort félagið tapi einnig auglýsingatekju en þó má ætla það í ljósi lækkandi auglýsingaverðs á prentmiðlamarkaði og minni lesturs á blaðinu.

Hækkandi áskriftaverð

Oft er sagt að það fyrsta sem fólk losar sig við þegar illa árar séu fjölmiðlar. Góðæristími sem þessi er sennilega eina leiðin fyrir fjölmiðla að hækka áskriftargjöld. Ein leið fyrir Moggann til að bregðast við þessum tekjumissi er að hækka áskriftaverðið eins og Stöð 2 hefur tilkynnt um. Hækkaði áskrift stöðvarinnar um átta prósent í gær og kostar mánuður í almennri áskrift 5.295 kr. Forráðamenn Stöðvar 2 segja að eftir hækkunina hafi áskriftarverðið hækkað um 3,6 prósent að meðaltali á ári frá 1998 en afnotagjald RÚV um 3,7 prósent. Einnig benda þeir á að launavísitalan hafi hækkað um 5,2 prósent og neysluverðsvísitalan um 3,45 prósent á sama tíma. Ekki er vitað af hverju viðmiðunin miðast við sjö ára tímabil en varla getur það verið tilviljun ein.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Kynningarfundur KB banka fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 29. júlí. Þar mun **Hreiðar Már Sigurðsson** kynna afkomu bankans og svara spurningum.

Alþjóðlega matsfyrirtækið **Moody's Investors Service** staðfesti í gær lánshæfiseinkunn Íslands og breyttist hún þar af leiðandi ekki.

Í ljósi aukinnar hættu á verðbólgu vegna veikingar krónunnar á næsta ári telur **greiningardeild Landsbankans** að Seðlabankinn hækki vexti um 0,25-0,5 prósentur í byrjun ágúst og aftur um 0,25 prósentur í lok september.

365 kaupa Sagafilm

Kaupverð er 125 milljónir króna. Framkvæmdastjóri 365 horfir til nágrannalandsanna.

365 ljósvakamiðlar hafa keypt allt hlutfé í Sagafilm, sem framleiðir auglýsingar og efni fyrir sjónvarp. Segir í tilkynningu frá 365 að Jón Þór Hannesson, stofnandi og framkvæmdastjóri Sagafilm, muni starfa áfram að uppbyggingu og útrás fyrirtækisins.

Kaupverð er 125 milljónir króna og nema vaxtaberandi skuldir félagsins 45 milljónum. Áætluð ársvelta Sagafilm er um 580 milljónir króna og gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu rétt eins og í fyrra.

Gunnar Smári Egilsson framkvæmdastjóri 365 ljósvakamiðla segist hafa mikla trú á Sagafilm: „Fyrirtækið hefur verið starfrækt í tæp þrjátíu ár og er réttnefnt móð-



JÓN ÞÓR HANNESSON STOFNANDI SAGAFILM Jón Þór mun áfram starfa hjá Sagafilm þrátt fyrir að fyrirtækið sé nú í eigu 365 ljósvakamiðla.

urskip í þessum bransa.“

Gunnar segir markmið 365 að einingar innan fyrirtækisins geti starfað sjálfstæðar og sótt fram á eigin forsendum: „Starfsemin þarf ekki endilega að einkskorðast við Ísland og lítum við þá helst til nágrannalandsanna. Til að mynda er Sagafilm framarlega í framleiðslu auglýsinga, og þá þekkingu má nýta til sóknar.“

Forréttindi að stjórna fyrirtæki á Nasdaq

Bandaríski hlutabréfa-markaðurinn harður hús-bóndi en um leið hvetjandi, segir Kári Stefánsson forstjóri ÍE.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, sagðist líta á það sem forréttindi að stjórna fyrirtæki sem skráð væri á bandaríska Nasdaq-markaðinn, þegar það kom í hans hlut að opna fyrir viðskipti á Nasdaq í gær morgun. Þar væru helstu tæknifyrirtæki heimsins í dag skráð.

Tílfnið var að fimm ár eru liðin frá því að deCODE genetics var



RAFREN UNDIRSKRIFT Eftir að hafa flutt stutta tölu og opnað Nasdaq markaðinn í gær þurfti Kári Stefánsson að skrifa nafn sitt á skjá.

fyrst skráð á markað í Bandaríkjunum.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Kári að viðskiptaumhverfið þar ytra væri allt annað en þekktist á Íslandi, sem væri dvergmarkaður í samanburðinum. Þetta væri harðari heimur og ekki alltaf dans á rósum. Um leið væri umhverfið hvetjandi, veitti aðhald og krefðist þess að allir legðu sig fram við að skapa gott og framsækið fyrirtæki. Með skráningu á Nasdaq fengi deCODE aðgang að peningum, erlendir greiningaraðilar fjölluðu um fyrirtækið og skoðuðu það á gagnrýnni hátt og bandaríska fjármálaeftirlitið tryggði ákveðinn trúverðuleika. „Það er mikilvægt atriði fyrir rekstur fyrirtækis og fyrir það er ég þakklátur,“ sagði Kári.

Hann sagði þetta hafa verið mikla ævintýraför, spurður um það hvað standi uppúr síðustu fimm ár. Gaman væri að horfa til baka frá því að fyrirtækið var stofnað fyrir níu árum. Sambærileg fyrirtæki, sem voru stofnuð á svipuðum tíma, væru ekki lengur starfandi. Fyrst fyrirtækja hefði deCODE náð að

Síðan deCODE var skráð á Nasdaq-markaðinn fyrir fimm árum hefur rekstrarumhverfi líftækni-fyrirtækja gjörbreytst. Sú bjartsýni sem ríkti meðal fjárfesta í garð þessara fyrirtækja er horfin að mestu leyti en mikill taprekstur hefur einkennt geirann.

Áður en deCODE var skráð hafði nýtt hlutfé verið boðið út fyrir sautján milljarða króna á genginu átján dalir á hlut. Lokagengi fyrsta viðskiptadags hjá fyrirtækinu var 25,44 dalir á hlut. Síðan hefur verið á hlutabréfum í félaginu fallið um 60 prósent. Í samanburði við önnur líftækni-fyrirtæki hefur deCODE spjarað sig vel. Transgenomic er líftækni-fyrirtæki sem var skráð á Nasdaq sama dag og deCODE og var lokagengi þess fyrsta daginn um 24 dalir á hvern hlut. Gengi þess hefur á þessum fimm árum fallið um 95 prósent og er komið undir einn dal.

einangra meingen og í kjölfarið þróað lyf sem nú væri í klínískum prófunum. „Ég er þakklátur fyrir þetta allt saman,“ sagði Kári.

Skráningarlýsing Icelandic Group - júlí 2005

Skráningarlýsingin er gefin út vegna hækkunar á hlutfé Icelandic Group hf. fjárhæð 616.707.297 krónur að nafnverði þann 30. maí 2005. Hækkunin var skráð í Kauphöll Íslands hf. 10. júní 2005.

Hækkunin var afhent hluthöfum í Sjóvík ehf. sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Sjóvík ehf.

Hlutfé félagsins eftir hækkunina er 2.168.091.382 kr. að nafnverði.

Þar sem hlutfé Icelandic Group hf. hefur verið hækkað samtals um meira en nemur 10% af heildarhlutfé ber félaginu að gefa út skráningarlýsingu samkvæmt gr. A-lið 3tl. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999.

Allt hlutfé Icelandic Group hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og auðkenninu SH.

Skráningarlýsinguna er hægt að nálgast hjá Icelandic Group hf., Borgartúni 1, Reykjavík og á vefsíðu félagsins www.icelandic.is og hjá umsýgnaraðila skráningarinnar, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík og á vefsíðu bankans www.landsbanki.is

Landsbankinn

Kaup á Jane Norman í bígerð

Baugur Group er í viðræðum við eiganda tiskuverzlunarkeðjunnar Jane Norman um kaup á 30-40 prósent hlut í fyrirtækinu samkvæmt the Times. KB banki er sagður fjármagna kaupin fyrir Baug. Fjárfestingarfélagið Graphite Capital hefur verið eigandi Jane Norman síðan árið 2003. Þá var kaupverðið um 70 milljónir punda sem gerir um átta milljarða króna í dag. Stjórn félagsins gekk til viðræðna við Baug eftir að ákveðið var að selja hluta keðjunnar fyrr á þessu ári. Þetta gætu orðið fyrstu kaup Baugs á Bretlandseyjum eftir að félagið dró sig úr hópi fjárfesta sem hyggjast yfirtaka Somerfield. Verslanir Jane Norman eru um eitt hundruð en keðjan var stofnuð árið 1952 af Norman Freed.



JANE NORMAN Baugur Group er kominn í viðræður við fjárfestingarfélag um kaup á hlut í Jane Norman.

Afneita ummælum stjórnanda



JÓN KARL ÓLAFSSON

FL Group sendi frá sér tilkynningu til Kauphallarinnar í gær vegna ummæla sem voru höfð eftir Jóni Karli Ólafssyni, framkvæmdastjóra Icelandair – eins af fjórtán dótturfélögum FL Group – sem birtust í breska blaðinu Scotsman þann 13. júlí síðastliðinn. Þar á hann hafa sagt að Icelandair og breska laggjaldaflugfélagið easyJet ættu ekki margt sameiginlegt og ekki væri stefnt á samruna félagsanna. FL Group er næststærsti eigandinn í easyJet. Jón Karl sagði enn fremur að fjárfestingin í easyJet hefði margþorgað sig. FL Group segir að orð Jóns Karls endurspeglgi ekki viðhorf stjórnenda móðurfélagsins til easyJet en allar ákvarðanir um fjárfestingar FL Group séu teknar af stjórn þess.

- eþa

ÓTRÚLEGT TILBOÐ



www.tolvulistinn.is

ACER 1692WLMI 1.73GHz FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

INTEL DOTHAN 2MB

Intel Centrino Dothan er með 2MB flýtiminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni.




15,4" CRYSTALBRITE

15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



8xDVD± SKRIFARI

Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



128MB ATI X700

Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík



TENGINGAR

Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared, VGA, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.



ÞYNGD OG RAFHLAÐA

Acer Aspire fartölvan er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tímar



Örgjörvi	1.73GHz Pentium M Dothan740 Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache
Vinnsluminni	1GB 533MHz Dual DDR2 Einfalt að stækka minnið í 2GB
Harðdiskur	100 GB 5400RPM diskur 5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari	8xDVD±RW Dual Layer skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjækort	128MB ATI Radeon X700 Sjálft.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggð 56k mótald
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggð 802.11g með lofneti í skjá
Stýrikerfi	Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku
Annað	4 in 1 minnis-kortalesari Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

VERÐ 149.900

Á tilboði meðan birgðir endast



Öll helstu tölvukaupalán eins og Visa/Euro raðgreiðslur að 36 mánuðir, VÍS tölvukaupalán að 48 mánuðum sem og lán frá bönkum og sparisjóðum

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór Jónsson

frá Sunnutúni, Eyrarbakka, Baugstjörn 6, Selfossi,

verður jarðsungið frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 23. júlí nk. kl. 13:30.

Valgerður Jóna Pálsdóttir

Ingunn Hinriksdóttir

Jón Halldórsson

Stefán Anton Halldórsson

Páll Halldórsson

Anna Oddný Halldórsdóttir

Sigurður Ingólfsson

Svana Pétursdóttir

Erna Friðriksdóttir

Ingibjörg Eiríksdóttir

Jón Arnar Sigurðsson

afabörn og langafabörn



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Sæmundsson

Briti,

Ljósheimum 8a,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 17. júlí. Útförin fer fram í Fríkirkjunni mánudaginn 25. júlí kl. 13:00.

Margrét Kr. Sigurpálsdóttir

börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,

Hallfreður Örn Eiríksson

Háaleitisbraut 56, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, sunnudaginn 17. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar, sími 510 2100 eða aðrar líknarstofnanir.

Olga María Franzdóttir.



Þökkum auðsýnda samúð og vinarþel vegna andláts

Ástu Einarsdóttur

frá Reykjadal, Uppsölum, Vestmannaeyjum.

Dætur og tengdasynir.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, fyrrverandi sambylismaður, sonur og bróðir,

Gestur Bjarnason

frá Fremri-Hvestu í Arnarfirði,

Minningarathöfn fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 23. júlí kl. 13.30.

Elvar Geir Gestsson, Ásdís Gestsdóttir,

Linda Ström,

Ævar Örn Ómarsson,

Arnar Geir Gestsson, Guðrún Geirsdóttir, Ragnhildur Finnbogadóttir, Sigríður Bjarnadóttir, Guðbjartur Ingi Bjarnason, Margrét Bjarnadóttir, Guðbjörg Bjarnadóttir, Kristófer Bjarnason, Marínó Bjarnason, Jón Bjarnason, Ingibjörg Bjarnadóttir, Elín Bjarnadóttir, Gestný Bjarnadóttir, Katrín Bjarnadóttir, Dagur Bjarnason, Ragnar Gisli Bjarnason, og aðrir aðstandendur.

ALAN SHEPARD (1923-1998)
lést þennan dag



„Það er skritin tilfinning að vera staddur í geimnum og gera sér grein fyrir því að öryggisstuðull skipsins réðist af lægsta tilboði í verkið.“

- Alan Shepard geimfari var fyrsti Bandaríkjamadurinn til að fara út í geim árið 1961.

tímamót

timamot@frettabladid.is



GUÐNI BERGSSON Naut síðustu stundanna á fertugsaldrinum með svalandi drykk úti í garði.

GUÐNI BERGSSON KNATTSPYRNUMAÐUR ER FERTUGUR

Aldurinn hljómar betur á ensku

Guðni Bergsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í knattspyrnu og lögfræðingur, fagnar fertugsafmæli í dag. Hann segist vera ungur í anda þótt árin færst yfir.

„Ég geymi fagnaðarlætin fram á laugardag en þá býð ég gestum hingað heim og verð með

léttu veislu og partí. Þetta verður bara gott og gamaldags. Ég vona bara að nágrannarnir taki það ekki óstínt upp. Það er eins gott að nota tækifærið og biðja þá afsökunar fyrirfram ef þeir verða fyrir einhverju ónæði, en ég á þó ekki von á að lætin keyri fram úr hófi,“ segir Guðni og hlær.

Guðni kveðst ekki hafa haft það að sið að gera mikið úr því þegar aldursárin fylla heilu áratugina. „Ég geri ráð fyrir að geyma stórveislur þangað til ég verð eldri, en maður verður samt aðeins að lyfta sér á kreik og peppa sig upp á svona tímamótum.“

Guðni segist ekkert kvíða því að verða fertugur, en finnst skritið að hann sé að skrifa inn á fimmtugsaldurinn. „Mér kemur það óneitanlega spáskt fyrir sjónir. Í Bretlandi segja menn að þegar maður er á milli fertugs og fimmtugs sé maður „in your forties.“ Það hljómar einhvern veginn betur, það þarf að finna góða þýðingu á þessu.“

Guðna segist hafa notið sumarsins vel, hann hefur bæði ferðast um sveitir landsins og skellt sér á sólarströnd erlendis. Þá reynir hann líka að fara dálítið á völlinn. „Ég reyni alltaf að fylgja mínum mönnum í Val eftir og það er búið að vera gaman á Hlíðarenda í sumar. Það er heldur ekki langt að biða þangað til maður getur tyllt sér í nýja og flotta stúku því það er verið að taka aðstöðuna í gegn. Það er því margt að hlakka til,“ sagði Guðni á meðan hann naut síðustu stundanna á fertugsaldri með svalandi drykk úti garði og lét sólina sleikja sig. ■



Elsku móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

Helga Guðrún Þorsteinsdóttir

Hraunbæ 80, Reykjavík,

lést 12. júlí.

Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. júlí kl. 13.00.

Helga Margrét Söbech
Þórður Freyr Söbech
Guðmundur Örn Gunnarsson
Helgi Valur Gunnarsson
Jódís Þorsteinsdóttir

Gunnar Örn Guðmundsson

Jón Nielsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður G. Antonsdóttir

Sogavegi 20, Reykjavík,

verður jarðsungið frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13.

Birgir Guðmundsson
Bragi Guðmundsson
Anton Örn Guðmundsson
Sigurjón Guðmundsson
Stefán Guðmundsson

Ásdís Guðnadóttir
Margrét Gísladóttir
Guðný Björgvinsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Stefanía Müller

barnabörn og barnabarnabörn

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.59	13.34	23.07
AKUREYRI 3.20	13.19	23.15

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagur 21. júlí, 202. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Er gúllas búið til úr kúm sem hafa verið úti í rigningunni?



Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 8

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á VÍSIR.IS



allt

[heimili o.fl.

Notaðir hlutir kitla ímyndundarafið
BLS. 8




Lyngbrekka Kópavogi

Mjög góð 104 fm, 4ra herb. íbúð á fjölskylduvænum stað. Eignin skiptist í 3 rúmgóð svefnherb., stofu sem og borðstofu, eldhús og baðherbergi. Parket og flísar gólf. Stórar svalir. Geymsla á jarðhæð. Góð eign í fallegu og grónu hverfi. V. 20,9 m.



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Reitur 1.184.0.

Tillaga að deiliskipulagi reits sem afmarkast af Spítalastíg, Óðinsgötu, Bjargarstíg og Bergstaðastræti.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að gera minniháttar breytingar á húsum á reitnum s.s. gera skyggni, svalir, minni kvisti og lagfæringar án þess að breyta þurfi deiliskipulagi. Ofantaldar minniháttar breytingar skulu vera í samræmi við ákvæði Próunarátvæðingar Reykjavíkur varðandi hönnun breytinga og viðbygginga á miðborgarsvæði Reykjavíkur svo og ákvæði skipulags þessa um hverfisvernd. Vakin er sérstök athygli á því að auglýsingatími er frá 21. júlí til og með 15. september 2005 sem eru 8 vikur í stað lögboðinna 6 vikna. Um nánari útlístu á heimildum til breytinga á einstökum húsum og til skilmála almennt vísast til kynningargagn.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 21. júlí til og með 15. september 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 15. september 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 21. júlí 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNSENDIR 411 3090



Kópavogsbær.

Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að breyttu aðalskipulagi. Í samræmi við 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi tillögu:

Vesturvör 13. Breytt aðalskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 12. apríl 2005 tillögu að breytti landnotkun lóðarinnar nr. 13 við Vesturvör. Í breytingunni felst, að lóðin sem er skilgreind í gildandi aðalskipulagi með blandaða landnotkun (athafnasvæði og stofnanasvæði) verði íbúðarsvæði. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 dags. í september 2004. Tillagan var auglýst í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga frá 26. nóvember til 27. desember 2004 með athugasemdafresti til 11. janúar 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt. Bæjaryfirvöld hafa sent þeim er athugasemdir gerðu

umsögn sína. Aðalskipulagsbreytingin var sent Skipulagsstofnun sem mælti með því við umhverfisráðherra að breytingin verði staðfest í samræmi við 19. gr. ofangreindra laga. Breytingin var staðfest 16. júní 2005.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA / VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLADSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS^{RVK}

NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

PETTA GERÐIST

Aparéttarhöldum lýkur

Bandarískur kennari í bænum Dayton í Tennessee fylki í Bandaríkjunum John T. Scopes var þennan dag árið 1925 fundinn sekur og sektaður fyrir að kenna nemendum sínum þróunarkenningu Darwins. Réttarhöldin voru kölluð „aparéttarhöldin“ og „réttarhöld aldarinnar“.

Lítil vafi lék á því hver niðurstaða kviðdómsins yrði enda funduðu menn aðeins stutta stund. Hins vegar fengu fylgjendur þróun-

arkenningarinnar því fram sem þeir vildu en það var mikil umræða og gríðarleg athygli almennings og fjölmiðla.

Í raun voru þetta aldrei annað en sýndarréttarhöld en Félag um borgaraleg réttindi hafði í maí sett auglýsingu í blað þar sem hverjum þeim kennara var heitinn stuðningur sem vildi láta reyna á lög sem nýlega voru sett í fylkinu og bönnuðu kennslu þróunarkenningarinnar. Í raun voru

réttarhöldin ákveðin áður en hinn ákærði fannst. Scopes samþykkti að leika hlutverk hins ákærða enda ætlaði hann sér ekki að dvelja í bænum til lengri tíma.

Þrátt fyrir niðurstöðu dómsins má segja að stuðningur við þróunarkenninguna hafi aukist meðal almennings í kjölfarið. Síðar kom í ljós að Scopes hafði aldrei kennt nemendum sínum þróunarkenninguna.



21. JÚLÍ 1925



SÍTARINN SLEGINN Hin indverska Anoushka Shankar, dóttir hins þekhta sitarleikara Ravi Shankar og systir Noruh Jones, hefur tónlistina í blóðinu eins og öll hennar fjölskylda og tekur nú þátt í tónlistarhátíð í Sviss.

AFMÆLI



Guðrún Kvaran, forstöðumaður Orðabókar Háskólans, er 62 ára.

Steinar Berg Ísleifsson fyrrum útgefandi er 53 ára.



Séra Jóna Hrönn Bolladóttir prestur er 41 árs.

Þorvaldur Gröndal trommuleikari er 33 ára.

ANDLÁT

Puríður Sigurjónsdóttir frá Háreksstöðum, Norðurárdal, andaðist á Hrafnistu, Hafnarfirði föstudaginn 8. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jóhannes Gunnarsson, Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, lengst af til heimilis að Heiðargerði 15, andaðist á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 13. júlí.

Sólveig Dalrós Kjartansdóttir, Sléttuvegi 7, Reykjavík, andaðist föstudaginn 15. júlí.

Hallfreður Örn Eiríksson, Háaleitisbraut 56, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 17. júlí.

Ingimar Kr. Skjöldal, Skálategi 1, Akureyri, lést mánudaginn 18. júlí.

Sigurgeir V. Snæbjörnsson, Laugateigi 26, lést á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 19. júlí.

JARÐARFARIR

11.00 **Helgi Ingvarsson** framkvæmdastjóri, Urðarhæð 13, Garðabæ, verður jarðsunninn frá Bústaðakirkju.

11.00 **Valtýr Jónsson**, áður til heimilis að Lundargötu 3, Akureyri, verður jarðsunninn frá Höfðakapelli.

13.00 **Eyjólfur Sig. Bjarnason**, Víðivangi 8, Hafnarfirði, verður jarðsunninn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.

14.00 **Kristján Hólm Loftsson** frá Bólstað, verður jarðsunninn frá Drangneskapelli.

15.00 **Þorvaldur Ísleifur Helgason** fyrrverandi verkstjóri, Hæðargarði 29, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Bústaðakirkju.

SONY

Útsala í Sony Center



KLV-20SR3S
20" LCD sjónvarp
• 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
• 2x scartengi

7.900 krónur á mánuði vaxtalaust*
94.800 krónur staðgreitt.
Verð áður 107.988 krónur



DCR-PC55
Stafræn myndavél
• 3" snertiskjár
• 12x optical Carl Zeiss linsa
• Tengistöð einfaldar allar tengingar
• Alvöru klippihugbúnaður fylgir

6.499 krónur á mánuði vaxtalaust*
77.988 krónur staðgreitt.
Verð áður 89.940 krónur

Alvöru klippihugbúnaður fylgir!



DSR-HC22
Stafræn myndavél
• 2,5 snertiskjár
• 20x optical Carl Zeiss linsa
• Tengistöð einfaldar allar tengingar
• Alvöru klippihugbúnaður fylgir

4.549 krónur á mánuði vaxtalaust*
54.588 krónur staðgreitt.
Verð áður 59.940 krónur

Alvöru klippihugbúnaður fylgir!



DSC-S90 & 512 MB minnskort
Stafræn myndavél
• 4,1 milljón pixlar

2.999 krónur á mánuði vaxtalaust*
35.988 krónur staðgreitt
Verð áður 41.940 krónur

512 MB minnskort að verðmæti 10.995,- fylgir með!

DAV-SR2
Heimabíó
• 600W magnari RMS S-Master digital
• Útvarp FM/AM RDS
• Spilar SVCD/DVD-R-DVD-RW/JPEG og MP-3, Dolby Digital, DTS og PLII

59.950 krónur
Verð áður 89.950 krónur



like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Talstöðin
FM 90,9



Allir þeir bestu mæta

Íslandsmótið í golfi hefst í dag í Leirunni í Keflavík og er von á öllum okkar bestu kyflingum til leiks, þar á meðal Birgi Leifi Hafþórssyni og Ólöfu Maríu Jónsdóttur sem hafa verið að gera það gott undanfarið á mótardöðunum í Evrópu.

sport
sport@frettabladid.is

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON: SÖÐLAR UM OG GENGUR TIL LIÐS VIÐ READING

Draumurinn enn að spila í úrvalsdeildinni

Watford samþykkti í vikunni tilboð Reading í landsliðsmanninn Brynjar Björn Gunnarsson og mun hann af öllum líkindum ganga formlega frá samningnum í dag eða á morgun. Þetta er fjórða enska félagið sem Brynjar Björn leikur með en hann hefur áður verið á mála hjá Stoke City, Nottingham Forest og vitaskuld Watford þar sem hann, ásamt Heiðari Helgusyni, var með betri mönnum liðsins á síðustu leiktíð. Heiðar Helguson var seldur til Fulham í úrvalsdeildinni og nú Brynjar Björn og þó svo að hann sé enn í 1. deildinni hefur hann ekki

gefið úrvalsdeildardrauminn upp á bátinn.

„Það er auðvitað draumur minn eins og allra annarra að spila í úrvalsdeildinni. Þar hef ég aldrei fengið að spreya mig en það væri gaman að fá tækifæri til þess,“ sagði Brynjar Björn í gær. „Ég verð þriggjur í október næstkomandi og þetta eiga að vera bestu ár mín sem knattspyrnumanns,“ bætir hann við. Reading er sterk félag og þó nokkuð stærra en lið félagsins en lið félagsins átti góðan séns á úrvalsdeildarsæti í vetur en lauk

keppni í 7. sæti, einu sæti frá því sæti sem veitir þátttökurétt í umspilskeppninni um síðasta lausa sæti úrvalsdeildarinnar.

Brynjar Björn segist vissulega hafa verið smeykur við að söðla um í enn eitt skiptið en að hlutirnir hafi gengið hratt fyrir sig og hann sé nú spennur fyrir nýjum ferli hjá nýju félagi. Hann vonast þó til að þurfa ekki að flytja búslóðina. „Þetta er um klukkutíma akstur frá okkur og ég ætla að sjá til hvernig gengur að keyra þessa leið – alla vega til að byrja með. Okkur líður vel þar sem við erum og ég var alls ekki að leitast eftir því að skipta um félag. Ég átti enn eitt ár eftir af samningi mínum og ef þeir hefðu boðið mér framlengingu á honum hefði ég eflaust tekið því.“

> Við erum svekktir ...

... yfir því að lið FH skyldi falla úr leik í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Vonir stóðu til að FH, sem hefur haft algera yfirburði hér heima, ætti von til þess að standa sig betur í Evrópukeppninni en mörg önnur íslensk félagslið hafa gert í gegnum tíðina. Úrslit gærkvöldsins eru reiðarslag fyrir íslenska knattspyrnu. Því miður.

> Við vonumst til ...

... að Magnús Gylfason þjálfari KR taki nú fram skóna og sýni lærisveinum sínum í verki hvernig eigi að leika knattspyrnu. Magnús fékk í gær leikheimild með KR eftir að hafa verið skráður leikmaður Víkings frá Ólafsvík undanfarið sex ár.



Opna VR mótið verður haldið laugardaginn 30. júlí á Grafarholtsvelli. Leikfyrirkomulag mótsins er punktakeppni. Hámarksförgjöf er 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin í punktakeppni, einnig verða veitt verðlaun fyrir 3 efstu sætin í högggleik.

Verðlaun (með og án förgjafar)

1. sæti: Evrópuferð fyrir tvo með Icelandair
2. sæti: 20.000 króna gjafakort frá Nevada Bob
3. sæti: 10.000 króna gjafakort frá Nevada Bob

Nándarverðlaun eru á öllum þremur holum vallarins. Fyrir mót byður VR keppendum uppá bolta á æfingasvæðinu í Básum. Verðlaun fyrir flesta punkta kvenna: 20.000 króna gjafakort frá Nevada Bob. Nándarverðlaun 10.000 gjafakort frá Nevada Bob.

Mótgjald er kr. 3.000 fyrir félagsmenn VR og kr. 3.500 fyrir aðra. Skráning hjá GR í síma 585 0210 og á www.golf.is.



Starf okkar
effir
þitt starf

VR

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Viktor Bjarki sá um HK-inga

Fylkismenn eru komnir áfram í undanúrslit VISA-bikarsins eftir 2-0 sigur á HK-ingum á Kópavogsvelli í gær. Leikurinn var ansi lítil skemmtun en Viktor Bjarki Arnarsson sá um að skora.

FÓTBOLTI Það er óhætt að segja að þau tvö lið sem áttust við í Kópavoginum í gær séu sannkölluð bikarlið. 1.deildarlið HK komst alla leið í undanúrslit í fyrra og sló bikarmeistarana í Keflavík úr leik í sextán liða úrslitum í ár. Fylkismenn unnu bikarinn 2001 og 2002 en leikur liðsins í sumar hefur verið ansi sveiflukenndur. Oftast hefur liðið þó spilað mjög vel á útívollum en annað var uppi á teningnum í gær.

HK-ingar fengu hættulegustu færi fyrri hálfleiksins, það besta á áttundu mínútu þegar Bjarni Þórður Halldórsson markvörður Fylkis varði fráþærliga í horn frá Eyþóri Guðnasyni sem kominn var í dauðafæri. Undir blálok fyrri hálfleiks fór boltinn í höndina á Vali Fannari Gíslasyni, varnarmanni Fylkis, innan vítateigs. Dómarinn Jóhannes Valgeirsson sá þó ekkert athugavert og flautaði til leikhls skömmu síðar. HK-ingar hópuðust að Jóhannesi og létu óánægju sína í ljós.

Fátt var um fína drætti í

þessum leik og skemmtanagildið í minnsta lagi. HK saknaði Harðar Más Magnússonar og Rúriks Gíslasonar í þessum leik en þeir eru venjulega þeirra hættulegustu menn í sóknarleiknum. Fylkismönnum gekk brösuglega að skapa sér færi gegn varnarsinnuðum HK-mönnum en á lokamínútunum gerðu þeir út um leikinn. Viktor Bjarki skoraði tvívegis, fyrst laglegt mark eftir sendingu Ragnars Sigurðssonar þar sem hann setti boltann í falgum boga yfir Gunnleif og svo af löngu færi

í viðbótartíma í autt markið en Gunnleifur var kominn framarlaga á völinn í þeirri veiku von að fá leikinn framlengdan.

„Það er erfiðt að spila á móti liði sem liggur svona aftarlega. Þetta var bara eka bikarslagur þar sem úrslitin réðust ekki fyrr en undir lokin,“ sagði hetjan Viktor Bjarki Arnarsson sem verið hefur á skotskónum hjá Fylki. „Vonandi heldur maður áfram að skora, meðan það gengur vel hjá liðinu þá er gaman.“

elvar@frettabladid.is



HK-INGAR STÖÐVADIR Helgi Valur Danielsson Fylkismaður verst hér HK-ingnum Eyþóri Guðnasyni en Bjarni Þórður Halldórsson markvörður fylgist með.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

High Peak Nevada
Sigilt 3ja manna kúltúgjald.
með góðu fordyri.
Tilboð: **5.990 kr.**
Verð áður: 6.990 kr.

High Peak Aztec 4
4ra manna rúmgott kúltúgjald.
Stórt fortjald með þremur gluggum.
Tilboð: **19.990 kr.**
Verð áður: 24.990 kr.

High Peak Takoma Plus
4ra manna braggtjald.
Stórt fortjald með dúk og 5 gluggum.
Tilboð: **24.990 kr.**
Verð áður: 29.990 kr.

Taranto Plus 6 n
Fjölskyldutjald með tveimur
Stórt fortjald með dúk milli
Opnast á tvo vegu.
Verð: **39.990**

LEIKIR GÆRDAGSINS

VISA-bíkar karla:

HK-FYLKIR 0-2
0-1 Viktor Bjarki Arnarsson (85.), 0-2 Viktor Bjarki Arnarsson (90.)

Meistaradeild Evrópu:

FH-NEFTCHI 1-2
0-1 Tomislav Misura (49.), 1-1 Allan Borgvardt (60.), 1-2 Nadir Nabien (75.)

Neftchi vann samanlagt, 4-1 og mætir Anderlecht frá Belgíu í 2. umferð.

ÚR SPORTINU

Arsenal er óskalið knattspyrnumannansins **Guti** sem nú er í her-búðum Real Madrid en þetta segja spænskir fjölmiðlar. Talað er um að Guti sé á förum frá spænska risaliðinu og hafa mörg ensk lið sýnt honum áhuga, þar á meðal Everton og Tottenham auk Arsenal.

Manchester City hefur gert samning við sóknarmanninn **Andy Cole** en þessi fyrrum enski landsliðsmaður hefur skrifað undir fjögurra ára samning við félagið. Cole verður 34 ára gamall í október en hann kemur frá Fulham sem hefur fest kaup á Heiðari Helgusyni eins og kunnugt er.

Íslenska U18 landsliðið í knattspyrnu er nú að leika í fjögurra þjóða móti í Svíþjóð og á leik gegn heimamönnum í dag. Á þriðjudag lék liðið sinn fyrsta leik á þessu móti og gerði sér lítið fyrir og vann 3-1 sigur á Tyrklandi. Þetta er sérlega góður árangur í ljósi þess að Tyrkir eru Evrópumeistarar U17 landsliða. Birkir Bjarnason, Eggert Gunnþór Jónsson og Elvar Freyr Arnþórsson skoruðu mörk íslenska liðsins í leiknum en mótherjarnir léku einum færri frá tölftu mínútu eftir rautt spjald.

FH mætti ofjörlum sínum frá Bakú

FH féll úr leik í forkeppni meistaradeildar Evrópu er liðið tapaði fyrir Neftchi frá Bakú í Aserbaídsjan, 2-1 og samanlagt 4-1. Neftchi mætir Anderlecht frá Belgíu í næstu umferð en FH þarf fær sennilega tækifæri aftur að ári.

FÓTBOLTI Skynsamur leikur Neftchi lagði grunninn að sigri liðsins gegn FH í gær, þegar Íslandsmeistararnir féllu út úr forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

FH byrjaði leikinn gegn Neftchi af krafti og gerði harða hrifð að marki deildarmeistaranna frá Aserbaídsjan. Minnstu munaði að Ásgeir Ásgeirsson og Auðun Helgason skoruðu, en skallar þeirra fór naumlega yfir markið. Jón Þorgrímur Stefánsson var sprækur á hægri kantinum til þess að byrja með og tókst að koma boltanum tvisvar fyrir markið, en Allan Borgvardt rétt missti af boltanum í bæði skiptin.

Neftchi komst síðan smám saman inn í leikinn og náði að ógna marki FH í þrjúgang. Sérstaklega var það framherjinn Tomislav Misura sem var hættulegur, en Daði Lárússon varði vel frá honum úr dauðafæri. Í Evrópukeppninni hefur líkamlegur styrkur yfirleitt verið helsti styrkleiki íslenskra félagsliða sem í henni taka þátt, en leikmenn Neftchi höfðu styrkinn fram yfir leikmenn FH í þessari viðureign. Leikmenn Neftchi voru eldfljótir og spiluðu harðan varnarleik gegn leikmönnum FH, sem áttu í erfiðleikum með að láta boltann ganga hratt á milli manna.

Þegar stutt var eftir af hálfleiknum var einn leikmanna Neftchi rekinn útaf fyrir að slá til Jóns Þorgríms Stefánssonar. FH sótti linnulífið það sem eftir lifði hálfleiksins en náði ekki skapa sér



HARÐUR SLAGUR Það var hart tekið á því í leik FH og Neftchi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

marktækifæri. Í seinni hálfleik þurftu leikmenn FH að skora tvö mörk til þess að eiga möguleika á því að komast áfram, þar sem Neftchi vann fyrri leikinn með tveimur mörkum gegn engu.

FH hóf seinni hálfleikinn eins og þann fyrri, með mikilli pressu og komst Tryggvi Guðmundsson í ágætt færi sem markvörður Neftchi varði vel. Neftchi komst síðan yfir með góðu marki frá Tomislav Misura, sem fór létt með að hlaupa varnarmenn FH af sér. Þetta var slysalegt mark, sem vel hefði verið hægt að koma í veg fyrir.

Leikmenn FH gáfust ekki upp og reyndu hvað þeir gátu til þess

að koma sér inn í leikinn aftur, en á þessum tíma var ljóst að FH þurfti að skora fjögur mörk til þess að komast áfram.

Allan Borgvardt tókst að jafna leikinn fyrir FH með ágætu skoti frá vítateigslínu. Örlítill heppnistimpill var yfir markinu, en það gaf FH von um að hægt væri gera það sem þurfti til.

Leikmenn FH börðust áfram og reyndu eins og þeir gátu að bæta við mörkum en varnarmenn Neftchi vörðust sóknunum FH ágætlega og beittu síðan skyndisóknun, en annað mark Neftchi kom eftir eina slíka.

Leikmenn FH náðu aldrei almennilega undirtökunum í leiknum, þrátt fyrir að vera manni fleiri allan seinni hálfleikinn. Skynsamlegur leikur Neftchi gerði leikmönnum FH erfitt fyrir og eldfljótir sóknarmenn liðsins gerðu varnarmönnum FH lífið leitt.

Auðun Helgason, miðvörður FH, var að vonum óánægður í leikslök. „Þetta var einfaldlega of gott lið fyrir okkur. Leikmenn Neftchi náðu vel saman og vörðust skipulega, sérstaklega í seinni hálfleik. Það kom mér svolítið á óvart í fyrri leiknum hvað liðið var skipulagt, en að auki voru góðir einstaklingar í þessu liði sem við reðum ekki nógu vel við.“

magnush@frettabladid.is

Einn eftirsóttasti þjálfari landsins búinn að gera upp hug sinn::

Heimir tekur við þjálfun hjá Val

HANDBOLTI Handboltþjálfarinn Heimir Ríkarðsson hefur bundið enda á marga vikna vangaveltur um framtíð sína með því að skrifa undir tveggja ára samning við Val. Þar mun Heimir gegna starfi aðstoðarþjálfara meistaraflokks liðsins ásamt því að sjá um þjálfun 2. og 3. flokks félagsins. Óskar Bjarni Óskarsson er sem fyrr aðalþjálfari meistaraflokksins og er fyrirhugað að hann og Heimir verði í mjög nánu samstarfi.

Heimir sagði við Fréttablaðið að það hefði verið tækifærið að sameina þjálfun unglinga og meistaraflokks sem hefði ráðið

mestu um að Valur varð fyrir valinu. „Á Hlíðarenda er einnig í byggingu nýtt og glæsilegt íþróttahús og það er mikið uppbyggingarstarf í gangi,“ sagði Heimir sem gat valið úr miklum fjölda tilboða, en honum stóð þjálfarastaða til boða hjá KA, Gróttu/KR, Fylki, FH og Aftureldingu svo einhver félög séu nefnd. „Ég vildi halda mig í borginni og af þeim tilboðum sem voru þaðan fannst mér Valur mest spennandi,“ segir Heimir.

Eins og kunnugt er var Heimir rekinn frá Fram í vor og tók Guðmundur Guðmundsson við af honum. Vakti sú brottvikning

hörd viðbrögð meðal handboltaáhugamanna í landinu enda Heimir búinn að ná frábærum árangri með Safamýrarliðið þrátt fyrir fámennan og mjög ungan leikmannahóp. Athygli vekur að Heimir kys að halda áfram unglingsþjálfun þrátt fyrir að honum stæði til boða að verða aðalþjálfari meistaraflokks. „Ég hef einfaldlega svo gaman af að vinna með ungum leikmönnum, fullum af eldmóði og áhuga. Valur er lið sem ætlar að vera á toppnum áfram og ég fæ að taka þátt í því. Svo að ég er mjög sáttur,“ segir Heimir.

- víg

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

19 20 21 22 23 24 25

Sunnudagur

LEIKIR

19.15 Fram tekur á móti ÍBV á Laugardalsvelli í VISA-bíkarkeppni karla.

19.15 KR fær Val heimsókn í Frostaskjöldi í VISA-bíkarkeppni karla.

SJÓNVARP

16.35 Formúlukvöld á RÚV. Þáttur þar sem er farið yfir það nýjasta í formúluheiminum

16.50 Bikarkvöld á RÚV.

17.00 FH-Neftchi í Meistaradeild Evrópu á Sýn. Útsending frá leik liðanna sem fram fór í gærkvöldi.

18.40 Heimsbíkarinn í torfæru á Sýn.

19.10 PGA mótið í golfi á Sýn.

19.40 Golf Greatest Round á Sýn. Þáttur þar sem saga golfsins er rifjuð upp.

20.30 Íslandsmótið í golfi 2005 á Sýn.

21.30 Kraftasport á Sýn.

22.30 Sterkastí maður heims á Sýn.

23.30 Strandblak á Sýn.

23.50 Bikarkvöld á RÚV. Sýnd verða mörkin úr leikjum kvöldsins.



Tilboð fyrir verslunarmanna-helgina

Allt sem þarf í útileguna

Nanoq Magnús bakpoki

75 lítrar. Stillanlegt bak.

Tilboð: **3.990 kr.**

Verð áður: 9.990 kr.

Nanoq Compact svefnpoki

Góður sumarpoki.

Tilboð: **4.990 kr.**

Verð áður: 6.990 kr.

Tvöföld vindsæng

Tilboð: **1.990 kr.**

Verð áður: 3.990 kr.

ÚTILÍF



Í SÓLINA Jón Arnór er á leið til Ítalíu að leika með liði Pompea Napoli.

Jón Arnór Stefánsson:

Samdi við Napoli á Ítalíu

KÖRFUBOLTI Landsliðsmaðurinn Jón Arnór Stefánsson, sem lék með liði Pétursborgar á síðustu leiktíð, hefur gert samning um að spila með ítalska liðinu Pompea Napoli á næstu leiktíð.

Napoli hafnaði í 7.-8. sæti í ítölsku A seríunni í fyrra og hefur farið vaxandi síðustu ár. Liðið verður fimmta liðið sem Jón leikur með á síðustu fimm árum, en þar hittir hann fyrir nokkra sterka leikmenn sem spilað hafa í NBA-deildinni. Ítalska deildin er ein sterkasta körfuboltadeildin í heiminum og ljóst að Jóns bíður krefjandi verkefni á næsta tímabili. Auk þess að hafa orðið Evrópumeistari með liði Dynamo Petersburg á síðustu leiktíð, var hann einnig valinn í evrópska störu-leikinn sem fram fór á Kýpur.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náði Fréttablaðið ekki tali af Jóni Arnóri, sem er önnur kafinn við að halda sér í formi í sumarfríinu heima á Íslandi. - bb

Manchester United:

Rooney og Ferguson deila

FÓTBOLTI Wayne Rooney, leikmaður enska landsliðsins og Manchester United, sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann neitar sögusögnum um að hann og Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, hafi deilt harkalega eftir æfingarleik gegn Peterborough.

Rooney fór með bílaleigubíl til Manchester, ásamt Cristiano Ronaldo og Rio Ferdinand, en aðrir leikmenn fóru með rútu. Leikmennirnir voru ósáttir með að þurfa að keyra langa vegalengd, frá bænum Clyde til Manchester, en það eru rúmur sex hundruð kílómetrar. Rooney sagðist í yfirlýsingu hafa fengið leyfi til þess að fara með bílaleigubíl og að ekkert illt væri á milli sín og Ferguson. „Rooney og Ferguson geta vel starfað saman. Rooney er mikill atvinnumaður sem ber öll svona atriði undir Alex Ferguson.“ - mh



FRAMHERJARÍÐIÐ Á NÆSTU LEIKTÍÐ? Eiður Smári segir að Hernan Crespo hafi alla burði til að verða ein skærasta stjarnan í enska boltanum á næstu leiktíð.



Eiður segir Chelsea ætla að verja meistaratitilinn

Eiður Smári Guðjohnsen segir ekkert annað koma til greina hjá Chelsea en að vinna ensku úrvalsdeildina annað árið í röð.

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen segir að Chelsea ætli sér að verja Englandsmestaratitilinn sem liðið vann á síðustu leiktíð en gerir sér fyllilega grein fyrir því að til að það takist megi liðið hugsanlega ekki tapa einum einasta leik.

„Við töpuðum einum leik í fyrra en Arsenal tapaði engum leik tímabilið þar á undan. Þetta sýnir einfaldlega að gæðin í deildinni eru orðin meiri og að leiktíðin þarf nánast að vera hnökralaus til að eiga möguleika á titlinum,“ sagði Eiður Smári í samtali við breska fjölmíla í gær. Hann segir markmið komandi leiktíðar einfalt – að ná betri árangri í ár en á síðasta tímabili. „Háleitt markmið er það sem drífur okkur áfram,“ segir hann. „En það verður erfitt. Newcastle eru búnir að styrkja sig, rétt eins og Liverpool, og ég tel að þau ásamt okkur, Arsenal og Man. Utd verði liðin sem berjist á toppnum. En við ætlum að endurtaka leikinn

frá því í vetur. Um leið og við finnum toppsætið ætlum við að halda okkur þar. Við reynum að ríghalda í toppsætið.“

Eiður Smári lýsti einnig yfir ánægju sinni með komu Hernan Crespo til Chelsea og kveðst hann ætla að gera allt sem í sínu valdi stendur til að hjálpa honum að finna sitt rétta form. „Við leikmennirnir styðjum hann allir. Hann átti mjög erfitt hér fyrsta árið sitt þar sem allt var svo nýtt fyrir honum, menning, tungumál og loftslag. En nú er hann búinn að ná meiri stöðugleika í einkalífi sínu og það á ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að hann slái í gegn í vetur,“ segir Eiður, sem efast ekki um hæfileika argentínska sóknarmannsins sem átti svo frábært tímabil með AC Milan á Ítalíu í fyrra, sem lánsmaður frá Chelsea.

„Crespo er frábær leikmaður og vonandi getum við hjálpað honum að framkalla öll sín töfrabrógð. Enginn sem að félaginu kemur hef-

ur efast um getu Crespo en þetta er aðeins spurning um hvort hann geti einbeitt sér að boltanum. Vonandi verður hann laus við meiðsli og skorar nokkur mörk í upphafi. Þá fær hann sjálfstraustið sem gerir hann að gríðarlegri ógn,“ segir Eiður. - vig



HEITJAN ÁRIÐ 2002 Ronaldo skoraði bæði mörk Brasilíu í úrslitaleik HM 2002 og alls átta mörk í keppninni. Hér skorar hann í leiknum fram hjá þýska markverðinum Oliver Kahn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Ronaldo á tímamótum í Þýskalandi næsta sumar:

Hættir með Brasilíu eftir HM í Þýskalandi 2006

FÓTBOLTI Brasilíska framherjinn Ronaldo ætlar að hætta að spila með brasilíska landsliðinu eftir HM í Þýskalandi sem fram fer á næsta ári. Ronaldo ætlar að klára samninginn sinn við Real Madrid og leggja síðan knattspyrnuskóna á hilluna vorið 2009.

„Þetta verður fjórða heimsmeistarakeppnin mín og ég tel mig þurfa að gefa yngri leikmönnum sín tækifæri,“ sagði hinn 28 ára gamli framherji sem varð heimsmeistari með Brasilíu 1994 og 2002 og í öðru sæti í Frakklandi 1998. Ronaldo hefur skorað 56 mörk fyrir Brasilíu einu meira en Romario en hann á enn eftir að skora 19 mörk til þess að jafna Pele og nær

ÚR SPORTINU

Landsbankadeildarlið ÍBV í karla-flokkki hefur fengið lífsstyrk því danskur knattspyrnumaður, **Rune Lind** að nafni, mun leika með liðinu út þessa leiktíð. Lind var lengi meðal efnilegustu knattspyrnumanna Dana og á 24 landsleiki með U-17 og U-18 ára landsliðum að baki og fjögur mörk. Eyjamenn hafa ekki breiðan leikmannahóp og því ætti koma Lind að bæta þau mál að einhverju leyti.

Sóknarmaðurinn **Albert Brynjar Singason** úr Fylki verður líklegast lánaður frá félaginu út þessa leiktíð. Albert er ekki ánægður með hve fá tækifæri hann hefur fengið með meistaraflokkki félagsins en hann er 19 ára og er sonur Inga Björns Albertssonar. Hann hefur leikið bæði fyrir U17 og U19 ára landsliðið og hefur komið við sögu í fjórum af tíu leikjum Fylkis í Landsbankadeildinni í sumar og skoraði hann sigurmark gegn Þrótti í fyrri umferðinni.



Kvennalið **HK** í handboltanum hefur samið við **Tatjónu Zamoreva** frá Lettlandi en hún er örvhent og lék með liði ÍBV á síðustu leiktíð. Handknattleiksdeild HK tefir fram meistaraflokksliði í kvennaflokkki í fyrsta sinn og ákvað að styrkja liðið með tveimur erlendum leikmönnum, en einnig er búið að gera samning við litháenska leikmanninn **Auksé Vysniauskaité**.

Sóknarmaðurinn **Peter Crouch** skrifsaði í gær undir fjögurra ára samning við Liverpool eftir að hafa gengist undir læknisskoðun. Þessi 24 ára leikmaður kostar Liverpool sjö milljónir punda frá Southampton. Hann er gjórsamlega í skjónum yfir að vera kominn á Anfield og segir það mikinn heiður að Rafael Benítez, knattspyrnustjóri liðsins, skuli hafa viljað fá sig. „Ég get ekki beðið eftir því að klæðast rauðu treyjuni og leika fyrir framan The Kop.“ sagði Crouch.

Arsenal er óskalið knattspyrnumannsins **Guti** sem nú er í her-búðum Real Madrid en þetta segja spænskir fjölmíðlar. Talað er um að Guti sé á förum frá spænska risaliðinu og hafa mörg ensk lið sýnt honum áhuga, þar á meðal Everton og Tottenham auk Arsenal. Zoran Kevic, umboðsmaður Guti, segir að leikstill Arsenal henti leikmanninum vel og segir að félagið sé fyrsti valkostur hans.

OPNA



verður haldið laugardaginn 23. júlí hjá Golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ.

Rástímar frá 8:00 - 10:20.

Glæsileg verðlaun fyrir 5 fyrstu sætin. Náandarverðlaun á 1/10 og 6/15 holu. Og lengsta teighögg á 8 holu.

Mótið er punktakeppni með forgjöf hæst gefið 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Teiggjafir í boði SS.



Mótsgjald 3000.-
Skráning í síma 5667415



1 sæti úttekt.	25.000.-
2 sæti úttekt.	20.000.-
3 sæti úttekt.	15.000.-
4 sæti úttekt.	10.000.-
5 sæti úttekt.	8.000.-



MJÖG FASTUR LEIKUR Kristján Guðmundsson segir að spennustigið verði gríðarlega hátt í Frostaskjólínu í kvöld og spár því að rauð spjöld eigi eftir að fara á loft. Garðar Örn Hinriks-son fær það verðuga verkefni að hafa hemil á leikmönnum inni á vellinum í kvöld.

KR-sigur í háspennuleik

Kristján Guðmundsson spár heimasigri þegar KR-ingar taka á móti Valsmönnum í 8-liða úrslitum VISA-bikarsins í Frostaskjólí í kvöld.

FÓTBOLTI Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, telur að það verði KR og ÍBV sem komist í undanúrslit VISA-bikarsins með naumum sigrum í tveimur háspennuleikjum í kvöld. KR-ingar fá Valsara í heimsókn á meðan Fram tekur á móti Eyjamönnum í Laugardalnum og býst Kristján við tveimur leikjum þar sem spennustigið verður gríðarlegt.

„Það verður fullt af fólki á vellinum í Frostaskjólínu, gríðarleg stemning og mikil spenna. Þess vegna á ég von á mjög föstum og hörðum leik þar sem eitt ef ekki fleiri rautt spjald líta dagsins ljós,“ segir Kristján, sem að þessu sinni hallast frekar að naumum heimasigri. „Þetta verður ekkert 3-0 fyrir Val eins og í deildarleiknum á Hlíðarenda á dögnum. Þá pressuðu Valmenn þá hátt og það kom KR-ingum á óvart og sló þá út af laginu. Nú kemur það þeim ekki á óvart,“ segir Kristján.

„Ég sá KR-inga gegn Fram á dögnum og maður sá hvað hafði

verið í gangi hjá þeim á æfingum og fundum fyrir þann leik. Það var miklu meiri festa í leiknum og sjálfstraustið óx með hverri mínútu. Leikmennirnir hafa fengið meiri trú á því sem þeir eru að gera og ég spái þeim 2-1 sigri í kvöld. En þetta verður gríðarlega jafn og spennandi leikur.“

Kristján segir að það sé nánast ómögulegt verk að spá fyrir um leik Fram og ÍBV. „Ef marka má síðustu leiki þá er meiri uppgangur í Eyjalíðinu. Þeir voru að ná sér í sitt fyrsta útivallarstig í deildinni á meðan Framarar hafa tapað fimm deildarleikjum í röð. Ég held að þessi leikur fari í framlengingu og vítaspyrnukeppni,“ segir Kristján og hallast þar frekar að því að Eyjamenn hafi betur.

„Gunnar Sigurðsson í marki Fram hefur orð á sér að vera vítabani en ég held að þetta verði dagur Birkis Kristinssonar í marki ÍBV. Hann tekur tvö víti og verður hetjan.“

- vig

Strandíþróttir verða sífellt vinsælli yfir sumartímamann:

Nýjasta æðið á Íslandi

STRANDÍÞRÓTTIR Í kjölfar stórþatnandi veðurfars við Íslandsstrendur hafa nýjar íþróttgreinar rutt sér til rúms – íþróttir sem eiga það sameiginlegt að vera stundaðar á sandi.

Með tilkomu Nauthólsvíkur uppgötvaði almenningur þá hreyfingu sem felst í strandblaki. Stöðug þróun hefur verið í íþróttinni síðan þá og hefur nú verið sett á laggirnar sérstök strandblaksnefnd innan BLÍ og hafa stigamót verið haldin með reglulegu millibili í sumar. Þá átti Ísland sína fulltrúa í strandblakskeppni Smáþjóðaleikana.

Og nú er það hið nýjasta að stunda sjálfa þjóðaríþrótt okkar Íslendinga á sandi – handboltann. Næstu helgi fer fram, annað árið í röð, strandhandboltamót. Rétt eins og í blakinu er þátttaka jafnan mikil í mótum sem þessum þar sem flestir þeir sem áhuga hafa stendur til boða að taka þátt á meðan pláss er til staðar.

„Það er pláss fyrir 20 lið svo að það fer hver að verða síðustur til að skrá sig, bæði konur og karlar,“ segir handknattleiksmaðurinn Haraldur Þorvarðarson, einn af aðstandendum strandhandboltamótsins í Nauthólsvík um helgina. „En þó að þetta sé keppni erum við aðallega að gera þetta til að hafa gaman og njóta útíverunnar í Nauthólsvík. Það verða plötusnúðar á staðnum og mikið fjör,“ segir Haraldur en hugmyndin af strandhandbolta kemur upphaflega frá Þýskalandi og eru fimm leikmenn inni á vellinum með markverði. Notaður er sérstakur



STRANDHANDBOLTI Strandhandboltamót fyrir alla verður haldið í Nauthólsvík um næstu helgi.

bolti með betra gripi en hinn hefðbundni handbolti, sem þolir bæði sand og sjó. „Og það er hægt að drippla honum,“ bætir Haraldur hlæjandi við.

Sævar Már Guðmundsson, verðandi framkvæmdastjóri blaksambandsins, segir að iðkenda-fjöldi strandblaksins fari sívaxandi með ári hverju. „Það koma einhverjir nýir inn á hverju sumri en þetta er í fyrsta sinn í sumar sem við erum með alvöru mótafyrirkomulag,“ segir Sævar en þrjú stigamót eru í sumar og 16 stigahæstu einstaklingarnir úr þeim mótum spila á úrslitamótinu sem fram fer í ágúst. „En þetta er íþrótt fyrir alla sem einstaklega gaman er að stunda í svona blíðu eins og hefur verið undanfarna daga.“

Strandvelli er að finna víða á landinu fyrir þá sem hafa hug á því að prófa sig áfram – Í Nauthólsvík, Í Fagralundi í Kópavogi, á Miklatúni og einnig á Akureyri, Neskaupstað og víðar.

Tenglar: www.bli.is, www.handbolti.is

- vig

BÍLADELLUDAGAR
50% afsláttur

AFSLÁTTUR AF BÍLASMÁAUGLÝSINGUM
SEM BIRTAST Í FRÉTTABLAÐINU Á
LAUGARDOGUM OG Í HEILA VIKU Á VISIR.IS.
GILDIR TIL LAUGARDAGSINS 6. ÁGÚST.

FRÉTTABLAÐIÐ
- stærsti fjölbíllinn

**PANTAÐU Í SÍMA 550 5000
EÐA Á VISIR.IS.**

VISA BIKARINN

8 liða úrslit karla

		Laugardaginn 16. júlí kl. 16:00 FH - ÍA Kaplakrikavöllur - Úrslit: 5 - 1
		Miðvikudaginn 20. júlí kl. 19:15 HK - Fylkir Kópavogsvöllur
		Fimmtudaginn 21. júlí kl. 19:15 Fram - ÍBV Laugardalsvöllur
		Fimmtudaginn 21. júlí kl. 19:15 KR - Valur KR-völlur

Ítarleg umfjöllun um bikarleiki sumarsins á www.visa.is/bikarinn

VISA stýður íslenska boltann

VISA BIKARINN

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARADU PENINGA

MICHELIN

BFGoodrich

...einfaldlega betri!

DEKKJA LAGERINN

755 3355

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

DEKK • FÓLKSBILADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBILADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS

Nýjasta æðið!

Scoterhjól með mótór í fyrsta sinn á Íslandi!

Engin trygging nauðsynleg – flokkast sem reiðhjól.

Notist á gangstéttum.

Engin aldurstakmörk

Munið eftir hjálmunum!

Salan er hafin!

Sími: 869 0898

STUÐ MILLI STRÍÐA · Rigningin er vond en hún er ekki verst

SÓLEYJU KALDAL FINNST VEÐURGUÐIRNIR EKKI VERA AÐ STANDA SIG Í STYKKINU



Nú hefur verið sól og blíða í tvo daga og þá eru allir í góðu skapi. Fólk mætir brosandi í vinnuna, í falllegum sumarfötum og setningar eins og „Það er æðislegt veður!“ og „Vá, hvað það er hlýtt úti!“ heyrast á fárra mínútna fresti. Ég efast um að nokkur önnur þjóð yrði jafn þakklát fyrir tvo sólardaga.

Þátt í gleðinni af öllu hjarta. Þetta eru bara tveir dagar, eftir fjögurra vikna rok og rigningu, og það þarf nú hreinlega meira en þetta til að leypja „vonda-veðurs“ fýluna úr mér. Það er svo erfitt að þola marþonmyrkur vetrarins og nístingskuldann að mér finnst veðurguðirnir beinlínis skulda okkur sólarljós þessa þrjá mánuði sem litla landið okkar er í þeirri stjarnfræðilegu afstöðu að sólin nær til þess. Í sumar hafa þeir ekki staðið skil á þessum skuldum og eru að mínu mati í bullandi kredit.

Ég þekki samt af eigin reynslu að besta meðalið við þessum fýlupokagangi er að dvelja í löndum þar sem alltaf er „gott“ veður. Eft-

ir nokkrar vikur af fjörutíu stiga hita og óbærilegum raka þar sem aðsvif af vökvaskorti er daglegt brauð, hætta sólin og hitinn að vera jafn eftirsóknarverð. Kuldinn gerir það einnig að verkum að við erum blessunarlega laus við óhugnanleg risaskordýr eins og kakkalakka og köngulær sem geta gert hin mestu hreystimenni lafhrædd.

Þar af leiðandi hef ég ákveðið að vera ekki vanþakklát því eins og oft þegar ástandið er skítt, getur maður huggað sig við það að það gæti verið verra. Íslenska rokið og rigningin drepa svo sem engan, eins leiðinleg og þau geta þó verið, en það gerir hitinn vissulega. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



VIÐ TJÖLDUM ÞVÍ BESTA

Colorado 600
6 manna tjald
6,76m fortjald
Hámarkshæð 210cm
Eldvarin dükur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 18kg

TILBOÐ

35.995

Delta 300
3 manna tjald
Hámarkshæð 130cm
Eldvarin dükur
2000mm vatnsheldni
Þyngd 5,4kg
Verð áður 9.995

TILBOÐ

7.995

Venture 400
4 manna tjald
Topp útleigtjald
Gott fortjald
Hámarkshæð 135cm
Eldvarin dükur
Þyngd 10 kg

TILBOÐ

14.995

Nitestar 250
Hámarkskuldaþol -10
siliconhúðaður
4ra holu fiber
Verð áður 4.995

TILBOÐ

3.500

Tjaldstóll
50% AFSLÁTTUR

Kælibox
Rafmagns 28-45L
50% AFSLÁTTUR

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skelfunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁGGJÖF



SANDRA BULLOCKS Orðrómur var í gangi um að parið hefði gengið í það heilaga í leyniathöfn en svo var greinilega ekki.

Sandra Bullock giftist bílvirkja

Sandra Bullock giftist kærastanum sínum Jesse James í síðustu viku. Parið hafði boðið fjölda gesta í boð undir því yfirskini að um 41 árs amælispártí Söndru væri að ræða en þegar fólk mætti í boðið varð því ljóst að það var engin venjuleg amæliskaka á boðstólum. Nokkur hundruð gesta voru viðstaddir þegar Sandra og Jesse settu upp

giftingarhringana, þar á meðal Jamie Lee Curtis og William Shatner. Sandra Bullock og Jesse James eru búin að vera saman frá árinu 2003. Þetta er fyrsta hjónaband Söndru en Jesse er tvígiftur og á þrjú börn með fyrri eiginkonum sínum. Hann er bílvirki en varð þekktur þegar hann kom fram í raunveruleikasjónvarpsþætti. ■



OPRAH WINFREY Louis Vuitton hefur nú boðið Oprah milljónir dollara fyrir að koma fram í næstu auglýsingaherferð þeirra en þeir eru einn helsti samkeppnisaðili Hermés.

Oprah hefnir sín á Hermés

Oprah Winfrey ætlar aldeilis að hefna sín á umsjónarmönnum hátískumerkisins Hermés, sem móðuguðu hana all svakalega fyrir skömmu. Málsatvik eru þau að þegar hún var stödd í verslun Hermés í París fyrir mánuði var henni nokkuð hástarlega vísað á dyr af starfsmönnum búðarinnar. Þeir þekktu hana greinilega ekki og skýrðu brottvísunina með því að þeir hefðu lent í svo miklu veseni með Norður-Afríkufólk nýlega.

Oprah varð bálreið og segir þetta hafa verið eitthvert mest

niðurlægjandi atvik lífs síns. Nú hefur hún því brugðið á það ráð að halda bílskúrssölu með öllum Hermés-vörum sem hún á, en hún hefur verið dyggur viðskiptavinur eðalmerkisins í mörg ár. Hermés er þekktast fyrir að gera rándýrar handtöskur sem aðeins ríkustu einstaklingar hafa efni á og Oprah hefur eytt milljónum dollara í vörurnar þeirra.

Hagnað sölunnar ætlar hún að láta renna óskiptan til góðgerðarfélaganna sem berjast gegn kynþáttahatri. ■

Meira karóki

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Á fyrstu plötu sinni syngur Idolstjarnan Davíð Smári lög eftir aðra listamenn, eins og reyndin hefur verið með þá keppendur sem hafa tekið þátt í Idol hingað til.

Davíð var geysivinsæll í Idol þó svo að hann hafi farið í taugararnar á einhverjum. Hispurslaus framkoma hans í bland við ágæta rödd ruddu beinu brautina fyrir hann með þeim afleiðingum að hann endaði í þriðja sæti, sem hlýtur að teljast góður árangur.

Í keppninni hentaði Davíð vel að syngja róleg lög og þessi plata er einmitt samansafn af tólf slíkum. Davíð fetar í fótspor Bono, Lou Reed, Paul Weller, Jimi Hendrix og fleiri þekktara listamanna og ferst það alveg ágætlega úr hendi. Vandamálið er bara það að Davíð bætir litlu við lögin heldur syngur þau í nettum karókiútgáfum rétt eins og hann gerði í Idol.



DAVÍÐ SMÁRI:

YOU DO SOMETHING TO ME

Það er alltaf erfitt að átta sig á því af hverju tónlistarmenn syngja lög sem aðrir hafa gert fræg án þess að breyta þeim af einhverju ráði. Davíð fellur í þessa gryfju en það er varla við hann að sakast. Hann skilar sínu með sóma og auðvitað er þessi plata ætluð til að kynna þennan efnilega tónlistarmann til sögunnar. Vonandi kemur alvöru sólóplata frá Davíð sem fyrst þar sem hann syngur ný íslensk dægurlög sem hreyfa betur við manni.

Freyr Bjarnason

VERÐSPRENGJA
20%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM REIKNAST VIÐ KASSA

DOROTHY PERKINS

Smáralind, Hagkaup Kringlu og Hagkaup Smáralind



NÝJAR UMBUÐIR!

Kryddsmjórið kitlar bragðlaukana!

Gott er að hafa mismunandi tegundir af kryddsmjóri við höndina til að töfra fram rétta bragðið hverju sinni. Kryddsmjör er t.d. ómissandi með grillkjötinu, bökuðu kartöflunni, grillaða maískólfinum – eða ofan á snittubrauðið!

Veldu þitt uppáhaldsbragð!



www.ostur.is

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



Í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar standa yfir sýningar í tengslum við Listahátíðina í Reykjavík.

Það eru listamennirnir Wilhelm Sasnal, Bojan Sarcevic, On Kawara og Elke Krystufek sem sýna verk sín í Hafnarborg. Jessica Morgan, sýningarstjóri á sviði samtímalista við Tate Modern safnið í London er sýningarstjóri hátíðarinnar.

menning

menning@frettabladid.is

Trío Sunnu Gunnlaugs

Í Ketilhúsinu á Akureyri klukkan 21:30 í kvöld leikur píanistinn Sunna Gunnlaugs ásamt bandaríska trommaranum Scott McLemore og norska bassaleikaranum Eivind Opsvik en þau eru meðlimir í kvartett Sunnu Gunnlaugs sem hefur gert út frá New York og farið í tónleikaferðir um Evrópu, Kanada og Japan undanfarið ár.

Sunna Gunnlaugsdóttir hefur um árabíl verið í röð okkar fremstu djasspíanóleikara. Henni hafa hlotnast margs konar viðurkenningar og hún vakið athygli með leik sínum bæði austan hafs og vestan. Hún bjó um árabíl í New York, en er nú flutt heim.

Á efnisskránni er nýtt efni eftir meðlimi tríosins í bland við eitthvað eldra en það stendur til að hljóðrita nýja trío plötu í vikunni á eftir. Tónlist Sunnu hefur verið sögð „heilandi blanda af fágúðum Evrópujassi með brennandi bandarískum rythma.“ Tríoð leikur einnig í Gamla bænum við Hótel



SUNNA GUNNLAUGS Trío Sunnu Gunnlaugs leikur í Ketilhúsinu á Akureyri í kvöld og á Jómfrúnni í Reykjavík á laugardaginn.

Reynihlíð í Mývatnssveit á föstudagskvöldið og á Jómfrúnni í Reykjavík klukkan 16.00 á laugardaginn.

EKKI MISSA AF...

...tónleikum bandaríska stúlkna-kórsins **Pennsylvania Girl-choir í Hallgrímskirkju** klukkan 12.00 í dag.



...tilfinningatorgi á **Kaffi Hljómalind** klukkan 15 á morgun. Öllum er frjálst að tjá tilfinningar sínar, stuttar eða lengi, í gríni eða alvöru.

...þriðju helgi **Sumartónleika í Skálholti** á laugardaginn og á sunnudaginn.

NÝJAR HLJÓÐBÆKUR

Bókaforlagið Hljóðbók.is hefur í samvinnu við Ríkisútvarpið gefið út Sveitasælu, spennandi gamanleikrit með nokkrum af okkar helstu gamanleikurum. Höfundur er Kristlaug Sigurðardóttir og leikstjóri Randver Þorláksson.



Diddi og Gússi, sem eru lunkin við að hafa peninga út úr félagslega kerfinu, verða fyrir hálfgerðu áfalli þegar þeim berst tilkynning um að þau fái engar greiðslur næstu 16 vikurnar. Til allrar hamingju kemur í ljós að Gússi er erfingi að bújörð vestur í Tálknafirði og flytja þau hjón þangað, ásamt dóttur sinni og rússneskum vini, Nikka. Þeim dettur í hug að opna bændaþingingu á staðnum og þá hefst fjórði fyrir alvöru!



Bókaforlagið Hljóðbók.is hefur gefið út Emil í Kattholti, Lottu og Línu langsock eftir Astrid Lindgren.

Í þessari 132 mínútna löngu hljóðbók les Vilborg Dagbjartsdóttir fyrstu bókinu um Emil í Kattholti. Þá les Jón Ingi Hákonarson leikari sögunar Víst kann Lotta að hjóla og Þekkir þú Línu langsockk?

Á vefsíðunni www.hljodbok.is er hægt að skoða bókinu og hlusta á hljóðsýnishorn.

Bókaforlagið Hljóðbók.is hefur í samvinnu við Ríkisútvarpið gefið út Líkræðuna, spennandi leikrit eftir Þorstein Mar- elsson í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar.



Séra Einar er nýr prestur í litlu prestakalli úti á landi þar sem kona hans ólst upp. Kvöld nokkurt hringir síminn og hann er beðinn um að koma til bæjarins Norður-Heiði, Böðvar bóndi sé látinn. Konu hans finnst þetta undarlegt. Hún man ekki betur en að Böðvar hafi dáðið fyrir mörgum árum.



GUÐLAUGUR ARASON Rithöfundurinn var að senda frá sér bókina Gamla góða Kaupmannahöfn sem fjallar um sögu Íslendinga í Kaupmannahöfn en Guðlaugur hefur síðastliðin fimm ár boðið Íslendingum upp á gönguferðir um borgina undir leiðsögn sinni.

Gamla góða Kaupmannahöfn

Guðlaugur Arason rithöfundur hefur síðastliðin fimm ár boðið upp á gönguferðir um Kaupmannahöfn þar sem hann fræðir fólk um sögu borgarinnar og þá Íslendinga sem þar hafa búið. Nú hefur hann gefið út veglega bók um efnið.

„Það er svo gaman með okkur Íslendinga að þegar við komum til Kaupmannahafnar þá liður okkur oft eins og við séum komin heim jafnvel þó að fólk sé að koma þangað í fyrsta skipti. Það er einhver ósýnileg taug sem tengir okkur við Kaupmannahöfn. Þetta er auðvitað makalaus borg fyrir okkur Íslendinga því þarna gerðist saga okkar í 400 ár, á þínulítlu svæði sem var ekki stærra að flatarmáli en Viðey og Íslendingar tengjast því hverju götuhorni og næstum hverju húsi á einhvern hátt,“ segir Guðlaugur Arason rithöfundur sem var að gefa út bókina *Gamla góða Kaupmannahöfn* sem fjallar um sögu Íslendinga í Kaupmannahöfn auk þess sem hann tvinnar inn í frásögnina sögu borgarinnar.

Guðlaugur fluttist til Kaupmannahafnar fyrir fimmtán árum og hefur bókina verið í vinnslu síðan þá. Síðustu fimm árin hefur Guðlaugur boðið upp á gönguferðir um borgina auk þess sem hann hefur helgað sig skrifum bókanna.



sem hann segir hafa falið í sér mikla yfirlegu og grúsk. „Yfirleitt þegar ég skrifa eitthvað þá skrifa ég til að skemmta sjálfum mér en svo verður bara að ráðast hvort öðrum líkar við það eða ekki.“

Í gönguferðunum gengur Guðlaugur um borgina og fræðir fólk um Kaupmannahöfn og þá Íslendinga sem þar hafa búið. Gönguferðirnar eru á sunnudögum, þriðjudögum og miðvikudögum og hefjast við Ráðhúströppurnar, á Ráðhústorginu klukkan 13.00.

„Fyrst og fremst fjalla ég um sögu Íslendinga í Kaupmannahöfn, til dæmis þá Baldvin Einarsson, Fjölismenn, Bendikt Gröndal og Jón Sigurðsson. Við heimsækjum staði sem Íslendingar hafa búið á í kringum háskólahverfið og svo enda ég í Jónshúsi eða Kóngsins nýja Torgi en það fer allt eftir því hvernig veðrið og stemningin er.“

GAMLA GÓÐA KAUPMANNAHÖFN Bók Guðlaugs er 328 síður og prýdd fjölda mynda. Atriðis-orða- og heimildaskrá er aftast. Aftast er einnig yfirlit yfir bústaði nokkurra Íslendinga í Kaupmannahöfn, yfirlit yfir konunga Danmerkur og listi með gagnlegum heimilisföngum í Kaupmannahöfn. Bókin er því allt í senn ferðahandbók, skemmtirit og sagnfræðirit.

Svo blanda ég inn í þetta sögu Kaupmannahafnar og alls kyns fróðleik,“ segir Guðlaugur og bætir því við og sér finnst að gert hafi verið of lítið úr hlut Baldvins Einarssonar í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Bókin er byggð upp eins og uppflettirit, er í stafrófsröð eftir þeim 180 götum sem þar eru teknar fyrir. Svo fylgir umfjöllun um hverja götu fyrir sig á eftir hverju heiti auk ítarlegri umfjallana um einstök atriði eða menn í römmum þar til hliðar.

„Það hefur fest dálítið mikið við íslenska stúdenta í Kaupmannahöfn að þeir hafi verið svo drykkfellðir en þeir skáru sig ekki út frá öðrum sem þar voru, þetta er einhver godsögn sem Íslendingum þykir voða gaman að hafa eftir, en ég reyni ekki að halda þessari godsögn við í bókinni,“ segir Guðlaugur en segir að ekki sé mikið um drykkjusögur í bókinni, því Íslendingar kunni þær allar utanbókar og líklega séu þær nú tilbúningur hvort sem er.

„Við vitum svo lítið um sögu Kaupmannahafnar, þessarar gömlu höfuðborgar okkar. Við vitum að þarna hafi menn verið við nám og eitthvað slíkt en lítið meira en það og ég reyni að bæta úr því í þessari bók,“ segir Guðlaugur. ■

Leaves á Nasa

Hljómsveitin Leaves, sem hefur verið á tónleikaferð um Bretland, heldur tónleika á skemmtistaðnum Nasa á föstudag. Þar verða spiluð lög af nýjustu plötu sveitarinnar, *The Angela Test*, sem kemur út 15. ágúst á vegum Island/Universal Records.

Nú þegar hafa lögin Shakma og *The Spell* verið í spilun, en næsta smáskífulag *Good Enough* fer í spilun í næstu viku. Tónleikarnir á Nasa byrja klukkan 22.00 og er miðaverð 500 krónur. Forsala er hafin í Smekkleysu og í Skifunni á Laugavegi. ■



MAMMÚT Hljómsveitin Mammút spilar á Bar 11 í kvöld ásamt rokkveitinni Pan.

Pan og Mammút troða upp

Hljómsveitirnar Pan og Mammút spila á Bar 11 í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af Grapevine Bad Taste tónleikaröðinni. Pan gaf nýverið út plötuna *Virgins* og þykir afar efnileg rokkveit. Mammút vakti mikla athygli þegar hún vann Músiktilraunir, þar sem blanda hennar af listapoppi og hefðbundnara rokki þótti takast vel. Sveitin er að taka upp plötu sem kemur út fyrir júlín.

Annað kvöld spilar hljómsveitin Ske í Gallerí humar og frægð og á laugardag spila Úlpa og Lights on the Highway í Sirkusgarðinum. Þessir tónleikar eru einnig hluti af Grapevine Bad Taste tónleikaröðinni. ■

KAUPPAUKI

Vörur sem koma sér vel í sumar!

Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 3.990 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá í verðlaun þennan skemmtilega kaupauka sem myndin sýnir.

Um er að ræða sumarlega tösku, White Musk-húðnæringu (125ml), sturtusápu með melónukjarnaolíu (250ml) og ólífu-sápustykki (100g).

Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.

THE BODY SHOP™

Kringlunni Smáralind Akureyri



Nýjung frá Loréal
100% náttúruleg
sjálfbrúnkulína.

SUBLIME BRONZE

NÝTT Rakagefandi sjálfbrúnkulína, engir flekkir og hefur geislandi áhrif. Inniheldur AHA*.

- Jöfn og náttúruleg áferð.
- Fallega sólbrúnn og gylltur litur.
- Góður og frískandi ilmur.
- Gefur húðinni mýkt og raka.
- Klístrar ekki.

DERMO-EXPERTISE.

AF ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

15%
afsláttur



*AHA er ávaxtasýru efni sem viðheldur og framlengir fallega sólbrúnum lit.

RAKAGEFANDI SJÁLFBRUNKULÍNA

L'ORÉAL
PARIS

Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa Spöng, Kringlu, Smáralind, Skeifu og Akureyri.

STÓRDANSLEIÐUR
GRAFÍK
FÉLAGSHEIMILINU
HNÍFSDAL

LAUGARD.KVÖLD 23. 07.
FORSALA MIÐA HEFST Í HAMRABORG
FIMMTUDAG KL. 10.00
MIÐAVERÐ 2500
MIÐAVERÐ Í FORSÖLU 2200

18 ÁRA ALDURSTAKMARK

traffic
HAFNARGÖTU 30 - KEFLAVÍK

↓FÖSTUDAGUR↓ Frítt inn!
dj Víkingur

↓LAUGARDAGUR↓
1 árs afmæli
traffic
Í SVÖRTUM FÖTUM

dj Víkingur klárar ballið
Frítt að drekka milli kl. 22:00 og 00:30 eða meðan birgðir endast
Miðaverð kr. 1.500
20 ára aldurstakmark alla helgina

Túrhestaleikhús

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRD

On the Way to Heaven

Ferðaleikhúsið sýnir í Iðnó

Leikgerð: Kristín G. Magnús Leikstjórn: Christopher Shaer **Lýsing:** Lárus Björnsson **Búningar:** Dóróthea Sigurfinnsdóttir og Christopher Shaer **Leikarar:** Kristín G. Magnús, Bennett Thorpe og Þorleifur Einarsson **Leikráddir:** Ísak Ríkardsson og Nigel Hunt.

NIÐURSTAÐA: Sigild barátta góðs og ills þar sem kerlingin þrátt fyrir drykkjuskap og kvennafar bónda síns vill gera allt sem í sínu valdi stendur til að koma karlinum til himna. Í stuttu máli þá er leikgerðin stutt, einföld og hnitmiðuð þar sem boðskapur sögunnar kemst skýrt til skila. Áhorfendur geta brosað og hlegið að groddalegum tilsvörum Jóns og fengið samúð með Gunnu hans sem bróltir með skjóðuna upp um fjöll og firnindi upp á von og óvon.

Kristín G. Magnús hefur skapað sér einstaka sérstöðu í íslensku leikhúsi. Hún hefur skemmt erlendum ferðamönnum með sýningum leiknum á ensku í 35 ár. Efniviðinn hefur hún sótt í íslenska menningu, dans, þjóðtrú, rímnasöng, þjóðsögur og ævintýr. Árum saman hafði Ferðaleikhúsið aðstöðu í gamla Tjarnarbiói en hefur nú undanfarnin tvö sumur sýnt í gamla góða Iðnó.

Að þessu sinni er boðið upp á leikgerð af Gullna hliðinu eftir Davíð Stefánsson og í fljótu bragði virðist það grúpplagt. Gömul og góð rammíslenskt kómedía þar sem blandast saman þjóðsaga, hjátrú, sveitarómantik, hrjóstrug og miskunnarlaus íslensk náttúra að maður tali nú ekki um kveðskap upp á gamla móðinn þegar andskotinn sjálfur fer að heimta sálina hans Jóns. Sigild barátta góðs og ills þar sem kerlingin þrátt fyrir drykkjuskap og kvennafar bónda síns vill gera allt sem í sínu valdi stendur til að koma karlinum til himna. Í stuttu máli þá er leikgerðin stutt, einföld og hnitmiðuð þar sem boðskapur sögunnar kemst skýrt til skila. Áhorfendur geta brosað og hlegið að groddalegum tilsvörum Jóns og fengið samúð með Gunnu hans sem bróltir með skjóðuna upp um fjöll og firnindi upp á von og óvon. Íslensk fjallasýn í bakgrunni hjálpar til



ON THE WAY TO HEAVEN Valgeir Skagfjörð segir í dómi sínum að sér hafi virst sem leikhúsgestir hafi haft heilmikið gaman af sýningunni.

við að minna á hina hrikalegu fegurð landsins og nokkrir fróðleiksmolar um eitt og annað sem við kemur íslenskri menningu fær að fljóta með svona í bónus. Kannski ekki góð auglýsing fyrir íslenska karlmenn að lýsa þeim sem sveitadurgum sem geri lítið annað en heimta „brennivín“ í sífellu og á sama hátt að íslenskar konur séu upp til hópa sannkristnar, umburðarlyndar og leggi þrátt fyrir allt ofurást á þessa durta og dusilmenni, en hér er bara um skemmtilegt ævintýri að ræða og heyrði ég ekki betur en leikhúsgestir hefðu heilmikið gaman af öllu saman.

Kristín G. Magnús í hlutverki Gunnu gæddi persónu sína hjartahlýju og náði góðu sambandi við áhorfendur. Tálkun

hennar var einlæg og hún fylgdi öllu saman vel eftir með skýrri og góðri framsögn á sinni ensku. Í þetta skipti hefur hún fengið til liðs við sig breskan leikara, Bennett Thorpe sem leikur nánast alla aðra, hvort heldur þeir sjást á sviðinu eða hljóma sem raddir af bandi. Sá bregður fyrir sig ýmsum röddum og birtist í mismunandi gervum sem flest virka skemmtilega yfirdrifin og kómísk. Heldur þótti mér það til vansa að rödd Óvinarins skyldi vera flutt af bandi en ekki koma úr munni leikarans á sviðinu. Lýsing Lárusar Björnssonar var við hæfi og hljóðmyndin var sömuleiðis ágæt og sýningaruppstillingar yfirleitt góðar. Tímáningur hefur yfir sér einfaldan blæ og Gullna hliðið skilar sér vel til áhorfenda.

Uppselt á tónleika Emilíönu

Miðar á aukatónleika Emilíönu Torríni í Fríkirkjunni eru uppseldir. Að sögn Jóhanns Ágústssonar, starfsmanns 12 Tóna, fóru miðarnir um það bil tveimur klukkutímum.

Auk tónleikanna í Fríkirkjunni þriðjudagskvöldið 26. júlí kemur Emilíana fram á Nasa í

kvöld. Eftir það leggur hún land undir fót. Þeir borgarbúar sem svekkja sig nú yfir því að missa af Emilíönu í höfuðborginni gætu því þurft að bregða undir sig betri fætinum því enn er hægt að kaupa miða á tónleika söngkonunnar í Víkurbæ og Ketilhúsinu á www.midi.is. ■



PLAT Hljómsveitin Plat er nýkomin heim úr tónleikaferð um austurströnd Bandaríkjanna.

Heim frá austurströndinni

Rafhljómsveitin Plat, sem spilaði á Gauki á Stöng í gærkvöld á sérstöku Resonant-kvöldi, er nýkomin úr tónleikaferð um austurströnd Bandaríkjanna.

„Ferðin gekk mjög vel,“ segir Arnar Aðalsteinsson, annar meðlima Plat. „Við spiluðum í sautján borgum og áttum frábæra tónleika jafnframt því að eiga ekki svo góða. En þetta gekk mjög vel í heildina.“

Síðasta plata Plat, Compulsion, hefur fengið góðar viðtökur í Bandaríkjunum, þar sem aðalmarkaður sveitarinnar er. Hefur hún verið mikið spiluð í háskólaútvarpinu þar í landi og var meðal annars í ellefu vikur á topp 40 og í sex vikur á topp 20. Að sögn Arnars eru þeir félagar byrjaðir á næstu plötu og hafa sett stefnuna á að fara í tónleikaferð um vestrströnd Bandaríkjanna til að fylgja henni eftir. ■

Stjörur eftir Thomas MEYER, Charles STRONG & Marco CARLINI

Annie

í Austurbæ

2. sýn. fim. 21/7 kl. 19, sæti laus
3. sýn. sun. 24/7 kl. 14, uppselt
4. sýn. þri. 26/7 kl. 19, sæti laus

midi.is
551 4700 & 551 0200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á PAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
6. sýning 22/7, 7. sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

[METSÖLULISTI]

EYMUÐSSON
MÁL OG MENNING
PENNINN

ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

- 1 **MÓÐIR Í HJÁVERKUM** – kilja Allison Pearson
- 2 **KORTABÓK M OG M** Mál og menning
- 3 **LÆKNUM MEÐ HÖNDUNUM** Birgitta Jónsdóttir Klasen
- 4 **FIMMTA KONAN** – kilja Henning Mankell
- 5 **ALKEMISTINN** – kilja Paulo Coelho
- 6 **ÚTIVISTARBÓKIN** Páll Ásgeir Ásgeirsson
- 7 **ÍSLENSK FJÖLL** Ari Trausti Guðmundsson
- 8 **ELLEFU MÍNÚTUR** – kilja Paulo Coelho
- 9 **KLEIFARVATN** Arnaldur Indriðason
- 10 **UTAN ALFARALEIDA** Jón G. Snæland

BARNABÆKUR

- 1 **H. POTTER OG FÖNIXREGLAN** J.K. Rowling
- 2 **GALDRASTELPUR** – skólad.bók Vaka Helgafell
- 3 **GALDRASTELPUR** – Hliðin tólf Vaka Helgafell
- 4 **PANKASTRIK 1** Walt Disney
- 5 **GEITUNGURINN 1** Árni Arnas. og Halldór Baldurs.
- 6 **PANKASTRIK 3** Walt Disney
- 7 **BUBBI BYGGIR:** Hrappur dreki Diane Redmond
- 8 **BUBBI BYGGIR:** Snotra vin... Diane Redmond
- 9 **PANKASTRIK 2** Walt Disney
- 10 **H. POTTER OG ELDBIKARINN** J.K. Rowling

Listinn er gerður út frá sölu dagana 13.07. - 19.07.05 í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum.

Golfmót VISA 23. júlí



Punktakeppni með forgjöf og högggleikur án forgjafar

Vinningar:

Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í punktakeppni með forgjöf:

1. 100.000 Vildarpunktur frá Vildarklúbbi Icelandair til farseðlakaupa hjá ICELANDAIR
2. Flug fyrir tvo til einhvers áfangastaðar ICELANDAIR í Evrópu.
3. - 4. Vöruúttekt hjá **Hole in One** golfvöruverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í högggleik án forgjafar:

1. 100.000 Vildarpunktur frá Vildarklúbbi Icelandair til farseðlakaupa hjá ICELANDAIR
2. Flug fyrir tvo til einhvers áfangastaðar ICELANDAIR í Evrópu.
3. - 4. Vöruúttekt hjá **Hole in One** golfvöruverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

Náandarverðlaun á öllum par þrjú brautum.

Aukaverðlaun fyrir holi í höggi á 2. braut:

1.000.000 kr. innborgun á VISA-kreditkortid.

Allir keppendur fá teiggjöf og í mótslok verður dregið úr skorkortum þeirra sem verða á staðnum.

Skráning:

Mótið er haldið á velli **GKG, Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar**, við Vífilstaði laugardaginn 23. júlí nk. Einungis **VISA-kreditkorthafar** geta tekið þátt í mótinu. Hámarksforgjöf er 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Skráningargjald er 2.000 kr. og skuldfærast af VISA-kreditkortu leikmanns. Síðasti skráningardagur er 22. júlí.



Skráning og frekari upplýsingar hjá GKG í síma 565 7373.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ
18 19 20 21 22 23 24

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 12.00 Bandaríski stúlknaórin **Pennsylvania Girlchoir** syngur á hádegistónleikum sumartónleikaraðar **Hallgrímskirkju** undir stjórn Marks Anderson. Á efnisskrá kórsins eru m.a. norður-amerísk þjóðlög, söngvar indjana og kirkjutónlist, negrasálmur og kvekarasöngvar.
- 20.30 Orgeltónleikar í **Grundarfjarðarkirkju** með **Friðrik Vigni Stefánssyni** organista. Tónleikarnir hefja bæjarhátíðina Á góðri stundu í Grundarfirði, sem hefur skapað sér fastan sess á Snæfellsnesi.
- 21.00 Hljómsveitirnar **Pan** og **Mammút** halda tónleika á **Bar 11**. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í **Grapevine Bad Taste** tónleikaröðinni.
- 21.30 Trío **Sunna Gunnlaugsdóttur** með tónleika í **Ketilhúsinu**. Tríóið skípa þau Sunna Gunnlaugs á pianó, bandaríski trommarinn Scott McLemore og norsk bassaleikarinn Eivind Opsvik.
- 22.00 Hljómsveitin **MALUS** með tónleika í **Hressó**. Hljómsveitin leikur jassað popp, funk, r&b, jazz og blús.

Upplýsingar um vöruúrval Reykjarðs og uppskriftir er að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.holta.is



Reykjarður hf

www.holta.is



Reykjarður hf. · Fossháls 1 · 110 Reykjavík · Sími 575 6440 · 110 Reykjavík · Bréfasímar: 575 6490 · www.holta.is

SAMSUNG Digimax 402

- 4,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- 1,8" skjár
- 16 mb innra minni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslusett fylgir með
- Verð: **14.950 kr**

2.990 kr. á mánuði*

* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

SUNRISE: Eitt ástsælasta vínið

Nú er sumarið í hámarki og grilltíminn í algleymingi. Fátt er skemmtilegra en að bjóða til sín vinum og kunningjum í gott grill – nema ef til vill að vera boðið í eitt slíkt. Þá er alsíða að taka með sér flösku af einu góðu rauðvíni í slík boð, en hvernig á að velja rauðvín fyrir hóp af fólki sem fellur vel að bragðlaukum allra? Þá hentar Sunrise Cabernet Sauvignon einstaklega vel, enda eitt vinsælasta rauðvín á Íslandi og mest selda flöskuvín landsins. Sunrise Cabernet Sauvignon ilm- ar af brómberjum, sólberjum, þurrkuðum plómum og vanillu. Það hefur góða fyllingu, langvinnt bragð og hentar með öllu kjöti, pastaréttum og eins með ostum. Framleiðandi Sunrise – Concha y Toro – leggur mikið upp úr gæðum vína sinna, og hefur fyrirtækið verið valið vínframleiðandi ársins í nýja-heiminum af hinu virta vintímariti Wine Enthusiast. Sunrise Cabernet Sauvignon er gott vín á góðu verði, eins og vinsældir vínsins hafa leitt í ljós.



SAMUEL ADAMS:

Það er til góður bjór í Ameríku!

Nú er hann loksins fáanlegur aftur þessi sérdeilis prýðilegi bjór sem á uppruna sinn í Boston í Bandaríkjunum. Í vínubúðunum við Stuðlaháls og í Kringlunni fæst nú þessi bragðmikli bjór frá „Evrópuborg“ Bandaríkjana. Hér á landi kostar flaskan aðeins 199 krónur sem er hlutfalls- legra miklu lægra verð en í Bandaríkjunum þar sem kippa með sex



flöskum er seld á nánast sama verði og heill kassi (24 fl.) af fjöldaframleiddum bjór. Bjórvinir fagna endurkomu Samuel Adams því þessi bjór hefur mikið og sérstakt bragð sem fáir bjórframleiðendur í Bandaríkjunum geta státað af. Hér er á ferðinni vandað og bragðmikið öl úr úrvals hráefnum sem gefur fullan styrk og

bragðfyllingu. Samuel Adams á sér stóran hóp dyggra viðskiptavina hér á landi sem hafa kynnst vörunni í Bandaríkjunum. Þessi vara er því gott innlegg í vöruúrval vínubúðanna og uppfyllir óskir þeirra neytenda sem gera miklar kröfur um gæði. Öl fyrir kröfuharða björgæðinga!

Verð í Vínubúðum 199 kr. í 355 ml flöskum



gúrkusalsa

1 stór íslensk gúrka
3 íslenskir tómatar, þroskaðir
1 litill rauðlaukur
1/2 íslensk græn paprika
1/4 íslensk gul paprika, má vera rauð
1 sitróna
3 msk. ólífuolía
1/2-1 steinseljknippi, saxað
3-4 msk. graslaukur, saxaður (má nota vorlauk)
3/4 tsk. nýmalaður pipar, helst regnbogapipar (fimmlið piparblanda)
salt

Gúrkan skorin í litla teninga. Tómatarnir skornir í helminga, fræin skafin úr þeim með skeið og þeir síðan skornir í teninga. Rauðlaukurinn skorinn í litla bita og paprikurnar fræhreinsaðar og skornar í teninga. Öllu blandað saman í skál. Safinn kreistur úr sitrónunni og hrístur saman við olíu, steinselju, graslauk, pipar og salt. Hellt yfir grænmetið og blandað vel. Látið standa nokkra stund.

Borið fram t.d. sem meðlæti með grillmat eða steiktu kjöti eða fiski.

Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is



MAGNÚS F. ÓLAFSSON Magnús eyðir ófáum stundunum fyrir framan grillið með Maldon-saltið við höndina. Ólífuolían er aldrei langt undan.

Flottræflar láta ekki bjóða sér hvað sem er

Magnús Friðrik Ólafsson, meistararnemi í sálfræði, nefnir Kind á spjótum sem sína uppáhaldsuppskrift. Hann átti þó í nokkrum erfiðleikum með að velja eina uppskrift fram yfir aðra því Magnús er mikill matgæðingur. „Þetta er svona sumar- og stemningsmat sem fellur alltaf vel í kramið hjá gestum og fjölskyldu,“ segir Magnús. „Ég legg líka mikla áherslu á að hafa gott íslenskt hráefni.“

Magnús er afar liðtækur í eldhúsinu og sér um eldamennskuna á sínu heimili ásamt móður sinni. „Á hverju heimili er einn Grill-Guðjón og heima hjá mér er ég hann. Svo er ég í matgæðingafélagi með meiru sem kallast Flottræfilsfélagið, FRF, en það hefur fyrst og fremst það markmið að vikka út sjóndeildarhring meðlima varðandi mat og vín. Þetta er leynifélag, eingöngu skipað karlmönnum, en makar eru þó leyfðir á fundum einu sinni á ári,“ segir hann kíminn og vill lítið tjá sig um fjölda félagsmanna.

„Við fundum reglulega og þrófum okkur áfram í flóknari viðfangsefnum matargerðar. Hjá FRF er sósa til dæmis algjört bannorð því hún er svo alþýðleg. Í stað hennar búum við eingöngu til froðu eða „mousse“. Ég er þó ekki flottræfill alla

KIND Á SPJÓTI – FYRIR FJÓRA

Hráefni:
Fjögur löng stálspjót
1 kíló kindafille (án fitu)
1 rauðlaukur
1 rauð og 1 gul paprika
1 kúrbítur
sveppir
kirsuberjatómatar
Maldon-salt

Kryddlögur:

1 dl ólífuolía
Safi úr einni sitrónu
3 pressaðir hvítlauskgeirar
1 matskeið rósmarín
1 matskeið timjan
1 teskeið nýmalaður svartur pipar

Blandið hráefninu í kryddlöginn saman og látið kjötið liggja í leginum í nokkrar klukkustundir. Skerið rauðlauk, paprika og kúrbít í hæfilega bita og penslið með olíu. Raðið svo kjöti og grænmeti til skiptis á spjótin. Grillið spjótin á funheitu grilli í 5-10 mínútur og snúið 2-3 sinnum. Gott er að nota pottaleppa til að snúa því spjótin verða heit. Saltið með Maldon-salti í lok grilltímans. Maldon er lykilatriði, enginn ætti að grilla án þess.

Meðlæti:

Bakaðar kartöflur og gráðaostasósa

Kartöflur skornar í tvennt, penslaðar með ólífuolíu. Saltið með maldon-salti og bætið við örtiltum pipar. Bakið kartöfluhelmingana í ofni við 200 gráður í 40-60 mínútur. Gráðaostasósa: Myljið niður 75 grömm af gráðaosti og hrærið saman við eina dósa af sýrðum rjóma (10%).

daga því stundum þarf maður að sætta sig við ódýrari og einfaldari mat.

Magnús byrjaði að sýna matargerð sérstakan áhuga um tvítugt. „Þetta hófst allt saman þegar við keyptum gasgrill á heimilið fyrir fimm árum síðan. Það kunnir enginn heimilis- manna á gripinn svo ég tók þetta að mér. Þá vatt þetta upp á sig og ég fór af grillinu inn í eldhúsið. Mér finnst grillið þó alltaf skemmtilegast og þá er stórsteikin toppurinn. Þegar ég er með eina slíka á grillinu líður mér eins og sönnum karlmanni,“ segir Magnús grafalvarlegur.

Eins og sannur flottræfill lætur Magnús ekki bjóða sér hvað sem er. „Persónulega myndi ég aldrei elda úr kjötfarsi því það samræmist ekki hugmyndum mínum um gott hráefni. Við höfum þó einu sinni haft pólskar pylsur á fundi hjá FRF. Það var því gerð undan- tekning, en lykilatriði hér eru „pólskar“ sem þær þurftu að vera til að komast í gegnum nál- araugað. Svo vil ég bara enda á því að minna á Hásumarþing FRF á föstudagskvöld svo taki það til sín sem eiga,“ segir hinn ungi ástríðukokkur sem þegar hefur hafist handa við undirbú- ing.

soleyk@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN BORGAR ÞÓR EINARSSON LÖGMAÐUR

Hrefnukjöt í mestu uppáhaldi

Hvaða matar gætir þú síst verið án?
Ég gæti ekki lifað án rauðs kjöts.

Fyrsta minningin um mat?
Það var þegar stórfjölskyldan safnaðist saman á sunnudögum heima hjá ömmu og afa á Skólabraut. Þar var boðið upp á eka gamaldags lamba- hrygg, sem var kryddaður með Season All, og brúnni sósu. Í þá daga var lítið um ólífuhvítlaukstímjan þælingar.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Síðasta máltíð er alltaf sú besta. Ég er rosalega veikur fyrir rauðu kjöti og núna er hrefnukjöt í mestu uppáhaldi hjá mér. Ég prófaði að grafa hrefnukjöt um daginn og það toppaði allt. Annars hef ég bæði grillað það og steikt og það var líka mjög gott.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Já, mér finnst allur matur vondur sem er mikið eldaður, mauksoðinn, bragð- laus og litlaus. Þegar ég var staddur í Króatíu um daginn fékk ég nánast bara mauksoðinn og bragðlausan mat.

Leyndarmál úr eldhússkápnum?

Það er að eiga alltaf Tabasco-sósu. Ég elda mikið pasta og ef ég finn að eitthvað er að klúðrast hjá mér í eldhúsinu set ég nógu mikið af Tabasco-sósu út á. Hún er svo sterk að enginn finnur bragð af matnum!

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Það fer eftir í hvaða ástandi ég er. Stundum þarf ég ákaflega mikið á sóðamat að halda. Ég er í eðli mínu afar latur við að borða grænmeti, en mér líður þó alltaf mjög

vel þegar ég geri átak í grænmetisáti.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum?

Ég á yfirleitt alltaf mjólk, en ég er líka mjög hrifinn af mysu og drekk mikið af henni.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?

Á háskólaárunum lífið ég á núðlusúpu og túnfiski í olíu því það var það eina sem framfærslumörk stúdentálnanna buðu upp á. Ætli ég tæki ekki þetta tvennt með á eyðieyjunna.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Á dögum var ég í heimsókn á Höfn í Hornafirði. Þar borðaði ég þurkaða smálúðu sem bragðast ekki ólíkt og harðfiskur, en þó var bragðið svoltíð skrítið, í það minnsta svona í fyrsta sinn. Ég upplífi þetta oft þegar ég smakka rétti í fyrsta skipti, mér fannst ostrur til dæmis frekar skrítnar fyrst.



DEAKIN ESTATE: Sumartilboð í júlí á góðum vínnum



Deakin Estate er framleitt í Victoria, einu frjósamasta og gjöfulasta svæði Ástralíu. Vín Deakin úr Cabernet Sauvignon-þrúgunni þykir afar kraftmikið og blaðið Herald Sun segir að það sé óvenjulega kraftmikið og sérstakt og endurspeglir einkenni svæðisins betur en algengt sé um áströlsk vín.

Þetta vín er bragðmikið þar sem fram koma þroskuð ber með eikarívafi. Þetta vín er gott til neyslu núna en má vel geyma í allt að þrjú ár. Fer vel með öllu grilluðu kjöti, lamba-, svína- og nautakjöti, einnig gott með grilluðum krydduðum kjúklingi.

Verð í Vínúðum 1.290 kr.

Deakin Estate vínin hafa hlotið góðar viðtökur hérlandis frá því að þau komu á markaðinn nýlega. Því hefur innflytjandi þeirra ákveðið að lækka verðið á tveimur vínanna um 100 kr. í júlímánuði til að kynna þau enn frekar.

Rauðvínið Deakin Estate Shiraz Cabernet er blanda úr þessum kraftmiklu þrúgum. Afar gott vín með lambakjöti og er auðdrekklegt eitt og sér.

Ástralal hafa löngum verið kunnastir fyrir hvítvín sín, sérstaklega úr þrúgunni chardonnay. Deakin Estate Chardonnay er ljúffengt silkimjúkt hvítvín með angan af ferskum ferskjum og melónu með eikarívafi. Á grill-

inu í sumar fer þetta vín vel með fiskréttum, og þolir vel sítrónu í réttinum, kjúklingi, hvítu kjöti og svo salati. Gott með mildum ostum. Vinið hefur eins og mörg vín frá Deakin Estate fengið afar góða dóma. Þannig gefur vinskribentinn Mike Frost því 88 í einkunn og telur það sérstaklega góð kaup og undir það tekur Paddy Kendler í Herald Sun, sem gefur því fjórar stjörnur í einkunn.

Lækkað verð í Vínúðum 1.090 kr.



VEITINGASTAÐURINN

HÓTEL BÚÐIR
Á SNÆFELLSNESI



Leyndarmál í sveit



Hvernig er stemningin? Ef þú vilt upplifa sannkallaða sælu er málið að bruna á Snæfellsnes. Veitingastaðurinn er ákaflega smart, hlýlegur og heimilislegur. Ekki er hægt að kvarta undan þjónustunni sem getur verið afar persónuleg ef það er lítið að gera. Skemmtilegt að gera sér dagamun með því að gista á Hótel Búðum og dekra við sig í mat og drykk á veitingastaðnum.

Matseðill: Íslenskt þema umlykur matseðillinn. Forréttamatseðillinn er sérlega girnilegur með tilheyrandi humarhólum, hval-tataki með sojasósu, áli og gæsalifur, grilluðum geitaosti í hráskinku og svo mætti lengi telja. Kvöldverðarseðillinn er heldur ekki af verri endanum með lambi, nauti og ýmsum fiskréttum. Veitingastaðurinn býður upp á lið sem heitir Kenjar kokksins, þar er um að ræða fimm rétta máltíð þar sem hver rétturinn á fætur öðrum bráðnar í munnum.

Vinsælast: Að sögn forsvarsmanna staðarins stendur enginn einn réttur upp úr heldur eru allir jafn vinsælir.

Réttir dagsins: Í hádeginu er boðið upp á fisk og súpu dagsins. Súpan kostar 750 og fiskurinn kostar 1.650.



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

20.000 GESTIR Á 7 DÖGUM!

GERIR MADAGASCAR AÐ VINSÆLUSTU MYND ÁRSINS, VIÐ ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

BEN STILLER CHRIS ROCK DAVID SCHUMMER JADA PINKETT SMITH

FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK OG Shark Tale

★★★★★
KVIKMYNDIR.IS

★★★★★
S.V. MBL

★★★★★
STEINUNN, BLAÐIÐ

DREAMWORKS

MADAGASCAR

www.madagascar-themovie.com

ÞAU VORU EKKI FÆDD Í ÖBYGGÐUM... ÞAU VORU FLUTT ÞANGAÐ

VINSÆLASTA MYND ÁRSINS KOMIN Í BIÓ!

REYKJAVÍK · KEFLAVÍK · AKUREYRI · SELFOSSI

Cocoa Puffs LAUKARAS BIO Hjúskaparnir

„I've seen things you people wouldn't believe. Attack ships on fire off the shoulder of Orion. I watched C-beams glitter in the dark near the Tannhauser gate. All those moments will be lost in time, like tears in rain. Time to die.“

- Velmennið Roy Batty af Nexus 6 gerð sýnir og sannar að í honum leynist mannleg taug og rómantiker áður en hann geispar golumni í hinna mögnuðu Blade Runner.

bíó


bio@frettabladid.is

Hvergi af baki dottinn

Þrátt fyrir að hafa verið að í rúmlega fjörutíu ár þá er **Burt Reynolds** enn að. Hann hóf feril sinn í kúrekasjónvarpsþáttum um miðjan sjötta áratuginn. **Reynolds** var ekki mikið að færa sig út fyrir það svið á hvíta tjaldinu og lék yfirleitt hálfhjóna í myndum á borð við *Navajo Joe* og *Sam Whiskey*. Það var ekki fyrr en leikstjórinn **Jon Boorman** fékk **Reynolds** til að leika *Lewis Medlock* í *Deliverance* að stjarna leikarans fór að rísa svo um munaði.

Hann varð að kyntákni áttunda áratugarins og kom meðal annars fram hálf-nakinn á forsiðu *Cosmopolitan*. Lífið lék við **Reynolds** sem lék í vinsælustu myndunum og átti fallegustu kærusturnar. Þó að einhverjir kunni að hafa sínar mendingar um leikhæfileika hans leyfir sér enginn að efast um

sterka nærveru leikarans á kvikmyndatjaldinu. Þegar líða tók á níunda áratuginn fór hins vegar að halla undan fæti hjá **Reynolds** og myndir hans trektu ekki jafn vel að. Þá lenti hann í mjög erfiðu skilnaðarmáli við fyrrverandi konu sína, **Loni Anderson** þar sem þau áttu í hatrammi forræðisdeilu. Hann hvarf af sjónarsviðinu í nokkur ár og lék í nokkrum meðalmyndum. Hann stökk síðan fram á sjónarsviðið, bjargaði hinni arfaslöku *Striptease* sem drykkfelldur stjórnmálamaður. Nafn **Reynolds** var aftur á allra vörum. Hann hlaut sína fyrstu Óskarstílnefningu sem klámmyndaleikstjórinn í *Boogie Nights*. Þrátt fyrir að myndir hans séu yfirleitt ekki listræn meistara-stykki þá hefur nafn **Reynolds** verið ágætis trygging fyrir góðri skemmtun.



BURT REYNOLDS Þessi suðuríkjamaður var án nokkurs vafa kyntákn áttunda áratugarins.

EKKI MISSA AF...

... *Sin City* en þessi magnaða aðlögun myndasagna Franks Miller að hvíta tjaldinu er ein besta glæpamynd sem rekið hefur á fjörur kröfuharðra bíógesta í háa herrans tíð. Þeir sem þola groddalegt teiknimyndasöguöfubeldi í risastór um skammti mega alls ekki láta þessa snilldar ræmu fram hjá sér fara. Ekki spillir svo fyrir að leikarahópurinn er óvenju sterkur og glæsilegur þar sem eðaltöffarar af báðum kynjum fara mikinn.



Salles í djúpu, dimmu vatni

Hrollvekjan *Dark Water* var frumsýnd í vikunni. Myndin er endurgerð samnefndrar japanskrar hryllingsmyndar en að þessu sinni heldur brasilíski verðlaunaleikstjórinn **Walter Salles** um taumana. **Þórarinn Þórarinnsson** ræddi við hann um gerð myndarinnar.

Sýn Japana á drauga og hið yfirnáttúrulega er í tísku um þessar mundir og stóru kvikmyndaverin í Hollywood keppast við að endurgera japanskar hryllingsmyndir sem hafa verið að gera það gott. Þannig höfum við undanfarið fengið amerískar útgáfur af *The Grudge* og *Ringu* myndunum í *The Ring* og *Ring 2*.

Það þarf því engum að koma á óvart að japanski hrollurinn *Honogurai mizu no soko kara*, eða *Dark Water*, hafi fylgt í kjölfarið. Japanska myndin er frá árinu 2002 og er gerð af þeim sömu og slógu í gegn með *Ringu* og *Ringu 2*.

Dark Water segir frá einstæðri móður sem stendur í forræðisdeilu við fyrrverandi eiginmann sinn og flytur með litla dóttur sína í hrörlega blokk. Atburðarásin hefur að sjálfsögðu verið færð frá Japan til New York og óskarsverðlaunaleikkonan **Jennifer Connelly** tók að sér að leika aðalhlutverkið.

Draugagangur á efri hæðinni

Mæðgurnar eru varla fluttar inn þegar það kemur á daginn að það er ekki allt með felldu í blokkinni. Vatn drýpur niður í íbúð þeirra af hæðinni fyrir ofan en þar býr enginn. Allt útlit er fyrir að um draugagang sé að ræða en **Connelly** getur þó ekki treyst skilningarvitum sínum enda má hæglega draga geðheilsu hennar í efa.

Hún gerir þó allt sem hún getur til þess að leysa ráðgátuna og vernda dóttur sína fyrir ógnaröflunum sem flæða í stöðugt auknum mæli inn í íbúðina og yfir mæðgurnar.

Það vakti að vonum mikla athygli þegar brasilíski leikstjórinn **Walter Salles** tók að sér að leikstýra bandarísku endurgerðinni. Hann var tilnefndur til Ósk-



JENNIFER CONNELLY Kemst heldur betur í hann krappan þegar hún flytur með unga dóttur sína í hrörlega íbúð í draugablokk.

arsverðlauna sem framleiðandi hinnar mögnuðu brasilísku myndar *City of God* og leikstýrði síðan Mótörhjóladaðgökonum sem hefur farið sigurför um heiminn.

Ekki mikið fyrir hrylling

Salles sagðist í samtali við Fréttablaðið í vor ekki vera mikið fyrir hryllingsmyndir og hann hefði alls ekki nálgast *Dark Water* sem slíka. „Ég legg mesta áherslu á félagslega einangrun og samband mæðganna en sá þáttur handritsins höfðaði sterkast til mín.“ **Salles** neitar því þó ekki að um sálfræðitrylli sé að ræða þótt áherslur hans séu aðrar. „Ég hef engan sérstakan áhuga á hrollvekjum og blóðbaði,“ segir hann en fannst þó sjálfsagt að taka verkið að sér og feta svipaðar brautir og **Stanley Kubrick** í *The Shining*, **M. Night Shyamalan** í *The*

Sixth Sense og **Alejandro Amenábar** í *The Others* og einblína á mannlega þáttinn og fjölskyldudramað í hryllingnum.

Salles segist jafnframt vera mátulega hrifinn af því að starfa í Hollywood og hefur ekki í hyggju að setjast þar að. „Ef ég fór með annan fótinn til Hollywood með *Dark Water* þá steig ég strax aftur út. Nú langar mig að fara aftur heim til Brasilíu og gera ódýra mynd um þriðjudeildar lið í fótbolta,“ segir **Salles**. Hann bætur því svo við að hann hafi haft virkilega gaman að gerð *Dark Water*. „Það var ekki síst að fá þetta tækifæri til þess að vinna með þessum frábæru leikurum,“ segir hann og hrósar **Jennifer Connelly** og **Tim Roth** sérstaklega en fyrir utan þau koma eðalleikararnir **John C. Reilly** og **Pete Postlethwaite** við sögu í myndinni. ■

SÉR OG HEYRT Besta dagskráin!
SUMARBLAÐIÐ BARA 499 KR.

Ragnheiður Guðfinna og Arnar Grant:
HEILBRIGÐ OG HRESS SAMAN!
 Linda Ásgeirsdóttir leikkona blómstrar í sumar:
Nýjorðin mamma!
LJÓMAR MEÐ LITINN PRINS! Elin Anna og Matthew Platt:
 Akureyringurinn Heigi Hrafn:
 Auðunn Blöndal óheppinn:
 Sjálf myndmar!
SJÓÐHEIT PÓLTAPAR!
 FÉKK JÓJO Í AUGAÐ!
 Aldrei leiðindi í SÉR OG HEYRT

Gerir lífið skemmtilegra!

SMS LEIKUR
 9. HVER VINNUR.

SENDU SMS SKEYTID BTC MGF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.

VINNINGAR ERU:
 • MIDJAN FYRIR TVO Á MADAGASCAR
 • SHARK TALE Á DVD
 • SHREK 2 Á DVD
 • GLÆSILEGUR VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI T.D. FLOTTIR BOLIR
 • COCA COLA
 • OG ENN MEIRA AF DVD OG SKEMMTILEGU DÓTI

MADAGASCAR
 FRÁ FRAMLEIÐENDUM SHREK 2 & SHARK TALE

FRUMSÝNDAR UM HELGÍNA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



Dark Water
 Internet Movie Database 5,4 / 10
 Rottentomatoes.com 42 % / Rotten Metacritic.com 6,0 / 10



The Longest Yard
 Internet Movie Database 6,2 / 10
 Rottentomatoes.com 30 % / Rotten Metacritic 6,1 / 10



The Perfect Man
 Internet Movie Database 4,4 / 10
 Rottentomatoes.com 6 % / Rotten Metacritic 3,5 / 10



ROCK, REYNOLDS OG SANDLER Þeir félagar reyna að stilla saman strengi samfanga sinna og fá þá til að sigrast á fangavörðunum.

Fangar leiddir til sigurs

The Longest Yard með Adam Sandler er endurgerð tæplega þrjátíu ára gamallar myndar með Burt Reynolds. Paul Crewe var þá og er enn vandræðagæmi úr NFL-deildinni. Í nútímaútgáfunni lendir hann upp á kant við kærustu sína og rústar bílinn hennar með eftirminnilegum hætti í beinni útsendingu. Þetta leiðir til þess að hann er settur í fangelsi með nokkrum af harðsvíruðustu glæpamönnum Bandaríkjanna. Ofan á allt er Paul fenginn til að setja saman ruðningslið sem á að vera boxpúði fyrir fangaverðina. Paul nýtur þó liðsinnis þjálfarans Nate Scarborough og saman ná þeir að stappa stálinu í „leikmenn sína“. Ekki skemmir fyrir að þarna fá

fangarnir kærkomið tækifæri til að berja aðeins á fangavörðum sínum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem að fangar fá tækifæri til að borga fyrir sig. Eftirminnilegt er þegar Vinnie Jones mætti í heldur ófrýnilegt fangelsi og leiddi samfanga sína til sigurs í myndinni Mean Machine. Þá var það kannski heldur ógeðslegra þegar ungu strákarnir í Sleepers unnu bug á kveljurum sínum í ruðningi.

Auk Sandler og Reynolds fer vélbyssukjafurinn Chris Rock með stórt hlutverk í myndinni. Þá leikur James Cromwell fangelsisstjóran og rapparinn Nelly leikur þarna sitt fyrsta stóra hlutverk á hvíta tjaldinu. ■



HILARY DUFF OG HEATHER LOCKLEAR Holly reynir af öllum sálarkröftum að koma móður sinni í kynni við hinn fullkomna mann. Fyrir valinu verður Ben, frændi vinkonu hennar.

Hver er hinn fullkomni eiginmaður?

Sambíóin hafa tekið til sýningar myndina The Perfect Man með Heather Locklear og unglingsstjórnum Hilary Duff. Myndin segir frá Jean Hamilton sem hefur alið dætur sínar tvær upp á eigin spýtur. Þær hafa aldrei liðið skort, allt er eins og það á að vera... ef undanskilin eru ástarmál mömmunnar.

Þannig er nefnilega mál með

vexti að mamman virðist alltaf hitta einhverja lúða og neyðist til að flytja úr hverri borginni af fætur annarri svo hún jafni sig á ástarsorginni. Það kemur svo að því að elsta dóttirin Holly ákveður að stíga niður fæti. Hún reynir að gera allt sem í sínu valdi stendur til að koma í veg fyrir að fjölskyldan flytjist á brott einu sinni enn. ■

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Ný tromla*
Miele fer betur
með þvottinn

*einkaleyfi Miele

Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428
Tilboð:
kr. 89.900

Miele T233C þurrkari barkalaus
Verð áður kr. 115.400
Tilboð:
kr. 80.781

Miele T223 þurrkari fyrir útblástur
Verð áður kr. 98.800
Tilboð
kr. 69.160

Miele

vilborga@centrum.is

Miele
þvottavélar,
þurrkarar
og ryksugur
á einstöku
tilboðsverði

30%
afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

EIRVÍK

– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótór
Verð áður kr. 21.300

Tilboð:
kr. 14.910

Miele Tango ryksugur, Miele W405 þvottavél ásamt Miele T233C og Miele T223 þurrkurum fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI

Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN

Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Hilary Duff Heather Locklear Chris Noth

The Perfect Man

UNIVERSAL PICTURES PRESENTS A MARIO PLATT PRODUCTION A MARIO PLATT FILM HILARY DUFF HEATHER LOCKLEAR CHRIS NOTH "THE PERFECT MAN" CHRIS NOTH MARY ELMALEY AND CHRISTOPHER DUCK WITH MARIO STEVE REVELL AND CARA STEPHANOS BY MARIO PLATT STEPHANOVICH ANDREW JOHN B. LERETTO AND JEREMY HARRIS ADAM STEEL MARIO PLATT DAWN WOODRUM SIOBHAN DUFF AND MICHAEL MCGUINNESS AND HEATHER ANDERSON & KATHARINE DUFFEY

Létt 96.7

KOMIN Í BÍÓ!



JOSEPHINE MILLER, JUDE LAW OG SIENNA MILLER Hér er Jude með unnustu sinni og tengdamóður á meðan allt lék í lyndi.

Jude heldur framhjá Siennu

Trúlofun breska hjartakúsarans Jude Law og tiskugyðjunnar Sienna Miller hangir nú á bláþræði eftir að hann játaði að hafa átt í ástarsambandi við barnfóstru barna sinna Daisy Wright. Jude gaf út yfirlýsingu þar sem hann viðurkendi opinberlega að sambandið við fóstruna hefði átt sér stað í byrjun árs á meðan hann lék í kvikmyndinni All The King's Men.

Daisy sagði frá sambandinu í ítarlegu viðtali á sunnudag í breska blaðinu Sunday Mirror. Þar greindi hún frá því að það hefði hafist í mars þegar hún var fengin til að gæta eins af þremur börnum sem Jude á með fyrverandi eiginkonu sinni, Sadie Frost. Barnið, sem ekki hefur verið nafngreint, gekk inn á föður sinn í rúminu með barnfóstrunni.

Barnið kemur að þeim

„Kynlífið var hreint út sagt ótrúlegt því Jude er frábær elskhugi og veit hvernig á að fullnægja konu. Við vorum saman í rúminu eitt kvöld þegar ég heyrði hurðina opnast og skyndilega var barnið komið inn í herbergið. Jude reis upp og þá sagði barnið: „Pabbi, ég er með martröð.“ Jude sagði ekkert að óttast og um leið og barnið fór út, hófum við samfarirnar aftur,“ sagði barnfóstran.

Barnið sagði móður sinni frá því sem það sá

og Sadie rak Daisy nánast samstundis. Þar með lauk ástarsambandinu.

Sienna óvinnufær

Jude og Sienna kynntust við tókur á myndinni Alfie og hafa verið saman í tvö ár. Vinir þeirra segja þau vera að reyna að vinna sig í gegnum þetta leiðinlega mál. Josephine Miller móðir Siennu segir hana vera of reida til að gráta. Hún hefur einnig tekið niður trúlofunarhringinn sem Jude gaf henni. „Sienna er bæði sár og svikin. Okkur hefði aldrei nokkurn tíman dottið í hug að hann gæti gert slíkt. Ég vil ekkert segja um það hvort þau haldi áfram að vera saman,“ sagði Josephine.

Sienna hefur þurft að taka sér frí frá vinnu vegna ástarsorgar en hún leikur um þessar mundir eitt

Í YFIRLÝSINGU JUDE SEGIR MEÐAL ANNARS:

„Í kjölfar umfjöllunar í blöðunum í dag [sunnudag] vil ég segja að ég er þjakaður af eftirsjá og skömm þar sem ég hef sært Siennu og það fólk sem stendur okkur næst. Ég vil opinberlega biðja Siennu afsökunar og fjölskyldur okkar beggja fyrir allan sársaukann sem ég hef valdið. Hegðun mín er óverjandi og ég óska þess að fólk sýni okkur nærgætni á þessum erfiðu tímum“.

aðalhlutverkið í leikritinu As You Like It í West End leikhúshverfinu í London. „[Sienna] hefur átt mjög erfitt þar sem einkalíf hennar hefur verið í sviðsljósinu,“ sagði David Lan leikstjóri sýningarinnar þegar hann tilkynnti fjarveru hennar.

EKKI Í FYRSTA SKIPTI

Aðeins mánuður er síðan skilnaður Jude við Sadie Frost gekk í gegn og ein ástæða skilnaðarins var meint framhjáhald Laws. Jude og Sienna hafa þurft að ganga í gegnum erfiða tíma undanfarið vegna skilnaðarins og þessar fréttir eru því enn eitt reiðarslagið fyrir sambandið. „Sienna treystir sér ekki út úr húsi, nú þegar allur heimurinn veit hvað Jude gerði henni. Jude er allveg í rusli og það versta við það er að hann getur aðeins sjálfum sér um kennt,“ sagði vinur leikarans.

soleyk@frettabladid.is



PEARL LOWE OG SADIE FROST Sadie er fyrverandi eiginkona Jude en þau skildu að borði og sæng fyrir tveimur árum. Pearl var ein besta vinkona Sadiear en það slettist heldur betur upp á vinskapið þegar Jude og Pearl áttu í stuttu ástarsambandi á meðan bæði voru enn gift.

Átta tónleikar á fjórum dögum

Rokkduettinn Hot Damn! leikur á átta tónleikum á fjórum dögum á næstunni. Þeir félagar Smári „Tarfur“ og Jens Ólafsson ætla að koma við á Vestfjörðum og Norður-, Suður- og Vesturlandi á reisu sinni um landið.

Sjálfir segjast þeir vera dreifbýlisdurtaf og líður þeim því vafalítið eins og heima hjá sér á tónleikunum. Að sögn Smára verður spilað

tvisvar sinnum í hverjum bæ til að sinna þeim krökkum sem komast ekki inn á vínveitingastaðina. „Það er mjög gaman að standa í þessu og þetta hefur smolið sterkt saman hjá okkur enda erum við með mjög svipaðan áhuga á tónlist. Það er þessi gamaldags stemning sem er hæst metin hjá okkur,“ segir Smári. „Það er líka gaman að vera bara tveir því þá getum við leyft okkur að detta í svo rosalegan filing.“

Hot Damn! hélt nýverið útgáfutónleika á Kviabryggju vegna plötunnar The Big'n Nasty Groove'O Mutha. „Það var kærkomin tilbreyting að spila á stað þar sem allir hlustuðu. Það voru allir 100% einbeittir að hlusta og spyrja út í lögin. Við eigum allveg pottþétt eftir að gera eitthvað svona aftur.“ Svo gæti farið að tónleikarnir verði gefnir út á vinyll en það kemur í ljós síðar.

Frítt verður inn á alla átta tónleikana og geta tónleikagestir jafnframt keypt nýju plötuna með góðum afslætti. ■



HOT DAMN! Rokkduettinn Hot Damn! ætlar að halda átta tónleika á næstu dögum.

TÓNLEIKAFERÐ HOT DAMN!

Fimmtudagur 21. júlí kl.16.00:	Afmælishátíð Götusmiðjunnar
Fimmtudagur 21. júlí kl.21.00:	Unglist-hátíð á Hvammstanga
Föstudagur 22. júlí kl. 20.00:	Félagsmiðstöðin X-ið í Stykkishólmi
Föstudagur 22. júlí kl. 22.00:	Narfeyrarstofa í Stykkishólmi
Laugardagur 23.júlí kl. 17.00:	Porpið á Patreksfirði
Laugardagur 23. júlí kl.22.00:	Porpið á Patreksfirði
Sunnudagur 24. júlí 18.00:	Félagsmiðstöðin í Ólafsvík
Sunnudagur 24. júlí 21.00:	Hótel Ólafsvík



SIGUR RÓS Frá tónleikum Sigur Rósar í Frikirkjunni. Sveitin er um þessar mundir á tónleikaferð um Evrópu til að kynna efni sinnar nýjustu plötu.

Sigur Rós er gimsteinn Geffen

Nýverið var birt stór grein um hljómsveitina Sigur Rós í bandaríska dagblaðinu L.A. Times í tilfni af útkomu plötunnar Takk þann 13. september.

Í greininni er rætt við Jordan Schur, forseta Geffen-plötufyrirtækisins, sem gefur plötuna út í Norður-Ameríku. „Við erum bara ánægðir að hafa þá með okkur í liði,“ segir Schur um Sigur Rós. „Þeir eru eins og gimsteinn og við viljum ekki gera neitt til að eyðileggja hann.“

Að sögn Schur ætlar Geffen að leggja meiri áherslu á að kynna nýju plötuna en áður, enda seldist sú síðasta, (), í 250 þúsund eintökum í Bandaríkjunum. „Ég hef farið nokkrum sinnum til Íslands og drukkið með þeim alla nóttina,“ bætir hann við. Hann segir að hann hafi, ásamt samstarfsmönnum sínum, átt fundi með Sigur Rós og umboðsmönnum þeirra í Los Angeles og New York þar sem rætt hafi verið um það hvernig kynningarherferð plötunnar ætti að vera. „Umboðsmennirnir sögðu mér að þetta væri í fyrsta sinn sem þeir [Sigur Rós] hefðu hist fyrir útgáfu á plötu til að ræða hvað ætti að gera í framhaldinu. Þeir hafa aldrei staldrað við og leitt hugann að því hvernig eigi að markaðssetja plötunna sínar,“ segir hann og virðist mjög undrandi.

Schur bindur miklar vonir við Sigur Rós í framtíðinni og nefnir sem dæmi um styrk hljómsveitar-

innar að hún spili á hinum fræga tónleikastað Hollywood Bowl í haust. Hann ætlar samt ekki að hvetja sveitina til að semja vinsældavænni tónlist en áður. „Við verðum að horfast í augu við það að tónlistarbransinn er einn stór leikur,“ segir hann. „Þú verður að semja lag sem nær vinsældum, búa til frábært myndband, fara í tónleikaferð og skapa læti í kringum þetta allt. En ef þú ætlar að vinna þá [meðlimi Sigur Rósar] á þitt band skaltu ekki leika þennan leik.“

Georg Holm, bassaleikari Sigur Rósar, segir í sömu grein að nýja platan sé jákvæðari en sú síðasta. Gefur hann jafnframt í skyn að þreytumerki hafi sést á mörgum lögunum á síðustu plötu því þau hafi verið spiluð mikið á tónleikum áður en þau voru tekin upp. „Í þetta sinn ákváðum við að spila ekki nýju lögin á tónleikunum. Þannig myndum ekki hafa hugmynd um hvert við ætluðum með þau þegar við færum í hljóðver og í framhaldinu gætum við verið meira skapandi og skemmt okkur betur.“

Georg segir litlar líkur á að Sigur Rós fíki sig úr jaðrinum og verði vinsældavænni, aðallega vegna lengd laganna. „Reyndar er eitt fjögurra mínútna lag á plötunni sem er hugsanlega poppaðasta lagið okkar til þessa,“ segir hann. „Þannig að það er aldrei að vita.“

freyr@frettabladid.is

EMILJANA TORRINI
FISHERMAN'S WOMAN



Við þökkum landsmönnum
góðar viðtökur
um leið og við óskum Emiljónu Torrini
til hamingju með Gullplötuna!

12 Tónar

Skólavörðustíg • 15 511-5656

Stuðmenn
& Hildur Vala

NASAA

LAUGARDAGINN 23 júlí

Miðaverð kr. 1500



ásamt blásapasveit Jafnár

Íslandshott 2005

Skáning á islandshott.is

Viðskiptavinir Íslandsbanka fá 20% afslátt af miðaverði



SMÁRA BÍÓ

SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS
FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

ADAM SANDLER **CHRIS ROCK**

THE LONGEST YARD

Nú eru það fangarnir gegn vörðunum!

FM 957 BÍÓ.IS

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 • Sýnd í lúxus kl. 5.30 og 8

Sýnd kl. 3.30 og 5.45

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40
Sýnd í lúxus kl. 10.40 B.I. 16 ára

porir þú í bíó?

Sýnd kl. 4

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ára

Sýnd kl. 10.20 B.I. 10 ára - Síðustu sýningar

